

Forstöðumenn fá allt að 48% hækkun launa

Kjararáð hækka laun valinna nefndarformanna og forstöðumanna um tugi prósent. Hækkunin bætist við almenna launahækkun. Forstjóri Útlendingastofnunar bar við óvæginni umræðu í fjölmiðlum.

KJARAMÁL Laun forstöðumanna nokkurra ríkisstofnana hækka um tugi prósent eftir nýja úrskurði kjararáðs. Hækkunirnar ná allt aftur til 1. desember 2014 og koma ofan á 7,15 prósent almenna launahækkun sem tók gildi 1. júní.

Mest hækka laun Hjartar Braga Sverrissonar, formanns kærunefndar útlendingamála, eða um 48 prósent að meðtalinni hinna almennu launahækkun. Laun Hjartar hækka einnig afturvirkir frá 1. desember 2014, þegar nefndin tók til starfa. Aðrar launahækkunir eru einnig afturvirkar, ýmist frá árinu 2015 eða ársbyrjun 2016.

Laun Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, hækka um 29 prósent. Fara úr 1.042 þúsund krónum á mánuði í 1.340 þúsund krónur frá 1. júlí.

Í úrskurði kjararáðs er vitnað í bréf Kristínar til kjararáðs. Þar segir að álag á Útlendingastofnun hafi vaxið gifurlega samhliða fjölgun hælisleitenda og nýjum verkefnum. Áreiti fjölmiðla sé mikið, bæði á kvöldin og um helgar. Starf forstjóra sé því erfitt og mjög íþyngjandi. Fór Kristín því fram á að fá hærri laun.

Hækkunirnar nú koma til eftir að forstöðumennirnir sjálfir eða ráðuneyti óskuðu eftir að launin yrðu hækkuð.

Laun Birgis Jakobssonar landlæknis hækka í 1,6 milljónir á mánuði. Mánaðarlaun Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra verða sömuleiðis 1,6 milljónir.

Laun Páls Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, hækkuðu um 35 prósent, úr 989 þúsund krónum í 1.340 þúsund krónur á mánuði.

Laun Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, verða jöfn launum Páls, 1,3 milljónir á mánuði. — ih / sjá Markaðinn

1,6

MILLJÓNIR
Birgir Jakobsson
landlæknir



1,6

MILLJÓNIR
Haraldur
Johannessen
ríkislögreglustjóri



1,3

MILLJÓNIR
Páll Winkel
fangelsismálastjóri



1,3

MILLJÓNIR
Kristín Völundar-
dóttir, forstjóri Út-
lendingastofnunar



Í bréfinu er gerð grein fyrir mikilli fjölgun hælisleitenda síðastliðin ár og fjölmiðlaumfjöllun sem að mati forstjórans sé óvæginn og eigi það til að verða mjög persónubundin.

Úr umfjöllun kjararáðs um laun forstöðumanns Útlendingastofnunar

Nintendo malar gull á Pokémon

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa japanska leikjaframleiðandans Nintendo hafa hækkað um 63 prósent frá því að snjallsímaleikurinn Pokémon GO var settur í sölu fyrir viku. Markaðsvirðið jafngildir nú 3.800 milljörðum króna.

Nintendo á 33 prósent eignarhlut í Pokémon-fyrirtækinu og hlut í Niantic sem þróaði Pokémon GO. Leikurinn hefur náð gríðarlegum vinsældum.

Deutsche Bank hvetur til kaupa í Nintendo og spáir því að næstu leikir fyrir snjallsíma úr smíðju Nintendo, sem væntanlegir eru á næsta ári, muni líklega slá vinsældarmet Pokémon GO.

— sg / sjá Markaðinn

MS greiði sekt innan mánaðar

LANDBÚNAÐUR Forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson, segir að Mjólkursamsölunni beri að greiða 480 milljóna króna stjórnvaldssekt innan mánaðar frá ákvörðun stofnunarinnar.

Í gær sendi Ari Edwald, forstjóri MS, frá sér tilkynningu þar sem sagði að umræða um sekt væri ótimabær þar sem málinu væri ekki lokið og færi nú til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Páll Gunnar Pálsson segir að það fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

„Þetta er bara endanleg ákvörðun og hún er bindandi fyrir fyrirtækið þangað til og nema því aðeins að áfrýjunarnefnd eða síðar dómstólar sjái meinbugi á ákvörðuninni og geri á henni breytingar,“ segir forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

— snæ / sjá síðu 4



Godsögn í heimsókn Eitt af höfuðskáldum dægurlagatónlistar tuttugustu aldarinnar hélt í gærkvöld tónleika með hljómsveit sinni í Hörpu. Burt Bacharach á níu lög sem hafa náð efsta sæti vinsældalista. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Magnús Garðars-son, hluthafi í United Silicon, segir að lágt kísilverð muni gera reksturinn erfiðan.



SKOÐUN Þórólfur Matthíasson skrifar um ófugsnúna mjólkurhagfræði. **16**

SPORT Ætlar ekki á ÓL í Río bara til að vera með. **18**

MENNING Hrynjandi hvera Sigrúnar Harðardóttur. **26**

LÍFID Lögfræðin og leiklistin eru góð blanda. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ÚTIVIST

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis


**ALLT FYRIR
BRÚÐKAUPIÐ**

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Viða hæg breytileg átt í dag. Skýjað og litils háttar væta norðan- og austanlands. Skýjað með köflum og skúrir á við og dreif í öðrum landslutum, en þurr að mestu á Vestfjörðum. Hiti allt að 18 stigum, hlýjast suðvestanlands.

SKJÁ SIÐU 24



Magnús Arnar Arngrímsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bætist í hóp bankafólks í fangelsum

DÓMSMÁL Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka, er byrjaður að afplána dóm sinn og mætti í fangelsið á Akureyri síðastliðinn sunnudag. Magnús er áttundi fanginn sem afplánar dóm vegna efnahagsbrota í kjölfar rannsóknara sérstaks saksóknara. Hann hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir aðild að BK-44 málinu svokallaða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer vel á með Magnúsi og öðrum fongum sem afplána á Akureyri.

Magnús, ásamt Birki Kristinsyni, fyrrverandi viðskiptastjóra hjá Glitni, Elmari Svavarssyni, fyrrverandi verðbréfamíðlara, og Jóhannesi Baldurssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra markaðsviðskipta, var sakfelldur fyrir umboðsvik í Hæstarétti í desember í fyrra í tengslum við 3,8 milljarða króna lánveitingu Glitnis til félagsins BK-44 í nóvember 2007. Birkir og Elmar voru dæmdir í fjögurra ára fangelsi. Þá hlaut Jóhannes þriggja ára dóm. Þeir hafa nú allir hafið afpláun. – *ngy*

Upprennandi knattspyrnustjórnur



Sprækar stúlkur eru í Fótboltaskóla FC Barcelona og Knattspyrnuakademíu Íslands sem haldinn er á Hlíðarenda þessa dagana. Námskeiðinu lýkur í dag með komu varaforseta fótboltaliðsins Barcelona. Þjálfað er eftir æfingakerfi þessa eins öflugasta íþróttafélags heims. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Viðreisn ræður sér stjórnanda

STJÓRNMÁL Nýi stjórnmalaflokkurinn Viðreisn réð í gær Birnu Þórarinsdóttur sem framkvæmdastjóra. Birna var áður verkefnastjóri atvinnulífstengsla hjá Háskólanum í Reykjavík og framkvæmdastýra Evrópustofu.

Viðreisn mældist með nærri tíu prósentu fylgi í síðustu könnun Gallup og flokkurinn hyggst bjóða fram í öllum kjördæmum í næstu alþingiskosningum.

„Ég hef fylgst með starfsemi og vexti flokksins frá upphafi, sótt einstaka fundi og fylgst með en ég hef ekki verið eins virk og ég verð hér eftir,“ segir Birna. Fram undan sé að byggja upp flokkinn á landsvísi. – *þea*



Birna Þórarinsdóttir,
framkvæmdastjóri
Viðreisnar

Autt íbúðarhús vekur ónot í Laugarneshverfi

Yfirgefið og þaklaust hús í Laugarneshverfinu vekur óhug meðal nágrannanna. Síðustu níu ár hefur enginn haft þar fasta búsetu en útigangsmenn hafa haldið til í kjallaranum og rottur leika þar lausum hala, segir kona sem býr í næsta húsi.

SAMFÉLAG Enginn hefur búið í húsinu að Hraunteig 3 í Laugarneshverfinu í níu ár. Hvorki hefur verið hugsað um húsið né lóðina á þessum tíma.

„Það hefur ýmislegt gengið á,“ segir Edda Holmberg sem býr í húsinu við hliðina. Hún kveður þolinmæðina á þrotum.

„Það hefur verið rottugangur á lóðinni og í húsinu. Útigangsfólk hefur komið sér fyrir í kjallaranum og ógæfufólk með sprautur. Því hefur fylgt ónæði og löggan hefur ítrekað þurft að skipta sér af því.“

Eigendur hússins sjást sjaldan. Edda segir þá hafa rífið þakið af húsinu fljótlega eftir að þeir keyptu það. Þannig hafi það staðið síðan.

„Börn í hverfinu eru að fara inn í húsið og leika sér. Þetta getur verið stórhættulegt. Þar fyrir utan er þetta lýti í götunni, illgresið vex hér til dæmis yfir í aðra garða,“ segir Edda.

Fyrir nokkrum árum hringdi Edda í byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar þegar allar rúður í húsinu voru brotnar.

„Það komu starfsmenn frá borginni og settu plötur fyrir gluggana. Ég spurði hvort það ætti ekkert að gera varðandi garðinn og mér var bent á að við nágrannarnir gætum hóað okkur saman í götunni og þrifið og tekið til á lóðinni.“

Annars hefur borgin ekki komið að málinu svo Edda þekki tí. Hún vakti athygli á málinu í hópi íbúa Laugarneshverfis á Facebook. Það stóð ekki á viðbrögðum enda virðast margir orðnir þreyttir á drusluskapnum.

Heiðar Ingi Svansson, formaður hverfisráðs Laugarneshverfis, hvetur fólk til að senda sér formlegt erindi.



Plötur hafa verið settar fyrir gluggana en börn hafa samt sem áður komist inn í húsið og útigangsmenn í kjallarann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Útigangsfólk hefur komið sér fyrir í kjallaranum og ógæfufólk með sprautur. Því hefur fylgt ónæði og löggan hefur ítrekað þurft að skipta sér af því.

Edda Holmberg,
íbúi við Hraunteig



„Ég mun taka þetta fyrir á næsta fundi hverfisráðs og við getum þrýst á borgina um einhverjar úrbætur. Þetta ástand hefur varað alltof lengi,“ segir Heiðar.

Samkvæmt mannvirkjalögum er heimilt að beita dagsektum allt að fimm hundruð þúsund krónum sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss ábótavant, það stafar hætta af því eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa. Ekki náðist í byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar við vinnslu fréttarinnar.

erlabjorg@frettabladid.is

Nýtt!
3 mest seldu plástrarnir í einum pakka

Láttu ekki blöðru stoppa þig!
Notaðu COMPEED® fyrirbyggjandi eða til að græða sárið

Be Unstoppable

Stærsti og öflugasti dísiljeppinn í sínum flokki



NÝR FORD **EDGE AWD**

Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

- Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseginnleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lágsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta
dísiljeppann Ford Edge AWD**



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opíð á laugardögum frá og með 6. ágúst

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrd miðstöð, vandað hljómkkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ losun 149 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Ráðherra og forstjóri MS efast um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins

STJÓRNSÝSLA Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra sagðist í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær efast um að Mjólkursamsalan hefði brotið gegn samkeppnislögum, eins og úrskurður Samkeppniseftirlitsins kveður á um. Mikilvægt sé að halda í það kerfi sem er við lýði fyrir umsýslu mjólkur vegna smæðar landsins og þess hve bændur séu dreifdir.

„Mjólkursamsalan er fyrirtæki sem er eins og allir vita í einokunarstöðu, um það gildir ákveðnar reglur og því ber að fara eftir þeim. Það kemur í ljós hvort þeir hafi brotið af sér eða ekki, ég hef síður trú á því að

MS gerir sér sterkar vonir um að endanleg niðurstaða í þessu máli muni ekki fela í sér viðurlög fyrir MS.

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölnunnar



Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra segir mikilvægt að halda í núverandi kerfi með umsýslu á mjólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þeir hafi brotið af sér, þetta er fyrirtæki sem í gegnum tíðina hefur sýnt samfélaginu mikla ábyrgð,” sagði Gunnar Bragi.

Ari Edwald, forstjóri MS, baðst í gær afsökunar á ummælum um að neytendur þyrftu að borga 480 milljóna króna sekt Samkeppniseftirlitsins með hækkuðu vöruverði.

„Umræða um sekt er heldur ekki tímabær þar sem málinu er ekki lokið og fer nú til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. MS gerir sér sterkar vonir um að endanleg niðurstaða í þessu máli muni ekki fela í sér viðurlög fyrir MS,” segir í tilkynningu frá Ara. – snæ

Sektarákvörðun eftirlitsins er bindandi

MS ber að greiða 480 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum innan næstu þriggja vikna. Áfrýjun frestar ekki réttaráhrifum þar sem ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eru bindandi og endanlegar að sögn forstjóra stofnunarinnar.

STJÓRNSÝSLA Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að sekta Mjólkursamsölnuna um 480 milljónir króna með stjórnvaldssekt er bindandi, öfugt við það sem haldið er fram í tilkynningu forstjóra MS í gær. Þetta segir forstjóri Samkeppniseftirlitsins.


Í tilkynningu Ara Edwald, forstjóra MS, segir að ótímabært sé að ræða sekt þar sem málinu sé ekki lokið og það eigi eftir að fara til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

„Þetta er bara endanlega ákvörðun og hún er bindandi fyrir fyrirtækið þangað til og nema því aðeins að áfrýjunarnefnd eða síðar dómstólar sjái meinbugi á ákvörðuninni og geri á henni breytingar. Það er í raun og veru ekkert svar annað til við þessu,” segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Sektin skuli greidd þrátt fyrir að MS telji málinu ekki lokið. Verði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins snúid við verði sektin endurgreidd. „Sektina ber að greiða innan mánaðar frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins,” segir Páll.

Hinn 7. júlí síðastliðinn tilkynnti Samkeppniseftirlitið um ákvörðun sína og sagði brot Mjólkursamsölnunnar á samkeppnislögum alvarleg. MS hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að selja samkeppnisaðilum hrámjólk, ógerilsneydda mjólk, á óeðlilega háu verði. Á sama tíma hafi MS og tengdir aðilar, sem eru Kaupfélag Skagfirðinga og Mjólkla eftir yfirtöku MS á fyrirtækinu, fengið mjólkina undir kostnaðarverði.

Mjólkursamsalan hafi einnig veitt Samkeppniseftirlitinu rangar upplýsingar og haldið frá mikilvægum gögnum sem hafi tafid úrlausn málsins og skaðað samkeppni.



Mjólkursamsalan er ásamt tengdum fyrirtækjum, Kaupfélagi Skagfirðinga og Mjólkla, í nær allsráðandi stöðu á mjólkurmarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sektina ber að greiða innan mánaðar frá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins



Upp komst um verðmuninn þegar MS sendi samkeppnisaðila sínum, Mjólkurbúinu, fyrir misgáning reikning sem ætlaður var Mjólkla.

Eins og fram kemur hér að ofan sagðist Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra efast um að MS hefði gerst brotleg við samkeppnislög. Fyrirtækið hefði alltaf sýnt samfélaginu mikla ábyrgð.

„Það er einfaldlega þannig að Samkeppniseftirlitið hefur tekið þá ákvörðun sem það telur réttasta að undangenginni ítarlegri rannsókn.

Samkeppniseftirlitið hefur rökstutt þá ákvörðun sína með ítarlegum hætti,” segir Páll Gunnar.

Gunnar Bragi sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að öllum væri ljóst að MS sé í einokunarstöðu. Sem slíkt fylgi fyrirtækið ákveðnum reglum.

„Eins og hægt er að sjá af ákvörðuninni þá hefur Mjólkursamsalan í fyrsta lagi haldið því fram að hún sé ekki markaðsráðandi og þar með ekki í einokunarstöðu,” segir Páll Gunnar.

Mjólkursamsalan byggir viðbrögð sín við ákvörðuninni á því að samspil

samkeppnislaga og búvörulaga geri þeim heimilt að haga sínum málum með þeim hætti sem verði hefur.

Páll Gunnar ítrekar að þrátt fyrir ummæli landbúnaðarráðherra og ummæli forstjóra MS þá sé ákvörðunin endanlega eins og hún snýr að Samkeppniseftirlitinu. Afar sjaldgæft sé að áfrýjunarnefnd samkeppnismála fresti réttaráhrifum og því bendi allt til þess að MS muni þurfa að greiða stjórnvaldssektina innan mánaðar.

snaeros@frettabladid.is

Ísland auki viðleitni í mansalsmálum

RANNSÓKN Skýrsla frá bandaríska utanríkisráðuneytinu segir að hér á landi sé konur fórnarlömb kynlífsmansals og bæði kyn sé seld vinnumansali. Konur frá Austur-Evrópu, Eystrasaltsríkjunum, Vestur-Afríku og Brasilíu séu seldar kynlífsmansali, oftast á næturklúbbum og börum.

Þá tókist vinnumansali í byggingariðnaði, fiskverkunum, ferðaþjónustu, veitingastöðum og í sambandi við au pair í heimahúsum. Í skýrslunni segir að þrælhalðarar misnoti reglur um frjálsa för fólks í gegnum Schengen-samstarfið og Evrópska efnahagssvæðið og nýti sér að hér geti fólk dvalið í þrjá mánuði án dvalarleyfis. Mansal sé ákaflega sjaldan tilkynnt til lögreglunnar.

Skýrsla bandaríska utanríkisráðuneytisins flokkar Ísland í sterkasta flokkinn af fjórum þegar kemur að mansali. Ísland var í öðrum flokki fram til ársins 2011



Á Íslandi viðgengst bæði kynlífsmansal og vinnumansal samkvæmt nýrri skýrslu frá bandaríska utanríkisráðuneytinu. NORDICPHOTOS/AFP

þegar það tók stökk vegna viðleitni yfirvalda til að vinna bug á mansali. Öll Norðurlöndin eru í sama flokki og Ísland.

Skýrsluhöfundar leggja til að

íslensk yfirvöld auki verulega viðleitni sína til að ákæra og dæma þrælhalðara og auki fræðslu fyrir alla sem innan réttarvörslukerfisins starfa. – snæ

Chris Norman
upprunalegi söngvari
Smokie

Stórtónleikar
í Eldborg
17. september
Miðasala er hafin

DÆGURFLUGAN
CN HARPA



Audi A6
2.0 TDI S-line

Ekinn **17.000**

2015 **8.950.000** KR

Sólluga rafdrifin sæti með minni. Soft Close á hurðum, bakkmyndavél og fjarlægðarskynjarar. Milano leðurinnrétting, lykillaust aðgengi og opnun á skotti. S-line útlitspakki, 18" álfelgur, LED framljós o.fl.



VW Passat Highline
1.4 TSI 150 hestöfl

Ekinn **4.000**

2015 **4.990.000** KR

Hiti í sætum, íslenskt leiðsögukerfi, Alcantara sæti, fjarlægðarskynjari, 17" álfelgur o.fl.



VW Passat Comfortline
2.0 TDI AT 4x4

2013 **3.950.000** KR



- Raf / Bensín
- Ekinn þús. km.
- Myndir á vef
- Disil
- Fjór hjóladrif
- Metan & bensín
- Sjálfskiptur
- Beinskiptur
- Rafmagnsbíll

Vegsamaðar sumarkerrur

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



Skoda Superb Combi 4x4
Ambiente 2.0 TDI 170 hö.

2015 **5.140.000** KR



Porsche Cayenne
3.0 Diesel

2011 **8.490.000** KR



VW Polo Comfortline
1.4 AT

2012 **1.950.000** KR



Audi A6 Allroad
Quattro 3.0 TDI AT

2014 **8.970.000** KR



VW Golf Trendline
1.6 TDI

2012 **1.990.000** KR



VW Golf GTI
2.0 TFSI AT

2007 **1.790.000** KR



VW Bjalla
1.2 TSI

2014 **2.820.000** KR



Skoda Octavia Scout
4x4 AT 184 hestöfl

2015 **5.140.000** KR



Fiat 500 Lounge

2013 **2.190.000** KR

TILBOÐ **1.820.000** KR



Mitsubishi Outlander
2.0 DID

2007 **1.990.000** KR

TILBOÐ **1.670.000** KR



Ford Mondeo Trend
AT

2007 **1.440.000** KR

TILBOÐ **980.000** KR



BMW X5
3.0D E70

2011 **7.850.000** KR

TILBOÐ **6.990.000** KR



Mitsubishi i-Miev
rafbíll AT

2013 **1.720.000** KR

TILBOÐ **1.490.000** KR



NOTAÐIR
HEKLA **BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040



Met í utanferðum Íslendinga frá því fyrir hrún er fallið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu prósentum fleiri vegabréf

FERÐALÖG Í maí 2016 voru 8.430 íslensk vegabréf gefin út. Til samanburðar voru 7.635 vegabréf gefin út í maí í fyrra. Þannig fjölga útgefnum vegabréfum um 10,4 prósent milli ára. Þetta kemur fram á heimasíðu Þjóðskrár Íslands.

8.430

íslensk vegabréf voru gefin út í maí.

Mikið annríki hefur verið hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu við útgáfu nýrra vegabréfa.

Um 67 þúsund Íslendingar fóru utan í júní samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu um umferð um Keflavíkurflugvöll. Hafa brottfarir Íslendinga aldrei verið fleiri í einum mánuði frá því að talning Ferðamálastofu hófst. Fyrra met var 54.800 í júní árið 2007. – **ebg**

Lestarslys á Ítalíu



Tuttugu manns létu lífið og tugir slösuðust þegar tvær farþegalestir rákust saman skammt frá bænum Bari á sunnanverðri Ítalíu. Óljóst er hvað olli því að lestirnar voru báðar á sama lestarsporinu og óku hvor á móti annarri þar til árekskur varð. NORDICPHOTOS/AFP

Sána og heitur pottur til sölu við Langá

Til sölu við Langá í Borgarfirði tveggja til þriggja manna, finnsk sána, eins fasa. Auðveld í uppsetningu. Verð kr. 100.000.

Einnig, fjögurra manna heitur pottur, Soft Tub, kanadískur og mjög hagkvæmur í rekstri (eins fasa). Þriggja ára gamall. Verð kr. 375.000.

Nánari upplýsingar í síma 897-2717 og 896-4062.

Angelo er á hrakhólum og þvælist milli staða

Hollendingurinn Angelo Uijleman, sem er í farbanni, dvelur nú hjá kunningja. Hann dvaldi á gistiheimili en var sendur burt. Honum hefur ekki verið útvegað nýtt húsnæði. Angelo er greindarskertur og er ákærður fyrir fíkniefnasmygl.

DÓMSMÁL Hollendingurinn Angelo Uijleman, sem er í farbanni, dvelur nú hjá kunningja sínum en honum hefur ekki verið úthlutað varanlegu húsnæði þar til dómur í máli hans fellur.

Angelo dvaldi á gistiheimili í Reykjavík í sex mánuði en þurfti að yfirgefa það þann 13. júní sökum þess að það var uppbókað.

Mál Angelos hefur vakið athygli þar sem hann er greindarskertur, en hann er ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa smyglað fíkniefnum til landsins með Norrænu í september í fyrra. Hann sat í einangrun í átta vikur og var sú vist harðlega gagnrýnd. Lögreglan útvegaði Angelo pláss á gistiheimili.

„Svo þurfti ég að fara þaðan því það er svo mikið af útlendingum sem koma til Íslands,“ segir Angelo.

„Ég var settur út klukkan tólf um hádegi og var með allan farangurinn minn úti á götu til klukkan hálf fimm. Þeir fundu held ég bara engan stað fyrir mig.“

Angelo segir að Félagsþjónustan í Reykjavík hafi boðið sér gistiþláss hér og þar um bæinn í einn og einn dag á gistiheimilum en það henti honum ekki.

„Ég er billaus og get ekki farið milli staða endalaust. Mér er líka illt í fætinum og get ekki labbað mjög mikið. Það er samt fullkomið hérna hjá vini mínum en hann á hund og ég elska dýr,“ segir Angelo sem er þekktur fyrir jákvæðni.

Niðurstæða úr geð- og sálfræðimati var sú að hann sé sakhæfur þrátt fyrir að vera verulega greindarskertur. Þar kemur fram að hann sé með slakan þroska, einkum á til-



Angelo gætir nú hunds á heimili vinar síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég var settur út klukkan tólf um hádegi og var með allan farangurinn minn úti á götu til klukkan hálf fimm. Þeir fundu held ég bara engan stað fyrir mig.

Angelo Uijleman

teknum sviðum, sem gerir það að verkum að hann er ekki jafn fær og aðrir um að meðtaka og draga rök-réttar ályktanir.

Aðalmeðferð í máli Angelos fer fram 10. til 12. ágúst.

Í reglugerð frá árinu 2016 kemur fram að þeir sem eru í farbanni eigi rétt á fjárhagsaðstoð vegna framfærslu og greiðslu húsnæðis. Það er því ekki skylda að útvega húsnæði.

Í svari frá velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar segir að ekki séu veittar upplýsingar um einstaka mál en samkvæmt reglum sé fjárhagsaðstoð veitt vegna framfærslu og greiðslu fyrir húsnæði og aðstoði velferðarþjónustan viðkomandi einstakling við að finna húsnæði. nadine@frettabladid.is

Tengibox og kaplar



Tengibox 1x32A-
2x16-4x230 v
29.900

Tengibox 1x32A-
1 x 16-4x230v
21.990

3 fasa rafmagnssnúur 25m
32amp 5G4
19.900
einnig 25m 32Amp 5G6 24.990
& 63Amp 25m 5G10 29.990



Rafmagnskefli Pro 25m
H07RN-F 3G1,5mm
8.590



Fjöltengibox IP44
H07RN F3G1,5
1,5 m snúra
1.990



Kapalkefli 50mtr H05vv-F 3G1,5mm
8.990
25mtr H05vv-F 3G1,5mm 6.190
15mtr H05vv F3G1,5mm 4.190



Rafmagnssnúra
25m H05vv F3G1,5
5.490
Einnig 15m kr. 3.190
10 mtr kr. 2.590
25mtr IP44 H07RN
F3G1,5 kr. 7.790



Kapalkefli 10m
H05vv-F3G1,5mm
2.990



MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanæsbæ

BMW EFFICIENT DYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW X1

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



SPENNANDI BMW X1.

VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.

BMW X1 sDrive18d

Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km*
Verð frá 5.790.000 kr.

BMW X1 xDrive18d

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Verð frá 6.490.000 kr.


Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar, veghæð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórnólva.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Deilurnar um Suður-Kínahaf



Kína: Segir tilkall sitt byggt á korti frá 1947 sem eigi sér rætur í eldri tíð. Tilkall Taivans er samhljóða kröfum Kínverja. Kínverjar hafa byggt upp smáeyjar og sker, sett þar niður herstöðvar og flugvelli og þannig magnað milliríkjaspenuna.

Vietnam: Segir skjöl sanna að þeirra land hafi allt frá 17. öld ráðið yfir bæði Spratly-eyjum og Paracel-eyjum. Kína hafi aldrei gert tilkall til þeirra fyrr en eftir 1940.

Filippseyjar: Gera tilkall til Spratly-eyja vegna nálægðar þeirra. Leituðu til hafréttardómsins til að fá kröfum Kínverja hnekk eftir að Kína innlimaði Scarborough-rif árið 2012.

Malasía og Brúnei: Gera tilkall til hafsvæðis innan efnahagslögsögu sinnar, eins og hún er skilgreind í Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Bandaríkin: Gagnrýna Kína óbeint, segjast andsnúin takmörkunum á siglingafrelsi og ólögum yfirráðakröfum.

Ekki tilkall til eyjanna

Filippseyjar unnu milliríkjadómsmál gegn Kína um yfirráð á Suður-Kínahafi. Kínversk stjórnvöld segjast þó ekki taka neitt mark á úrskurði gerðardómsins.

HOLLAND Alþjóðagerðardómurinn í Haag segir Kína ekki eiga neitt tilkall til hafsvæðis í Suður-Kínahafi, sem Filippseyjar og fleiri lönd gera einnig tilkall til.

Kínversk stjórnvöld hafa sagt að dómstóllinn hafi enga lögsögu í málinu og ætla að virða niðurstöðuna einskis. Niðurstöðan er bindandi en dómstóllinn hefur ekkert vald til að fylgja henni eftir.

„Kína er andvígt og mun aldrei fallast á neinar kröfur eða aðgerðir byggðar á þessum úrskurði,“ segir í yfirlýsingu frá kínverska utanríkisráðuneytinu.

Þess í stað segja Kínverjar að málshöfðun Filippseyja á hendur Kína sé brot á Alþjóðahafréttarsáttmálanum. Með því að kveða upp þennan úrskurð brjóti dómstóllinn einnig gegn sáttmálanum og grafi undan eigin stöðu.

Filippseyjar höfðuðu mál á hendur Kína árið 2013 og saka Kínverja um að hafa með umsvifum sínum og tilkalli til hafsvæðisins brotið gegn ákvæðum Alþjóðahafréttarsáttmálans.

Kínverjar segjast frá fornu fari hafa farið með yfirráð á eyjum á þessu hafsvæði, en dómstóllinn segir ekkert hæft í því.

Perfecto Yasay, utanríkisráðherra Filippseyja, fagnar hins vegar niðurstöðunni og segir úrskurðinn veikja mjög þann grundvöll, sem Kínverjar byggja kröfur sínar á.



Kínverskt strandgæsluskip beitir þrýstivatnssprautum gegn vietnömsku skipi skammt frá Paracel-eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hann hvetur fólk hins vegar til að sýna stillingu og ítrekar að Filippseyjar muni áfram reyna að finna fríðsamlegar leiðir í deilunni um Suður-Kínahaf.

Hafsvæðið hefur lengi verið umdeilt. Mörg ríki gera tilkall til þess en á síðustu árum hefur spennan magnast vegna aukinna umsvifa Kína. Kínverjar hafa byggt upp og stækkað litlar eyjar og sker, sett þar niður hernaðarmannvirki og flugvelli og bregðast hart við allri gagnrýni.

Hagsmunir ríkjanna eru tölu-

verðir, bæði af fiskveiðum og einnig vegna mikilla olíu- og gasauðlinda sem taldar eru leynast þar á hafsbötni. Þá valda hernaðarumsvif Kínverja þarna áhyggjum grannríkjanna vegna þess að um þetta hafsvæði liggja mikilvægar siglingaleiðir.

Ekki virðist líklegt að dómsúrskurðurinn verði til þess að draga úr spennunni á þessu svæði, þar sem Kínverjar hafa hann að engu.

Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðlegur dómstóll tekur afstöðu í þessum milliríkjadeilum. gudsteinn@frettabladid.is

Golf GTE. Jafnvígur á rafmagn og bensín.



Volkswagen GOLF GTE er tvíorkubíll sem gengur bæði fyrir rafmagn og bensín. Raforkan kemur þér allt að 50 kílómetra og með sparneytnu bensínvélinni er drægnin yfir 900 kílómetrar. Hann er umhverfisvænn og með framúrskarandi akstursegginleika. Komdu í rafmagnaðan reynsluakstur og leyfðu þér að falla fyrir honum!

Verð frá:
4.290.000 kr.



Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd:
70, 80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80cm. **27.455**



Sturtuhorn
Stærðir:
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **30.500**



Sturtuvængir
með lyftilóm
Stærðir:
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80x80 cm **29.600**



Verðdæmi
80 x 80 cm rúnnaður
42.900

Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisglери, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.



Sturtuhorn með botni
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **35.100**



Sturtuhorn
Stærðir:
80 x 80 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **30.500**



Sturtuskilrúm
8 mm. hert
öryggisglер
með festingum
Stærðir 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. **24.880**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

May mun taka við af Cameron í dag

Theresa May, nýr leiðtogi breska Íhaldsflokksins og næsti forsætisráðherra Bretlands, er sögð óútreiknanleg og erfið viðureignar. May segir enga þörf á kosningum strax og ætlar að taka sér góðan tíma til að móta nýja stefnu Breta gagnvart Evrópusambandinu.

BRETLAND Í fjölmiðlum er Theresa May ídulega sögð sérstaklega óútreiknanlegur stjórnmálamaður. Hún segist sjálf vera gagnrýnd fyrir að fara sínar eigin leiðir og stærir sig af því að nú muni framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fá að finna fyrir því hversu erfið hún geti verið viðureignar.

„Því ég er nefnilega enginn dæmigerður stjórnmálamaður,“ sagði hún í blaðagrein á sunnudaginn. „Ég flakka ekki á milli sjónvarpsstöðva, ég tek ekki þátt í slúðri yfir hádegismatnum, ég fer ekki á barina í þinghúsinu. Ég ber sjaldnast tilfinningar mínar á torg. Ég geng bara í verkin og ég held að fólk vilji svoleiðis stjórnmál, laus við allt bull og vitleysu.“

Sjálf studdi hún áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í júní, en segir að eftir að þjóðin hafi kosið sé ekki um annað að ræða en að tryggja sem bestan samning við Evrópusambandið.

„Útganga úr Evrópusambandinu þýðir útganga úr Evrópusambandinu,“ er setning sem hún hefur itrekað klífað á síðustu vikunna, þar á meðal í frambóðsræðu sinni til leiðtogaembættis Íhaldsflokksins í lok júní.

May þykir röggasamur vinnuþjarkur sem lætur engan vada yfir sig, og hefur verið líkt við bæði Angelu Merkel Þýskalandskanslara og forvera sinn, Margaret Thatcher, en May verður nú önnur konan til þess að stýra Íhaldsflokknum og gegna embætti forsætisráðherra Bretlands.

Hún nálgast samt stjórnmálin á allt annan hátt en Thatcher, leggur áherslu á kristilega íhaldssemi frekar en frjálshyggjukreddurnar, ætlar til dæmis að skylda stærri fyrirtæki til að hafa fulltrúa neytenda og verkafólks í stjórnnum.

Hún bauð sig ekki sist fram til að takast á við það verkefni að semja við Evrópusambandið um framtíðarfyrirkomulag samskipta þess við Bretland. Hún segist ætla að vera sterkur leiðtogi sem geti sameinað þjóðina á þeim óvissutímum sem fram undan eru.

Leiðtogar annarra Evrópuríkja og ráðamenn í Brussel hafa ýtt á að Bretar fari sem allra fyrst úr ESB, úr því það hafi verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

May segir hins vegar ekkert liggja á, það taki tíma að ná samkomu-



Theresa May ásamt stuðningsmönnum fyrir utan þinghúsið í London á mánudag þegar ljóst var orðið að hún yrði næsti forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ég ber sjaldnast tilfinningar mínar á torg. Ég geng bara í verkin og ég held að fólk vilji svoleiðis stjórnmál, laus við allt bull og vitleysu.

Theresa May, verðandi forsætisráðherra Bretlands

Æviatriði

Fædd 1. október 1956, faðir hennar var prestur í Wheatley, skammt frá Oxford.

Menntuð í Oxford, þar sem hún lagði stund á landafræði.

Starfaði í bankageiranum, fyrst hjá seðlabanka Englandis árin 1977-1983 og síðan við fjármálaráðgjöf til ársins 1997.

1997 kosin á þing fyrir Íhaldsflokkinn í Maidenhead.

2002 kosin framkvæmdastjóri flokksins.

2005-2010 var þingflokksleiðtogi í stjórnarandstöðu og skuggaráðherra kvenna- og jafnréttismála.

Hún hefur síðan 1980 verið gift Philip John May, sem starfar í fjárfestingarbanka. Þau eru barnlaus.

Afstaða til ýmissa mála í atkvæðagreiðslu á þingi

GEGN

Reykingsbanni (oftast)
Refaveiðibanni (næstum alltaf)
Líknardrápi
Hækkun velferðarbóta
Skatti á bankastjórabónusa
Eignaskatti á dyr íbúðarhús
Auknum völdum til skoska þingsins
Aðgerðum til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar
Hertum reglum um bergbrotsvinnslu á gasi

Fimmtugasta greinin verður ekki virkjuð fyrir árslok.

Theresa May, verðandi forsætisráðherra Bretlands

MEÐ

Hjónabandi samkynhneigðra
Breskri hernaðarihlutun erlendis (næstum alltaf)
Íraksstríðinu
Rannsókn á Íraksstríðinu
Nýjum kjarnorkuvopnum í stað Trident-eldflauganna
Þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að ESB
Lækkun húsnæðisbóta
Lægri framlögum til velferðarbóta
Hækkun frítekjumarks skatta
Hækkun virðisaukaskatts
Hækkun skatta á áfengi
Hækkun skatta á flugmiða
Lækkun skatta á eldsneyti
Strangari reglum um starfsemi verkalýðsfélaga
Lækkun fyrirtækjaskatta
Hertum reglum um flóttafólk
Sólu á skógum í ríkiseigu á Englandi

lagi og ekki komi til greina að hefja útgönguferlið fyrr en Bretar hafi mótað sér skýra stefnu fyrir samningaviðræðurnar. „Sem þýðir að fimmtugasta greinin verður ekki virkjuð fyrir árslok,“ sagði hún þegar hún tilkynnti um frambóð sitt í leiðtogakjöri Íhaldsflokksins.

May gefur jafnframt lítið fyrir kröfur Verkamannaflokksins um að efnt verði til kosninga sem fyrst, ekki standi til að halda kosningar fyrr en 2020.

Hún dregur svo enga dul á það að óvissutímar séu fram undan, en kys samt að leggja frekar áherslu á þau tækifæri sem útgangan úr ESB býður upp á:

„Stjórnin getur haft meiri stjórn á innflytjendum til Bretlands frá öðrum Evrópulöndum. Við getum gert okkar eigin viðskiptasamninga við lönd utan Evrópu. Og við getum gert margt skynsamlegt, eins og að draga úr skriffinnsku og láta sveitarstjórnir kaupa breskar vörur.“
gudsteinn@frettabladid.is

Tvö hundruð skrifa undir gegn hóteli við Mývatn

FERÐAÞJÓNUSTA Um tvö hundruð íbúar í Mývatnssveit lýstu í gær yfir andstöðu sinni við byggingu nýs hótels á bakka Mývatns nærri Hótel Reykjahlíð. Í yfirlýsingunni er framkvæmdin sögð ganga gegn anda laga um verndun Mývatns og Laxár. Þá er byggingin sögð langt innan 200 metra verndarlínu.

„Hún spillir útsýni til vatnsins og er brot á þeirri reglu að hefja atvinnurekstur ekki vatnsmegin vegar. Þótt talað sé um viðbyggingu er öllum ljóst að hér er annað og meira á ferðinni,“ segir í yfirlýsingunni sem undirrituð var.

Þeir sem undir skrifuðu telja að hótélbyggingin fyrirhugaða myndi spilla útsýni til vatnsins sem og ímynd sveitarinnar. „Samþykkt áformanna skapi hættulegt fordæmi varðandi framkvæmdir á verndarsvæðinu.“

Alls skrifuðu 202 íbúar undir sem eru um tveir þriðju kosningabærra íbúa sveitarfélagsins, Skútu-staðahrepps. Söfnunin stóð yfir frá



Gamla hótélbyggingin í Reykjahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

25. júní síðastliðnum en henni lauk í gær þegar Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti hreppsnefndar, tók við undirskriftalistanum. – þea

Átján vikna fótboltaæði sem greip um sig hafði góð áhrif á heilsu Færeyinga

FÆREYJAR Fótboltaæði greip um sig í Færeyjum í fyrra. Þá buðu Háskóli Færeyja og færeyska knattspyrnusambandið öllum fullorðnum íbúum eyjanna að taka þátt í rannsókn á heilsufarslegum áhrifum af því að iðka knattspyrnu í 18 vikur.

Niðurstöðurnar eru svo góðar að heilbrigðisyfirvöld Færeyja ræða möguleikann á því að láta iðkun hópiþróttta í íþróttafélögum verða lið í meðferð sjúklunga með lífsstílsjúkdóma á byrjunarstigi, eins og hjarta- og æðasjúkdóma og áunnna sykursýki.

Alls tók 741 þátt í rannsókninni í fyrra eða 2,1 prósent allra yfir tvítugt, að því er danska ríkisútvarpið segir. Þátttakendur voru nær allir konur sem æfðu að meðaltali tvisvar til fjórum sinnum í viku í 15 fótboltafélögum. Þegar verkefninu lauk héldu 42 prósent áfram að iðka fótbolta.

Haft er eftir stjórnanda verkefnisins, að félagslegi þátturinn við iðkun hópiþróttta og leikurinn séu afgerandi. Menn hætti síður í hópiþróttum en einstaklingsíþróttum. – ibs



Heilbrigðisyfirvöld Færeyja íhuga að láta iðkun hópiþróttta í íþróttafélögum verða lið í meðferð sjúklunga með lífsstílsjúkdóma á byrjunarstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FLJÚGUM
VIKULEGA TIL KANARÍ
OG MALLORCA
FRÁBÆR
FLUGTÍMI

VIÐ KOMUM ÞÉR Á STRÖNDINA

KOMDU MEÐ OKKUR Í SÓLINA, VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMA LÁGA VERÐIÐ. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS.

SÉRTILBOÐ
TVÆR
VIKUR

MALLORCA



Santa Ponsa
VISTA CLUB ★★★



VERÐ FRÁ **112.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

19. júlí – 2. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 164.800 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verstanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

ALLT
INNIFALIÐ

MALLORCA



Alcudia
SOL ALCUDIA CENTER ★★★



VERÐ FRÁ **134.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og öllu inniföldu 2. – 9. ágúst.

Verð á mann m.v. 2 fulloröna 198.300 kr.

Góðar íbúðir með 1 svefnherbergi eða stúdíó íbúðir. Skemmtilegur sundlaugagarður og skemmtidagskrá á hótelinu. Val um fæðimöguleika.

SÉRTILBOÐ
TVÆR
VIKUR

ALMERÍA - ALLT AÐ SEX MANNS



Roquetas de Mar
MARACAY ★★



VERÐ FRÁ **115.800 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna og 4 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.

21. júlí – 4. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 209.200 kr.

Íbúðargisting staðsett um 15 mín göngufjarlægð frá miðbæ Roquetas de Mar og í 150 metra fjarlægð frá ströndinni. Í nágrenni við hótelið eru verstanir og veitingastaðir.

Ath. Gildir aðeins með nýjum bókunum. Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabréngl.

KANARÍ



Maspalomas
VITAL SUITES ★★★★★



VERÐ FRÁ **104.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með svitu með morgunverði.

20. – 27. júlí. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 126.300 kr.

Nútímaleg fjögurra stjörnu gisting við hliðina á Maspalomas golfvöllinum. Hótelið er tilvalið fyrir þá sem vilja spila golf. Hótelið er staðsett á friðsælum stað nálægt Maspalomas sandöldunum

KANARÍ - HÁLFT FÆÐI



Maspalomas
MASPALOMAS PRINCESS ★★★★★



VERÐ FRÁ **119.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði

27. júlí. – 3. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 149.900 kr.

Glæsilegt fjögurra stjörnu hótél staðsett um 3 km frá Play del Inglés. Hótél í suðrænum stíl, þar sem pálmatrén umlykja fallegan sundlaugagarðinn og gerviströndina sem þar er.

ALBÍR - HÁLFT FÆÐI



Albír
ALBÍR PLAYA ★★★★★



VERÐ FRÁ **89.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fulloröna með hálfu fæði. 22. – 27. júlí. 5 dagar.

Mjög gott, nútímalegt og barnvænt hótél. Líf og fjör jafnt á daginn sem á kvöldin með fjölbreyttri dagskrá. Hægt er að kaupa hálf tæða eða fullt fæði.

HAUSTFERÐIR Í SÓLINA • KANARÍ VERÐ FRÁ 64.900 KR. • TENERIFE VERÐ FRÁ 89.900 KR. • BÓKAÐU Á UU.IS

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

Íslensk rúlletta



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er eitthvað alveg sérstakt við íslenska viðskiptahætti. Kannski er það þetta eitthvað sem heimurinn átti enn ósæð að mati Ólafs Ragnars Grímssonar á sínum tíma? Það virðist að minnsta kosti snúast um að halda áfram með sín áform til þess að afla meiri tekna hvað sem tautar og raular. Að halda áfram og láta ekki einhverjar mögulegar og hundleiðinlegar afleiðingar vera að flækjast fyrir rekstrarhagsmunum í viðkomandi bizzness og góðæri. Arangur áfram – ekkert stopp.

Í síðasta góðæri var fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar lagt að veði og það fór eins og það fór. En stærsta breytan í endurheimt fjárhagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar hefur svo reynst vera ferðamennska sem byggir ekki sist á einstakri náttúruvegurð landsins sem við eigum öll saman. Lands sem við deilum og berum ábyrgð á gagnvart okkur sjálfum, umheiminum og komandi kynslóðum.

Af þeim sökum skyldi maður ætla að þetta land væri metið að verðleikum og umgengni okkar væri í samræmi við hversu viðkvæmt og verndarþurfi það er. Það virðist þó ekki vera tilfellið, því miður. Eitt athyglisverðasta dæmið er áform um byggingu á stóru hóteli við bakka Mývatns sem einhvers konar viðbyggingu við hið gamalgróna Hótel Reykjahlið. Ljóst er að viðbyggingin mun rísa innan þeirra 200 metra marka sem eru sett til verndunar vatnsins og því í raun illskiljanlegt að áformin skuli hafa náð þetta langt. Það er bannað að byggja innan þessara marka og því hefði málið aldrei átt að komast á dagskrá.

Það er hins vegar gleðiefni að meirihluti íbúa í Skútustaðahreppi hafi nú með virkum hætti lagst gegn þessum áformum með undirskriftalista. Þar kemur fram að byggingin gangi gegn anda laga um verndun Mývatns og Laxár, af henni muni hljóta spilling á útsýni til vatnsins og hún brjóti gegn þeirri reglu að hefja ekki atvinnurekstur vatnsmegin vegar. Þessi andstaða meirihluta íbúa í Skútustaðahreppi er ekki sist aðdáunarverð í ljósi þess að vissulega geta þessi áform haft áhrif á stöðu atvinnumála í hreppnum. En hér er horft til lengri tíma með hagsmunum náttúrunnar og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Það er erfitt að sjá annað en að vöxtur ferðaþjónustunnar á Íslandi sé langtum hraðari en við ráðum við. Hótelbyggingum og gistiheimilum fjölga vissulega ört en óvíst er með afleiðingar þeirrar þenslu. Vegakerfið virðist illa ráða við þessa miklu fjölgun með meðfylgjandi slyshættu. Aðstaða og aðbúnaður ferðamanna á vinsælum heimsóknarsvæðum eru í bágu standi og þannig mætti áfram telja. Vandamálin virðast fleiri en lausnirnar. En lausnin má aldrei felast í að skerða hagsmuni náttúrunnar. Velferð hennar og verndun er stærsta hagsmunamál sem þjóðin stendur frammi fyrir í dag og ef við ætlum enn og aftur að taka upp á þeim ósöma að beygja og sveigja lög og reglur eftir viðskiptahagsmunum stórra og mikilvægri atvinnurekenda þá er illa komið fyrir okkur. Illa komið fyrir íslenskri náttúru.

En lausnin má aldrei felast í að skerða hagsmuni náttúrunnar.

Halldór



Frá degi til dags

Klaufalegt orðalag

Ari Edwald, forstjóri MS, hefur beðist afsökunar á því þegar hann sagði: „Hvort sem það er þessi sekt eða önnur útgjöld, þá koma þau útgjöld MS ekki annars staðar frá en úr vösum neytenda. Þannig að þetta bitur dálitið í skottið á sér, svona sektarákvarðanir.“ Ummælin lét hann falla í viðtali við RÚV í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um að sekta MS um 480 milljónir króna fyrir gróf samkeppnislagaþrot. Þrátt fyrir afsökunarbeiðni Ara þarf það ekki að koma neytendum á óvart ef þeir verða látnir borga brúsann. Einokunarkerfið sem íslenskir neytendur búa við er jú, alveg út úr kú.

Hverju verður breytt?

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segist vonast til að búvörusamningurinn verði í raun til fjögurra ára þótt tíu ára rammi verði um málaflökkinn. Þetta hafa bændur sagst ekki geta unnað við. Nú reynir Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra að leggja öldurnar og vonast til að sátt náiast um málið. Það bendir þó allt til þess að þingmönnum finnst bændaforystan og landbúnaðarráðherra hafa sleppt heldur fram af sér beislinu við samningsgerðina en nú sé kominn tími til að taka fast í taumana.

snaeros@frettabladid.is

Heilbrigðismál í forgang



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar



Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Fyrst og síðast þurfa stjórnvöld að afla tekna til að setja í heilbrigðisþjónustuna.

Allt er mögulegt í hópípróttum með góðri liðsheild, undirbúningi og skipulagi eins og nýleg dæmi sanna. Það á líka við í stjórnárum.

Við viljum bæta heilbrigðisþjónustuna og það er hægt ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Verkefnið er flókið en skýr forgangsröðun, samtakamáttur og skipulag mun skila okkur betri stöðu á fáum árum. Fyrst og síðast þurfa stjórnvöld að afla tekna til að setja í heilbrigðisþjónustuna. Á undanförunum vikum hófum við í Samfylkingunni heimsótt heilbrigðisstofnanir og stéttarfélag og öllum ber saman um að lítið sé að marka fögur fyrirheit stjórnvalda um auknið fjármagn í heilbrigðisþjónustuna. Kári Stefánsson lagði til að 11 prósentum landsframleiðslunnar yrði varið í heilbrigðisþjónustuna. Það er ekki fjarri lagi. Slík hækkun núna myndi þýða að Landspítalinn hefði um 18 milljarða aukalega til að spila úr og gæti byggt upp mikilvæga þjónustu, mannað allar stöður og nútímavætt tæknibúnað sinn. Meirihluti landsmanna vill frekar verja almannafé í opinbera þjónustu heldur en einkarekstur og það viljum við líka.

Mikið hefur verið rætt um stöðu lækna á Íslandi, enda áhyggjuefni að ungir læknar snúi ekki aftur heim að loknu námi. Staða hjúkrunarfræðinga er ekki síður áhyggjuefni. Á næstu þremur árum komast um það bil 700-900 hjúkrunarfræðingar á eftirlaunaaldur. Í staðinn útskrifast aðeins um 450 hjúkrunarfræðingar úr námi og margir þeirra munu velja sér önnur störf. Fækkun hjúkrunarfræðinga hefði viðtækari áhrif á næstu árum heldur en fækkun lækna, og það verður að finna leiðir til þess að fjölga í stéttinni. Fleiri stéttir, sem konur fylla að mestu, þurfa jafnframt athygli stjórnvalda svo sem geislafræðingar, sjúkrapjálfafragar og líftæknifræðingar. Það þarf að grípa til aðgerða nú þegar og efla háskólana á þessum sviðum.

Halda mætti að almenn sátt ríkti um þessi markmið en svo virðist ekki vera. Í ríkisfjármálaáætlun stjórnvalda til næstu fimm ára er ekki að finna þá aukningu á fjárframlögum sem nauðsynleg er til að viðhalda núverandi ástandi, hvað þá til að bæta þjónustuna. Ef við ætlum að fá betri heilbrigðisþjónustu á næstu árum, verður ný ríkisstjórn að taka við sem skilur að heilbrigði er undirstaða velmegunar og hamingju.

Sumartilboð

Gildir til 8. júlí 2016

FRAMLengt tilbod
KODDI FYLGIR MED!
á meðan birgðir endast!

ENDURNÝJADU RÚMIÐ!

Frábært tækifæri til að endurnýja í gestaherbergjunu og/eda í sumarbústaðnum.

Komdu og kíktu á úrvalið!

rekkjan

HEILSURÚM

Sjá markaðinn!



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Fréttablaðið valdi réttilega forsiðu sína til að segja okkur að fyrir hönd okkar skattgreiðenda hefði Sjálfstæðisflokkurinn nú ákveðið að ganga til víðræðna við einkaaðila um rekstur tveggja heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Fréttin var ekki orðuð með þetta beinum hætti. Sjálfstæðisflokkurinn var ekki nefndur á nafn og þaðan af síður skattgreiðendur en öll vitum við að ríkisstjórnin er að reyna að ná langþráðu takmarki peningafrjálslyggjunnar um að koma á heilbrigðismarkaði. Einnig vitum við að allt er þetta hugsað í boði skattgreiðenda því við komum til með að borga brúsum með einum eða öðrum hætti. Meðal annars þess vegna er þetta okkar mál.

Hvar fjallað er um heilsugæsluna
Þegar forsiðufréttinni sleppti var vísað inn í blaðið, og hvar skyldi ítarefnið hafa verið að finna annars staðar en í blaðhlutanum sem fjallar um viðskipti. Ekki gagnrýni ég þetta enda fullkomlega rökkrétt! Ríkisstjórnin er að koma því þannig fyrir, að vilji menn fræðast um áform hennar varðandi heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, þá verði vegvísirinn sá hinn sami og í umræddri frétt: Sjá Markað. Í tengslum við þessar fréttir er síðan rætt við bisnismenn á hvítum sloppum, sem eru að hasla sér völl á þessu sviði, og hafa reyndar lengi reynt, en virðast nú ætla að hafa árangur af erfiði sínu. Að vísu þarf hér að hafa einn fyrirvara á og hann er mikilvægur. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra vill ekki að hægt verði að greiða arð út úr einkarekinni heilsugæslu sem fjármögnuð er með almannafé. Þetta er að sjálfsögðu stórmál því fjárfestar og þar með talið lífeyrissjóðir – hugsa nú gott til glóðarinnar að hagnast á heilsuleysi fólks.

Feitir bitar og magrir

Eftir stendur að heilbrigðisráðherrann vill innleiða hér kennisetningu Miltons Friedmans um að peningar fylgi sjúklingi/nemanda og keppi síðan heilbrigðisstofnanir og skólar um hvern bita. Að sjálf-sögðu munu útsjónarsamir bisnislæknar fljótlega koma auga á hverjir eru feitir bitar og hverjir magrir. Tvennt vekur sérstaka athygli mína í þessum fréttaflokkum. Í fyrsta lagi að Friedmanskenningin á að ná til allra heilsugæslustöðva, ekki bara einkarekinna. Hvers vegna er þá verið að einkavæða? Augljóst er að útbúið fer fram bara einu sinni en síðan á samkeppnin, sem gumað er af, að verða að hætti Friedmans. Hverjum er verið að þjóna? Augljóslauga nýjum rekstraraðilum. Þetta er hins vegar ekki í þágu skattgreiðenda þegar til lengri tíma er lítið og ekki verður þetta til að auðvelda skipulagningu þjónustunnar sem verður fyrir vikið óhönduð verkfæri. Eitt nýlegt dæmi um hvernig skipulagsvaldið færast til með einkavæðingu er tilboð fyrir offitúsúklinga að fá allra sinna meina bót í Klinikinni sem er hagnaðarrekin heilbrigðisstofnun, fjármögnuð af skattgreiðendum.

Ekkifréttir og þjóðarvilji

Hitt sem vekur athygli eru þó engar fréttir í sjálfu sér. Það er þegar verðandi rekstraraðilar fullyrða að „einkastöðvar leysi vanda heilsugæslunnar“ en bæta því svo við að fyrirkomulagið gangi því aðeins upp að til komi „meira fé í heilsugæsluna“. Er þetta ekki mergurinn málsins? Það þarf að hlúa betur að heilsugæslunni með auknu fjárframlagi frá okkur skattgreiðendum. Ég

fullyrði að almennt vilji fólk forgangsraða skattframlagi sínu í þá veru enda hefur margoft komið fram að Íslendingar vilja almennt borga með sköttum sínum fyrir gott heilbrigðiskerfi og að það kerfi sé ekki aðeins rekið á fjárhagslega ábyrgð okkar heldur einnig á okkar vegum og í okkar umboði. Staðreyndin er sú að eftir efnahagshrunið, var skorið inn að beini á Landspítalanum og öðrum opinberum heilbrigðisstofnunum og þá

ekki síst í heilsugæslunni. Sjálfstætt starfandi sérfræðingar komu hins vegar betur undan hrununu. Þegar opinbera þjónustan á síðan í vök að verjast, koma þeir nú askvaðandi og segja að augljóst sé að opinbera kerfið anni ekki eftirspurn og standi sig ekki, því verði að gefa boltann á þá en að sjálfsögðu með ríkulegri meðgjöf. Sanngjarn? Varla.

Einkareksturinn allur ríkisrekin!
Aldrei hef ég amast við því að

til staðar séu sjálfstætt starfandi læknar fjármagnaðir af almannafé. Gleytum því aldrei að peningarnir til „einkarekstrarmanna“ koma allir frá okkur skattgreiðendum. En það sem við sjáum vera að þróast núna er hins vegar allt annarrar gerðar en við höfum kynnst til þessa og mun, ef ekki verður að gert, leiða til þess að um heilbrigðiskerfið allt verði fjallað á markaðssíðum blaðanna eins og nú er byrjað að örla á. Ég heiti á okkur öll að láta þetta aldrei henda.



Eitt nýlegt dæmi um hvernig skipulagsvaldið færast til með einkavæðingu er tilboð fyrir offitúsúklinga að fá allra sinna meina bót í Klinikinni sem er hagnaðarrekin heilbrigðisstofnun, fjármögnuð af skattgreiðendum.

VINNINGASKRÁ

DREIÐ VAR 12. JÚLÍ
MILLJÓNAVELTAN VERÐUR 10 MILLJÓNIR NÆST!

MILLJÓNAVELTAN 10.000.000	MILLJÓN Á MANN 1.000.000
38750 E	15088 B 28125 B 34619 B 36015 F 48904 B
AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000	5.000.000 25.000.000 TROMP
500.000 / 2.500.000 TROMP	42450

200.000 1.000.000 TROMP	728	4289	13902	17069	26331	27398	41986	42059	54049	55834
100.000 500.000 TROMP	1865	9843	15428	20463	25261	29818	33658	39600	45276	51083
50.000 250.000 TROMP	1651	4912	11690	16191	20141	25002	28637	32313	35004	42656
20.000 100.000 TROMP	1751	5682	11842	16841	20202	25095	29028	32704	37204	42709

10.000 50.000 TROMP	6876	9785	12960	15974	19019	21425	24260	26990	29894	32360	36374	39511	42226	45206	48199	51242	53819	56738
------------------------	------	------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------

10.000
50.000 TROMP

ef tveir síðustu tölustafirnir í númerinu eru 57 eða 60

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

NÝBAKAÐ!



359
kr. 4 stk.

Bónus
Kjallarabollur
með osti, 4 stk.

NÝBAKAÐ!



259
kr. 4 stk.

Bónus Kringlur
4 stk.



398
kr. 400 g

Bónus Gulrótarkaka
400 g

**NÝBAKAÐ OG ILMANDI, BAKKELSI
Á HVERJUM DEGI Í BÓNUS**

**LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA**



398
kr. 220 g

Danskt Salami
220 g



659
kr. 3 pk.

Góu Prenna
3x200 g



78
kr. 330 ml

Pepsi og Pepsi Max
330 ml



119
kr. 500 ml

Pepsi og Pepsi Max
500 ml



398
kr. pk.

Kjörís Jóker
10 pinnar í pakka



498
kr. 1 l

Kjörís Sumarisinn
Með suðrænni límónu, 1 l



78
kr. 330 ml

Egils Mix
330 ml



159
kr. 500 ml

Gatorade Cool Blue
500 ml



298
kr. stk.

Heima Einnota Grill
600 g

198
kr. 4 stk.

Heima Grillbakkar
4 stk. í pakka.

398
kr. 1 l

Heima
Uppkveikilögur
1 lítri



698
kr. 3,5 kg

Royal Oak Grillkol
3,5 kg



198
kr. pk.

Trident Tyggjó
18 stk. í pakka, 3 teg.

NÝTT Í BÓNUS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1.679
kr. kg

Kjarnafæði Lambasirlonsneiðar
Kryddlegnar, ferskar

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT



1.998
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambakótilettur
Kryddlegnar, ferskar

1. FLOKKUR



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS



100%
Íslegt
ungnautakjöt

4stk
80 g

579
kr. 2x140 g

598
kr. 4x80 g

549
kr. 2x120 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g



1.298
kr. kg

Bónus Grísakótilettur
Með beini, kryddaðar

GOTT Á GRILLIÐ



10
PYLSUR

359
kr. pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.



198
kr. 500 ml

Heinz Tómatasósa
500 ml - 570 g



109
kr. 100 g

Steiktur Laukur
100 g



198
kr. 300 ml

Bónus Hamborgarasósa
300 ml



198
kr. 300 ml

Bónus Remúlaði
300 ml

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Um háskólamenntun í tónlist – framsækið nám í söng



Þóra Einarsdóttir
söngkona og aðjúnkt við tónlistardeild LHÍ

Söng- og hljóðfæranám á bakka-lárstigi er meðal þeirra námsbrauta Listaháskóla Íslands, LHÍ, sem eru í stöðugri þróun. Ég hef starfað við tónlistardeild LHÍ að framþróun og uppbyggingu söngnáms síðastliðin ár. Áhersla á teymisvinnu kennara er að mínu mati lykilþáttur í því að skapa námssamfélag þar sem hver og einn nemandi hefur kost á að þroskast og blómstra sem sjálfstæður listamaður. Teymisvinna kennara hefur mjög færst í aukana í grunnskólum og teymisvinna þjálfara er þekkt í heimi íþróttanna. Teymisvinna kennara opnar námsferlið og stuðlar að frumkvæði og sjálfstæði nemenda, samtali og starfsþróun kennara.

Síðastliðin tvö ár hefur söngkennslan í LHÍ verið í höndum okkar Kristins Sigmundssonar og við höfum kennt í teymisvinnu. Auk þess hafa nemendur sótt söngtíma hjá þriðja söngkennaranum, Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Við teljum mikilvægt fyrir þroska listamanns að hann kynnist fjölbreyttum hugmyndum líkt og í öðru námi í háskólum þar sem vísindaleg nálgun felur í sér að málin eru skoðuð frá mörgum hliðum



Í LHÍ gerum við okkur far um að vera sífellt að skoða og endurskoða námið og námsuppbyggingu með framþróun og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

og í ljósi mismunandi kenninga. Að vissu leyti má segja að nemandinn sé tekinn út fyrir þægindi þess að leggja allt sitt traust á einn kennara. Þessi nálgun sem þykir framsækin er byggð á nýjustu rannsóknum á tónlistarnámi á háskólastigi. Þó að einkakennsla sé enn mikilvægur þáttur í menntun tónlistarflytjenda eru sífellt fleiri háskólar að leita leiða til þess að brjóta upp hinar hefðbundnu kennsluaðferðir sem hingað til hafa verið ríkjandi. Sérstaklega hefur ríkari áhersla verið lögð á teymisvinnu kennara og kennslu í hópum.

Tekur mið af breyttum veruleika

Í LHÍ gerum við okkur far um að vera sífellt að skoða og endurskoða námið og námsuppbyggingu með framþróun og hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Söng- og hljóðfæranámið við LHÍ tekur mið af breyttum veruleika hvað varðar starfsvettvang tónlistarmanna, en aðeins lítil prósentu söng- og hljóðfæraleikara fær atvinnu eða fasta stöðu við símfónihljómssveitir eða óperuhús. Flestir sinna fjölbreyttum störfum á sviði tónlistar. Mikil áhersla er lögð

á samspil, kammertónlist og kór-söng, spuna og aðra skapandi vinnu í hópum í LHÍ. Að söngnáminu koma stundakennarar auk fjölda erlendra og innlendra kennara. Nemendur fá mikla þjálfun í sviðsframkomu þar sem þeir fá mörg tækifæri til að koma fram. Samstarf við Íslensku óperuna hefur veitt nemendum innsýn í æfingaferli óperu, þeir hafa tekið þátt í skapandi kynningarstarfi og jafnvel æft og sungið hlutverk við óperuna.

Þó að óperudeildir við erlenda háskóla séu yfirleitt á meistarastigi má vel vinna með óperuformið fyrr. Þannig fá nemendur nauðsynlega þjálfun í leiklist og sviðsframkomu. Óperur geta verið með ýmsu sniði. Það skemmtilega við óperuformið er hversu teygjanlegt það er, eins og Atli Ingólfsson bendir á í nýlegri grein sinni í Skírni. Sennilega er ein mest spennandi áskorun ungra söngvara að takast á við óperuformið og kanna nýjar leiðir jafnt því sem þeir dýpka þekkingu sína á sögu óperunnar og hefðum. Söngnemendur við LHÍ vinna senur úr óperum og fast við óperuformið á fjölbreyttan hátt. Aukin áhersla er nú á leiklistarnám og framburðar- og hljóðfræði og auk kjarna fræðigreina eru nemendur í sértækri kennslufræði og spuna.

Mikil aðsókn er í söngnámi við LHÍ og færri komast að en vilja. Nemendur sem sækja um í söngdeildina koma víðsvegar að; frá tónlistarskólum um allt land og bera þeir þeirri kennslu sem þar fer fram gott vitni og sýna að hæfileikarika nemendur og hæfa kennara er víða að finna.

Kirkjugrið og lög Guðs og manna



Þórir Stephensen
fv. dómkirkju-prestur og staðarhaldari í Viðey

A tburðir nýlegir í Laugarneskirkju hafa vakið upp minningu um kirkjugrið. Þau voru staðreynd á miðöldum. Þá giltu þau ekki aðeins innan kirkjuveggja í Laugarnesi, heldur einnig 40 skref út frá kirkjunni öllum megin. Á svipuðum tíma gildi það einnig, að væru Guðs lög og manna ekki sammála, skyldu Guðs lög ráða.

Allt er þetta liðin tíð, en ágætt að þetta skyldi koma upp nú á tímum mikillrar gerjunar fjölmenningsinnar, sem við hljótu að reyna að laga okkur að. Af þessu þarf að draga lærdóm.

Það fyrsta sem blasir við, þegar kirkjan andæfir yfirvöldum, er að hún er ekki ríkiskirkja. Hún hefur sinn grundvöll, hún hefur sinn boðskap og ótvíræða köllun, sem hún þarf ekkert að bera undir ríkisvaldið og gerir ekki eins og umræddir atburðir sýna. Hún hlýtur að standa með kærleikanum, fyrir lítilmagnann, reynandi að verja hans rétt.

Í Laugarnesi voru tveir prestar með fingur á þúsi þjáningar erlendra bræðra okkar, tveggja ungra manna, sem höfðu beðið sex eða sjö mánuði eftir úrskurði um landvist. Þeir eru með múslímskan bakgrunn, en atvikin höguðu því þannig, að það voru kristnir menn sem opnuðu þeim vináttu sína og reyndust þeim bræður. Vegna þess kristna kærleika, sem þeir nutu, báðu þeir um að mega sjálfir verða lærissveinar slíkrar hugsunar og fengu kristna skír, þegar þeirra tími var kominn. Þeir tóku þátt í safnadarstarfi í Hjallakirkju



Ég fæ ekki séð, að kirkjan hafi á nokkurn hátt reynt að hindra framgang réttvísinnar. Hins vegar reyndi hún að lengja arm kærleikans eins og henni var unnt.

og Laugarneskirkju. Þegar þeir vissu að þeir fengu ekki landvist og lög-reglan ætlaði að sækja þá, urðu þeir miður sín af vonbrigðum, sem hafa örugglega ekki verið þau fyrstu á flotta þeirra frá ógnarástandi heimalands síns. Eðlilega leituðu þeir þá í það skjólið, sem þeir höfðu fundið hlýjast, til kirkjunnar, prestanna sem ásamt safnadarfólkinu höfðu gefið þeim nýja lífsýn og umvafið þá bróðurhug.

Þá vaknaði minningin um kirkjugriðin og voru þau notuð á táknrænan hátt, af því að í þessu máli var kirkjan síðasta haldreiðið og helgi hennar óumdeild. Prestarnir létu vita af því að í kirkjunni yrðu hælisleitendurnir umvafðir kærleika vana sinna meðan stætt væri. Þeir sýndu lögreglunni enga andstöðu, enda

var kirkjan opin. Ég fæ ekki séð, að kirkjan hafi á nokkurn hátt reynt að hindra framgang réttvísinnar. Hins vegar reyndi hún að lengja arm kærleikans eins og henni var unnt. Láí henni það hver sem vill. En vegna margra mála, sem upp hafa komið að undanförnu, þar sem almenningi finnst að nokkuð skorti á mannúð er ég ekki viss um, að lög okkar séu svo réttlát, sem þau ættu að vera. Ég spyr einnig hvers vegna menn séu dregnir svo lengi á úrlausn mála, að það bjóði upp á erfiðleika við að slita þau tengsl, sem hljóta að myndast við slíkar aðstæður.

Hver eru „Guðs lög“ í dag? Svarið er einfalt. Þau eru kærleikslögmálið um bróðurþel og jafnan rétt allra manna. Þau eru Gullna reglan: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Fréttir segja, að mennirnir hafi verið sendir úr landi samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni. Um leid heyrði ég frá ábyrgum aðila, að henni væri nú beitt „miskunnarlaust“. Ég hélt, að hún væri leiðbeinandi í þessum efnun en ekki skipandi. Er ekki miskunnin kjarni kærleikans? Getu ekki aðstæður stundum verið þannig, að það sé miskunnin ein, sem skapar farsæla lausn?



Öfugsnúin mjólkurhagfræði



Þórólfur Matthiasson
hagfræði-professor



Landbúnaðarkerfið á Íslandi er þannig samansett að þegar verð á mjólkurvörum á heimsmarkaði lækkar er sú lækkun sjálfstætt tilefni til þess að verð á neyslumjólk og ostum til neytenda á Íslandi hækkar!

Þann 23. júní 2016 kynnti verðlagsnefnd landbúnaðarafurða ákvörðun sína um lágmarks heildsöluverð á nokkrum mjólkurvörum og um verð til bænda. Þessi ákvörðun er allrar athygli verð og jafnframt afhjúpanði fyrir það kerfi sem mjólkurframleiðslunni er búið. Í fyrsta lagi tilkynnti verðlagsnefndin ákvörðun sína um að lækka verð á nýmjólkur- og undanrennu-dufti um 20%. Í öðru lagi tilkynnti nefndin ákvörðun um að hækka heildsöluverð á flestum neytenda-afurðum (nýmjólk í fernum, rjóma, ostum, skyri) um 2,5%. Í þriðja lagi kynnti nefndin lækkun greiðslna vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur um rúm 2% (en þær greiðslur renna óskiptar til Mjólkursamsölunnar) og í fjórða lagi hækkaði nefndin verð til bænda um 2%.

Íðulega hefur verðlagsnefndin tilkynnt árlegar breytingar á verðlagningu mjólkurvara í aðdraganda verslunarmannahelgar. Nú er tilkynningin send heilum mánuði fyrir en vaninn er, kannski til að láta umfjöllun um hana „kafna“ í allri umfjölluninni um Evrópumæistaramót í knattspyrnu fremur en verslunarmannahelgarfréttum.

Vikjum nú að lærdómum sem hafa má af þessum tilfærslum:

Nýmjólkur- og undanrennu-duft eru notuð í matvælaframleiðslu, m.a. sælgætisframleiðslu. Heimsmarkaðsverð á nýmjólkur- og undanrennu-dufti hefur lækkað mikið frá því það var hvað hæst á árunum 2013-14 (úr ríflega 3.000 evrum á tonn af undanrennu-dufti 2013-14 í ríflega 1.500 evrum á tonn nú). Fríverslunarsamningur gera sælgætisframleiðendum (og sumum öðrum matvælaframleiðendum) kleift að skjóta sér undan okri á þessu hráefni með því að flytja framleiðslu sína úr landi eða með því að flytja inn erlent duft á fullum tollum. Lækkun verðlagsnefndarinnar á mjólkurdufti er augljóslega duftbröð við samkeppnisstöðu viðs frá erlendum framleiðendum. Væntanlega njóta matvælaframleiðendur ekki lágs duftverðs lengi því samkvæmt nýgerðum búvörusamningi

stendur til að hækka tola á dufti og ostum um 50% eða meira. Þegar sú breyting hefur gengið í gegn mun verðið á dufti væntanlega hækka aftur!

Velt yfir á neytendum

Afhjúpanði er einnig að verð á mjólk og mjólkurvörum er hækkað um 2,5% meðan verð hrámjólkur til bænda hækkar um 2%. Þannig er hluta af kostnaðinum sem mjólkuridnaðurinn hefur af samkeppninni við erlendu mjólkurduftframleiðendurna velt yfir á hinn almenna neytanda! Þarna er mjólkuridnaðurinn, í krafti lagafyrirmæla, í stöðu sem fær ef nokkrir aðrir vöruframleiðendur á landinu eru. Og verðlagsnefndin skirrist ekki við að nýta sér þessa stöðu til að senda neytendum reikninginn fyrir samkeppniskostnaði sínum.

Lækkun á verði nýmjólkur- og undanrennu-dufts á heimsmarkaði endurspeglar almenna lækkun á þessum vörutegundum. Væri allt með felldu stæðu neytendum nýmjólkur og osta á Íslandi frammi fyrir viðlíka lækkun á verði á þessum afurðum og notendur duftsins njóta. En neytendur nýmjólkur og osta eiga þess ekki kost að flytja viðskipti sín til annarra landa eða annarra framleiðenda nema í takmörkuðum mæli. Verðlagsnefndin sendir því þessum neytendum reikninginn fyrir lækkuninni á heimsmarkaðsverði á mjólkurdufti!

Sagt með öðrum orðum: Landbúnaðarkerfið á Íslandi er þannig samansett að þegar verð á mjólkurvörum á heimsmarkaði lækkar er sú lækkun sjálfstætt tilefni til þess að verð á neyslumjólk og ostum til neytenda á Íslandi hækkar! Og varðmenn kerfisins eru svo stoltir af þessari hugarsmíð sinni að þeir vilja festa það í sessi um ókomna tíð. Er annað hægt en að segja Huh og taka vikingaklapp fyrir þessum snillingum?

TILBOÐ

NÝ HEIMASÍÐA - WWW.BILALAND.IS

Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum!

Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!



FRÁBÆR KAUP Rnr. 320550
VW TOURAN
Nýskr. 2012, ekinn 185 þús. km,
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 2.790 þús. kr.
TILBOÐ 2.390 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 320486
RENAULT MEGANE SPORT TOU.
Nýskr. 2015, ekinn 49 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.090 þús. kr.
TILBOÐ 2.690 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 152011
NISSAN E-NV200 RAFBÍLL
Nýskr. 2015, ekinn 2 þús. km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.990 þús. kr.
TILBOÐ 3.590 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 283563
BMW 116 DÍSil
Nýskr. 2014, ekinn 10 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.990 þús. kr.
TILBOÐ 3.590 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 283496
SUZUKI SWIFT
Nýskr. 2012, ekinn 128 þús. km,
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 1.480 þús. kr.
TILBOÐ 1.250 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 152037
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2014, ekinn 80 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 6.450 þús. kr.
TILBOÐ 5.190 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 283432
TOYOTA PRIUS HYBRID
Nýskr. 2008, ekinn 114 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.980 þús. kr.
TILBOÐ 1.590 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 120871
HYUNDAI IX35 COMFORT
Nýskr. 2015, ekinn 36 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.990 þús. kr.
TILBOÐ 4.190 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 191911
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2013, ekinn 88 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.900 þús. kr.
TILBOÐ 4.990 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 152018
SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 2014, ekinn 81 þús. km,
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 3.890 þús. kr.
TILBOÐ 2.890 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 320529
MERCEDES BENZ ML 280 CDI
Nýskr. 2006, ekinn 160 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.490 þús. kr.
TILBOÐ 2.890 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 283286
PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 2014, ekinn 10 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 13.500 þús. kr.
TILBOÐ 10.900 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 143233
BMW X5 4.8 IS
Nýskr. 2007, ekinn 99 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.480 þús. kr.
TILBOÐ 4.690 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 143132
SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 2014, ekinn 88 þús. km,
bensín, beinskiptur.
Verð áður: 3.990 þús. kr.
TILBOÐ 2.990 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 191913
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2013, ekinn 91 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.900 þús. kr.
TILBOÐ 4.990 þús. kr.
Staðsetning: Kletthálsi 11



FRÁBÆR KAUP Rnr. 152155
BMW 116 D
Nýskr. 2015, ekinn 9 þús. km,
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 3.980 þús. kr.
TILBOÐ 3.490 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai - Kaupþúni 1



FRÁBÆR KAUP Rnr. 143251
MERCEDES BENZ GLK 220 CDI
Nýskr. 2015, ekinn 38 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 6.990 þús. kr.
TILBOÐ 5.990 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai - Kaupþúni 1



FRÁBÆR KAUP Rnr. 170426
HONDA CIVIC ELEGANCE
Nýskr. 2015, ekinn 13 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.790 þús. kr.
TILBOÐ 3.190 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai - Kaupþúni 1



FRÁBÆR KAUP Rnr. 360036
HYUNDAI SANTA FE II CRDI
Nýskr. 2008, ekinn 219 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.390 þús. kr.
TILBOÐ 1.790 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai - Kaupþúni 1



FRÁBÆR KAUP Rnr. 320488
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2013, ekinn 88 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.990 þús. kr.
TILBOÐ 4.990 þús. kr.
Staðsetning: Hyundai - Kaupþúni 1

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.



Guðni Valur Guðnason er ekki að fara í neina útsýnisferð til Brasilíu heldur ætlar hann sér í úrslitin og svo að vinna leikana eftir fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ætlar sér í úrslitin á ÓL í Ríó

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason bættist í gær í hóp Ólympíufara Íslands fyrir leikana í Ríó. Hann náði ekki lágmarki en stóð sig frábærlega á fyrsta stórmótinu um síðustu helgi og ætlar sér stóra hluti.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

FRJÁLSAR „Það var gaman að fá þessar fréttir, þó bjóst ég alveg við þessu,“ segir kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason sem í gær fékk boð á Ólympíuleikana í Ríó þrátt fyrir að hafa ekki náð lágmarki á leikana. Frjálsíþróttasamband Íslands mátti senda einn keppanda á leikana sem náði ekki lágmarki og ákvað stjórn FRÍ að það yrði ÍR-ingurinn Guðni Valur.

Guðni er tvítugur og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér. Hann keppti á EM í Amsterdam á dögunum sem var hans fyrsta stórmót en þar kastaði hann kringlunni 61,20 metra og varð í 22. sæti. Þetta var lengsta kast Íslendingsins á stórmóti frá upphafi en Íslandsmet hans eru 63,50 metrar.

„Mér líst hrikalega vel á að fara á Ólympíuleikana. Þetta er gott tækifæri fyrir mig. Ég mun reyna að komast í úrslitin þarna og verð svo Ólympíumeistari eftir fjögur ár,“ segir Guðni Valur léttur og hress en það er ekki að heyra á þessum unga afreksmanni að hann sé nokkuð stressaður fyrir að fara á stærsta íþróttamót heims.

„Það dettur kannski inn í fluginu til Ríó en núna er ég alveg rólegur,“ segir hann.

Besta kast ársins í Hollandi

Guðni bætti sig mikið á síðasta ári þar sem hann kastaði lengra nánast í hverri einustu viku. Það endaði svo með 63,50 metra kastinu sem er hans besti árangur. Hann hefur ekki

Þrjú keppa í frjálsum

Nú er orðið staðfest að Ísland sendir þrjú keppendur í frjálsum íþróttum til leiks á Ólympíuleikana í Ríó. Auk Guðna Vals fara Aníta Hinriksdóttir sem keppir í 800 metra hlaupi og Ásdís Hjálmsdóttir sem keppir í spjót-kasti.

Aníta varð í áttunda sæti á Evrópumeistaramótinu í Amsterdam á dögunum og Ásdís hafnaði einnig í áttunda sæti en hún komst í úrslitin í spjótinu.

Ísland sendir jafnmarga keppendur í frjálsíþróttum á leikana í Ríó í ár og fóru á ÓL í London fyrir fjórum árum. Ásdís Hjálmsdóttir er sú eina sem fer núna sem fór einnig til Lundúna en hún er að keppa á sínum þriðju Ólympíuleikum.

Kári Steinn Karlsson sem keppti í maraþonhlaupi og Óðinn Björn Þorsteinsson kúluvarpari fóru til Lundúna en fara ekki núna. Guðni Valur og Aníta koma ný inn og keppa á sínum fyrstu Ólympíuleikum.

Frjálsíþróttafólkið er nú í hópi átta íslenskra íþróttamanna sem hafa tryggt sér farseðilinn til Ríó en það hafa einnig gert fimleikakonan Irina Sazonova, júdómaðurinn Þormóður Árni Jónsson og sundfólkið Anton Sveinn Mckee, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir.

náð að bæta það í ár en er viss um að kasta lengra en það á Ólympíuleikum. Æfingar hafa gengið vel og hann náði sínu besta kasti á árinu í Hollandi. Þó reyndar ekki á Evrópamótinu sjálfu eins og flestir héldu.

„Laugardaginn fyrir EM keppti ég á öðrum stað í Hollandi og kastaði 61,85 metra,“ segir Guðni sem býst við að eiga annað eins ár núna og í fyrra. „Mig grunar að þetta sumar verði svipað og í fyrra þar sem hver vika var betri en sú sem leið. Í upphitun á EM átti ég hrikalega gott kast þar sem ég var nálægt 64 metra línunni sem hefði komið mér í úrslit.“

Guðna grunar að línan til að komast í úrslitin á Ólympíuleikum verði sett við 65 metrana en ekki 64 eins og á EM. Það þýðir að þessi ungi maður þarf mögulega að bæta sinn besta árangur um einn og hálfan metra sem er ansi mikið þegar menn eru byrjaðir að kasta yfir 60 metra.

„Bætingin verður alltaf minni og minni eftir því sem maður getur kastað lengra. Þetta er svo samt svakaleg tæknigreinin að maður getur alltaf dottið inn á eitt rosalegt kast. Það má lítið gerast til að þú kastir annað hvort svakalega langt eða bara fokkir öllu upp,“ segir Guðni Valur.

Lifið er kringla

Guðni Valur kveðst vitaskuld spenntur fyrir Ólympíuleikumunum og hann veit hvað það gefur honum í reynslubankann að komast núna til Ríó. Hann er þó ekkert að fara í neina útsýnisferð til Brasilíu heldur ætlar hann sér í úrslit og hann telur það raunhæft.

„Mér finnst það alveg raunhæft en kannski ekki öðrum. Það er gott að komast á Ólympíuleikana en ég er ekkert að fara bara til að fara. Ég ætla mér að komast í úrslitin. Það verður auðvitað gaman að vera á Ólympíuleikumunum en ég vil komast í úrslitin. Af hverju ætti það ekki að

Það er gott að komast á Ólympíuleikana en ég er ekkert að fara bara til að fara. Ég ætla mér að komast í úrslitin.

Guðni Valur Guðnason

Guðni Valur hefur ekki langt að sækja íþróttahæfileikana. Móðir hans er Hafdis Elin Helgadóttir, fyrrverandi landsliðskonunni í körfubolta.

Hafdis er næstleikjahæsta körfuboltakona í efstu deild á Íslandi frá upphafi. Hún spilaði 25 tímabil í röð fyrir ÍS og Val.

ganga? Ég er alveg nógu sterkur,“ segir Guðni Valur ákveðinn.

Það er ekki mikið annað en kringlan sem kemst að hjá Guðna þessa dagana. Aðspurður hvort lífið sé bara kringla svarar hann: „Já.“ Þó hann æfi stift gefur hann sér líka tíma til að eiga líf utan sportsins.

„Maður er á fullu að æfa. Ég æfi tvisvar á dag en ég lyfti aðeins minna. Ég er aðeins eftir mig eftir æfingarnar í vetur þannig að ég á enn eftir að léttast aðeins. Það liggur við að maður hafi ekki tíma fyrir neitt annað en það er alltaf tími fyrir eitthvað. Maður fer samt ekkert að djamma,“ segir Guðni Valur Guðnason. tomas@365.is

Nýjast

Pepsi-deild karla í fótbolta

Fjarðabyggð - Fram 2-1

1-0 Sveinn F. Guðmundsson (59.), 2-0 Jón A. Barðdal (69.), 2-1 Helgi Guðjónsson (86.).

Fjarðabyggð vann sinn fyrsta sigur síðan í annarri umferð en Fram er nú án sigurs í síðustu þremur.

Þór - Keflavík 1-2

0-1 Sigurbergur Eliss. (7.), 0-2 Hörður Sveinsson (29.), 1-2 Gunnar Ó. Stefánsson (76.).

Aðra umferðina í röð tapar Þór fyrir Suðurnesjaliði en Keflavík er komið aftur í toppbaráttuna.

HK - Huginn 1-1

1-0 Sveinn Aron Guðjohnsen (42.), 1-1 Rúnar Freyr Þórhallsson (90.+5).

Sveinn Aron Guðjohnsen, sonur Eiðs Smára, er næstmarkahæstur í deildinni með fimm mörk.

Grindavík - KA 2-2

0-1 Juraj Grizelj (4.), 0-2 Hallgrímur Mar Steingrímsson (43.), 1-2 Francisco Cruz (47.), 2-2 Jósef Kristin Jósefsson (82.).

Grindavík passaði að KA myndi ekki stinga af á toppnum með flottri endurkomu.

Selfoss - Haukar 1-0

1-0 Andrew James Pew (90.).

Selfoss lyfti sér upp í sjötta sætið með dramatískum sigri.

Leiknir R. - Leiknir F. 1-2

1-0 Elvar P. Sigurðsson (20.), 1-1 Kristófer P. Viðarsson (43.), 2-1 Kolbeinn Kárason (84.).

Reykjavíkur-Leiknir hafði betur í fyrsta nafnaslag liðanna á Íslands-móti og komst upp í 2. sætið.

Efri hlutinn Neðri hlutinn

1. KA	23	7. Fram	13
2. Leiknir R.	19	8. Haukar	11
3. Þór	19	9. KFF	10
4. Grindavík	18	10. HK	10
5. Keflavík	17	11. Leiknir F.	6
6. Selfoss	14	12. Huginn	5

Sigurbergur: 6 mörk og 4 stoðs. í 9 leikjum. 10 af 19 mörkum Kef. Eini markalausi leikur Kef þegar hann var meiddur. #MVP

Gisli Árni Gíslason
@GisliArni

MÆTIR GÖMLUM FÉLÖGUM Íslandsmeistarar FH mæta í kvöld írka liðinu Dundalk í fyrri leik liðanna í annarri umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram á Írlandi. Skotinn Steven Lennon, framherji FH, þekkir vel til Dundalk en hann spilaði tíu leiki með liðinu árið 2010. „Liðið er mjög breytt frá því ég var þarna og það er ekki einn leikmaður eftir. Eftir að ég fór voru fjárhagsvanddræði og árin 2011 og 2012 var félagið ekki langt frá því að verða gjaldþrota,“ segir Lennon í viðtali við heimasíðu FH um mót-herja dagsins.

Í dag

19.00 Valur - Selfoss Sport

18.00 Fylkir - Þór/KA Flóridanav.

18.00 ÍBV - FH Hásteinsvöllur

19.15 ÍA - Breiðablik Norðurálsv.

19.15 Stjarnan - KR Samsungv.

19.15 Valur - Selfoss Valsvöllur



OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II IN 18 CT WHITE GOLD


ROLEX

MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. júlí 2016

28. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

Hæri laun vegna aukins álags
Kjararáð hækkar laun embættis-
manna aftur í timann. Ríkisforstjórar
kvarta undan auknu álagi í starfi.

»5

Engin ákvörðun um sæstreng
Iðnaðarráðherra segir að sæstrengur
til Bretlands gæti borgað sig en engin
ákvörðun verði tekin fyrir kosningar.

»5

1.100 milljarða ábati Nintendo
Viðtökur við nýjum tölvuleik Nin-
tendo, Pokémon Go, hafa gjörbreytt
stöðu leikjaframleiðandans.

»6

Kínverski gjaldmiðillinn sígur
Lars Christensen segir að fagna ætti
gengislækkun í Kína. Hætta á verð-
hjóðnun sé meiri en á verðbólgu.

»8

Baulað á Mjólkursamsölu
Stjórnarmaðurinn gagnrýnir fram-
ferði MS og segir að Alþingi eigi að
hafna nýjum búvörusamningi.



Blikur á lofti í kísiliðnaðinum

Stjórnarmaður í kísilveri United Silicon segir að lítill ábati verði af starfseminni hækki kísilverð
ekki. Fjögur kísilver eru á teikniborðinu sem samtals kosta nærri 200 milljarða króna. Ketill
Sigurjónsson segir fjárfestingu í kísiliðnaði afar áhættusama og gagnrýnir lífeyrissjóði. »4

Ray-Ban
20%
afsláttur
13. til 20. júlí

Umboðsaðili **Ray-Ban** á Íslandi
Optical Studio
SMÁRALIND • KEFLAVÍK



Taktu vel á móti viðskiptavininum

Með HP RP9 kassakerfislausninni

Með Intel® Core™ i5 örgjörva

M7J39AV



STILLANLEGUR SKJÁR



AUKASKJÁR FYRIR VIÐSKIPTAVINI



FJÖLDI TENGIMÖGULEIKA

Kraftmikil en nett lausn

Það fer ekki mikið fyrir HP RP9 kassakerfislausninni, tekur lítið pláss á borði en afkastar miklu. RP9 kemur m.a. með 6. kynslóðar Intel® Core™ i5 örgjörva (M7J39AV) og getur tengst þráðlausu eða hefðbundnu neti, hentar allsstaðar þar sem þörf er á áreiðanlegri sambyggðri lausn.

Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

- Val um 15,5" eða 18,5" snertiskjá sem snýr að starfsmanni
- Val um allt að 14,1" snertiskjór sem snýr að viðskiptavini
- Fjölbreytt úrval aukahluta í boði

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

 **Opin Kerfi**
– allt er möglegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is



Framkvæmdir við kísilver United Silicon eru á lokametrunum. Magnús Garðarsson, stjórnarmaður í félaginu, er bjartsýnn á að kísilverð hækki. Gerist það ekki verði lítill afgangur af rekstrinum. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Veðjað á kísil þrátt fyrir mikið verðfall

Verð á kísil hefur fallið um þriðjung síðustu tvö ár. Stjórnarmaður í United Silicon segir að ekki verði hægt að greiða hluthöfum, sem meðal annars eru lífeyrissjóðir, arð haldist verð svo lágt. Sérfræðingur í orkumálum furðar sig á fjárfestingum lífeyrissjóða í greininni.

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Kísilverð hefur lækkað hratt undanfarið misseri. Það er nú um þriðjung lægra en það var fyrir tveimur árum. „Það er mjög alvarlegt mál og þetta verður erfitt ár fyrir okkur. Þegar við settum verkefnið í gang var kísilverð 2.400 evrur á tonnið en það hefur snarlækkað síðustu tvö árin og er komið niður í 1.600 evrur á tonnið“, segir Magnús Garðarsson, stjórnarmaður og hluthafi í United Silicon. Framkvæmdir við kísilver fyrirtækisins í Helgúvík eru á lokametrunum og gert er ráð fyrir að framleiðsla hefjist í ágúst. Þrjú önnur kísilver eru á teikniborðinu hér á landi þar sem heildarfjárfesting nemur um 190 milljörðum króna. Lífeyrissjóðir hafa komið að fjármögnun allra kísilveranna.

Magnús vonast þó til að markaðsaðstæður lagist á ný. „En þetta er alvarlegt mál, það gæti tekið nokkur ár, áður en markaðurinn jafnar sig.“ Haldist kísilverð óbreytt sé fyrirtækið nærri því að koma út á sléttu. „Það er ekki eins gaman og við ætludum okkur. Við vorum búnir að lofa fjárfestum okkar ávöxtun.“

Meðal hluthafa í United Silicon eru átta íslenskir lífeyrissjóðir. „Það mun taka nokkur ár áður en við náum að greiða arð. Á meðan marksverð er lágt, þá verður enginn

arður“, segir hann, en fyrirtækið hafi skuldbundið sig til að fara á markað innan tíu ára. Framleiðsla kísilvers United Silicon mun nema 23 þúsund tonnum á ári sem sé tæplega eitt prósent af heimsmarkaðsframleiðslu, sem er um 2,5 milljónir tonna á ári.

Fé lífeyrissjóðanna gæti tapast

Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum, furðar sig á að lífeyrissjóðirnir leggi fé í jafn áhættusaman rekstur og kísiliðnað. „Þarna er mikil óvissa og áhættan mikil, þess vegna er ég mjög undrandi á að lífeyrissjóðir séu að taka þátt í þessu. Það er kannski eðlilegt að lífeyrissjóðir hætti einhverjum litlum hluta í áhættufjárfestingar. En ég minni á það að þeir lögðu pening í Fáfni Offshore. Það eru bara tapaðir peningar. Það voru nokkrir milljarðar“, segir Ketill.

Íslenskir lífeyrissjóðir lögðu háar fjárhæðir í Fáfni sem sérhæfir sig í þjónustuskipum fyrir olíuindnaðinn. Búið er að afskrifa stærstan hluta þess fjár eftir að Fáfni lenti í talsverðum rekstrarerfiðleikum eftir skarpt fall olíuverðs. „Það var mjög óskynsamleg fjárfesting og mjög illa tímasett og rosalega áhættusöm sem tapaðist eiginlega á einu ári. Ég held að þetta sé fjárfesting sem sé í

svipuðum flokki.“ Því verði að gera ráð fyrir að það fé sem lagt hafi verið í kísiliðnað geti tapast innan örfárra ára að sögn Ketils. „En svo er möguleiki að það komist meira jafnvægi á markaðinn og verðið hækki“, segir hann.

Bjartsýnir á verðhækkun

Thorsil stefnir einnig á að reisa kísilver í Helgúvík, við hlið United Silicon. Fjármögnun er á lokametrunum að sögn Hákonar Björnssonar, framkvæmdastjóra Thorsil, en lífeyrissjóðir eru meðal fjárfesta sem fyrirtækið hefur reynt að fá að verkefninu. Heildarkostnaður við kísilver Thorsil verður um 275 milljónir dollara eða tæplega 34 milljarðar króna. Gangi það eftir er stefnt að því að 54 þúsund tonna kísilver taki til starfa síðari hluta ársins 2018.

Hákon segir greiningaraðila sannfærða um að verðlækkunin muni gangi til baka þar sem fyrirsjáanleg eftirspurn sé umfram framleiðsluaukningu. „Undanfarna mánuði hefur verð á málmum verið lágt. En það er sveifla sem búið var að spá að myndi verða. Þannig að menn eiga von á því að það gangi til baka.“ Þá séu þeir samningar sem Thorsil hafi þegar gert vel yfir þeim mörkum og félagið verði nærri því að koma út á

Þarna er mikil óvissa og áhættan mikil, þess vegna er ég mjög undrandi á að lífeyrissjóðir séu að taka þátt í þessu.

Ketill Sigurjónsson,
sérfræðingur
í orkumálum



sléttu. „Þeir tryggja okkur ákveðna afkomu“, segir Hákon.

Magnús segir verðlækkunina helst skýrast af því að tvö ný kísilver hafi verið opnuð á síðasta ári á Vesturlöndum. „Það er að skapast yfirframboð af kísil núna og það mun halda áfram í einhver ár.“ Hann bendir þó á að spár geri ráð fyrir að eftirspurn eftir kísil aukist um sex prósent á ári næstu árin.

Lítill afgangur hækki verð ekki

Á annan tug lífeyrissjóða og Íslandsbanki leggja um tíu milljarða í fjármögnun þriðja kísilverins, sem PCC reysir nú á Bakka við Húsavík, í formi láns og forgangshlutafjár. Heildar-

fjárfesting við byggingu kísilverins nemur 300 milljónum dollara eða um 37 milljörðum króna. Stefnt er að því að framleiðsla hefjist í desember árið 2017 þar sem kísilverið mun framleiða á milli 32 og 35 þúsund tonn á ári. Jökull Gunnarsson, framleiðslustjóri PCC, segir fyrirtækið gera ráð fyrir að kísilverið verði mun hagstæðara þegar framleiðsla hefjist í lok næsta árs. „Við erum frekar bjartsýnir á að botninum sé náð.“ En haldist verðið jafn lágt gæti róðurinn engu að síður orðið þungur. „Það er alveg á hreinu að það verður ekki mikill afgangur miðað við verðið eins og það er núna“, segir Jökull.

Fjórða kísilverið og það dýrasta í byggingu er sólar kísilver Silicor materials á Grundartanga. Sólar kísill er hreinni afurð en hefðbundinn kísill en stefnt er að því að heildarkostnaðurinn við að koma sólar kísilverinu á koppinn verði um 900 milljónir dollara, um 110 milljarðar íslenskrar króna. Í fyrsta hluta fjármögnunar verkefnisins voru lagðir inn 14 milljarðar af hlutafé, þar sem íslenskir fjárfestar og lífeyrissjóðir lögðu til um 8,4 milljarða samkvæmt frétt Morgunblaðsins frá því í september. Afganginn á að fjármagna með lántökum og hlutafé frá erlendum fjárfestum.

↓ 33% lækkan hefur orðið á kísilveri síðustu tvö ár.



190 MILLJARÐA kostar að reisa þau fjögur kísilver sem nú eru á teikniborðinu hér á landi.



5% af öllum þeim kísil sem framleiddur er í heiminum í dag munu kísilverin fjögur framleiða, komist þau á koppinn.



HÁTÍÐ MEÐ RÓMANTÍSKUM BLÆ

Það eru annasamir dagar hjá **Steinunni Jónsdóttur**, söngkonu Reyjavíkurdætra og Amabadama. Hún þeytist á milli landa og þenur röddina. Nýlega var það Hróarskelda, á morgun er það Spánn og síðan Bræðslan á Borgarfirði eystri.

Steinunn segir að líf tónlistarmannsins sé fjölbreytt í sumar. Hún á þó alltaf frí á milli og hefur þá nægan tíma fyrir soninn og kærastann, Magnús Jónsson eða Gnúsa Yones, sem er reyndar líka í Amabadama. „Ég hlakka mikið til að syngja á Bræðslunni, enda á ég ættir að rekja þangað austur,“ segir Steinunn. „Afi minn var frá Borgarfirði eystri og ég á marga ættingja þar. Ég fór einu sinni á ættarmót þarna og hef farið nokkrum sinnum síðan í heimsókn. Þetta er gullstaður sem gaman er að koma til. Í fyrravetur fengum við Gnúsi boð um að dvelja í listasmíðju á Borgarfirði eystri í tvær vikur. Það var mjög skemmtileg upplifun. Vel var hugsað um okkur, boðið upp á ljúffengan mat og meira að segja var búið til lítið kaffihús. Á þessum tíma var enginn ferðamannastraumur og við fengum kærkomið tækifæri til að iðka listsköpun okkar í þessu rólega og fallega umhverfi. Þetta er lítill bær og það var örugglega líka tilbreyting fyrir bæjarbúa að lá ný andlit en þarna voru fleiri listamenn. Bærinn hefur yfir sér ákaflega rómantískan blæ og ég hlakka mikið til að koma þangað aftur,“ segir Steinunn.

STÓR NÖFN

Steinunn segir að mikið verði um að vera á Borgarfirði eystri um þarnæstu helgi, 23. júlí, því auk Bræðslunnar verða tónleikar í félagsheimilinu Fjarðarborg á föstudeginum. Þar koma fram Jónas Sig og Ritvélur framtíðarinnar, Úlfur Úlfur og MurMur. Á Bræðslunni verður margt góðra gesta fyrir utan Amabadama, meðal annarra Nýdönsk, KK band og Soffía Björg. Erlendir gestir verða Sam Smith, Ed Sheeran og David Celia. Þá kemur fram hin danska Tina Diskow ásamt Helga Jónssyni.

NÝIR SUMARSMELLIR

Amabadama hefur verið að vinna að nýrri hljómplötu og verða nokkur lög af henni flutt á Bræðslunni. „Já, við verðum með ný lög í bland

” Borgarfjörður eystri er gullstaður sem gaman er að koma til.

Steinunn Jónsdóttir

við eldri. Við vonumst til að koma plötunni út seinna á þessu ári,“ segir Steinunn. Eitt lag, AI AI AI, hefur þegar verið í spilun og er búið að sitja á vinsældarlistanum í tólf vikur. Steinunn segir að fljótlega komi annað lag af plötunni á markað. Væntanlega annar sumarsmellur. „Við erum með reggítónlist og hún er alltaf svolítið sólar- og sumarleg,“ segir Steinunn sem var að pakka fyrir Spánarferð með Reykjavíkurdætrum.

FLOTT Á HRÓARSKELDU

„Ég var að koma heim úr vel heppnuðu tónleikaferðalagi til Noregs, Belgíu og Hróarskeldu í Danmörku. Okkur var einstaklega vel fagnað á Hróarskeldu og vorum með yfir tíu þúsund áhorfendur. Þetta var draumi líkast og kannski ástæðan fyrir því að maður heldur sig við tónlistina. Í dag höldum við til Spánnar þar sem við verðum á stóru festivali sem heitir FIB og er í Benicassim sem er 92 km frá Valencia. Þarna verða mörg stór nöfn. Reykjavíkurdætur munu syngja fyrir Druslugönguna í næstu viku en síðan verður haldið austur á land með Amabadama.

Reykjavíkurdætur gáfu nýlega út plötu sem þær stúlkur hafa verið að kynna. „Það er margt spennandi fram undan,“ segir Steinunn. „Svo verður örugglega nóg um að vera um verslunarmannahelgina. Um miðjan ágúst verður Amabadama að spila á mikilli hátíð í Bristol. Þar verður fjöldi góðra tónlistarmanna og ég myndi mæla með að þeir sem eiga eftir að fara í sumarfrí skelli sér á þangað.

Þetta er búið að vera skemmtilegt sumar. Vinnutíminn er óhefðbundinn en á milli tarna á ég góðan tíma með fjölskyldunni.

elin@365.is



Steinunn Jónsdóttir er í tveimur skemmtilegum hljómsveitum, Reykjavíkurdætrum og Amabadama. Það er nóg að gera hjá henni í sumar. MYND/HANNA



STÓRÚTSALA

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR

40%-50%
AFSLÁTTUR

Skoðið laxdal.is

BERNHARD
LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur
á Facebook



Heilsuréttir fjölskyldunnar

Grænmetislasagna

Purr augu?



Tvöföld virkni
Sex sinnum
lengri ending

Nýtt

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnpurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á táfílmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúrónsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

provision

Fæst í öllum helstu apótekum.



Keppt er í ellefu greinum á Hlaupahátíðinni, m.a. í Arnarneshlaupi og Vesturgötuhaupi. MYNDIR/GUÐMUNDUR ÁGÚSTSSON

HOLLAR OG GÓÐAR SAMVERUSTUNDIR

Hin árlega **Hlaupahátíð** verður haldin á Vestfjörðum um helgina. Keppt verður í fjölda greina og áhersla lögð á fjölskylduvænt umhverfi.

Hlaupahátíðin á Vestfjörðum verður haldin í áttunda sinn næstu helgi, dagana 15.-17. júlí. Hátíðin fer fram á Ísafjarðarsvæðinu og líkt og undanfarin ár verða fjölmargir viðburðir í boði, þar á meðal sjósund, Arnarneshlaup, Vesturgötuhaup og Vesturgötuhaup. Einnig er boðið upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna á Þingeyri á laugardegnum, en þá er hægt að fara í skemmtiskokk, skemmtihjólreiðar og skella sér svo í jóga á eftir að sögn Guðbjargar Rósar Sigurðardóttur, eins af skipuleggjendum hátíðarinnar.

„Við höfum alla tíð lagt áherslu á fjölskylduvænt umhverfi og góðar samverustundir enda mikilvægt að allir hafi eitthvað að gera á meðan á hátíðinni stendur. Í ár er einnig 150 ára afmæli hjá Ísafjarðarkaupstað og verða hátíðarhöld tengd afmælinu í samráði við hátíðina okkar. Það verður mikið um að vera á Silfurtorginu á föstudagskvöld þegar hlaupararnir koma í mark og er ætlunin að skapa skemmtilega stemmingu þar. Annars er laugardagurinn sannkallaður fjölskyldudagur og allir ættu að finna eitthvað að gera.“

Keppt er í ellefu greinum á hátíðinni og eru þátttakendur á öllum aldri enda lögð áhersla á að allir geti tekið þátt, óháð aldri og getu. „Fjöldi þátttakenda hefur aukist jafnt og þétt samhlíða fleiri greinum, en undanfarin ár hafa verið um 400 skráningar en margir taka þátt í fleiri en einni grein.“

GREINAR BÆTAST VIÐ

Upphaf hátíðarinnar má rekja til þess þegar Martha Ernsts dóttir, einn fremsti langhlaupari þjóðarinnar, flutti á Ísafjörð árið 2008. Fljótlega fór hún að viðr þá hugmynd við heimamenn að halda veglega hlaupahátíð á Vestfjörðum þar sem Óshlíðarhlaupið og Vesturgatan yrðu sameinuð. „Við töldum fyrst að það væri ekki grundvöllur fyrir því að halda tvær keppnir sömu helgina en ákváðum samt að slá til og héldum fyrstu hlaupahátíðina árið 2009.“

Næstu árin bættust nýjar greinar við og var síðasta viðbótin skemmtihjólreiðar sem bættust við árið 2014. „Við höfum rætt hvað það



Sjósundi var bætt við greinar hátíðarinnar árið 2011.



Guðbjörg Rós Sigurðardóttir er einn af skipuleggjendum Hlaupahátíðarinnar.

væri gaman að bæta við fleiri hjólreiðakeppnum og hver veit nema það verði að veruleika á næstu árum. Það krefst hins vegar mikillar skipulagningar og við viljum frekar gera vel það sem við bjóðum upp á, áður en við förum af stað með eitthvað sem við ráðum jafnvel ekki við.“

VESTFIRSK VERÐLAUN

Öll vinna við Hlaupahátíðina fer fram í sjálfboðavinnu og sjá sex manns um alla umgjörð. Þegar nær dregur bætast svo fleiri í hópinn að sögn Guðbjargar. „Einnig eru fjölmörg fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu sem styðja vel við bakið á okkur og gætum við þetta aldrei án þeirra aðstoðar. Nánast öll verðlaun á hátíðinni eru í boði fyrirtækja á svæðinu og í ár höfum við lagt áherslu á að hafa vestfirsk

verðlaun í forgrunni og vonum við að það falli í góðan jarðveg hjá þátttakendum.“

Hún segir hátíðina krefjast mikillar vinnu og skipulags þar sem allt þurfi að ganga upp. „Við treystum á marga sem aðstoða okkur og gætum við þetta aldrei án þeirra. Einnig er frábært að fá alla þátttakendur hingað vestur og leyfa þeim að kynna Vestfjörðunum betur og njóta þeirra með okkur. Þrátt fyrir alla vinnuna sem við leggjum í þetta þá fáum við þar margfalt til baka þegar okkur er þakkað fyrir frábæra hátíð og það er nóg fyrir okkur.“

Skráning fer fram á heimasíðu hátíðarinnar, www.hlaupahatid.is en þar eru einnig allar nánari upplýsingar og dagskrá. Auk þess eru hátíðin á Facebook undir Hlaupahátíð á Vestfjörðum.


NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á
Fréttablaðsappið
og lestu blaðið hvar
og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.

Þú færð appið á visir.is/fbl
eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ

Útivist

13. júlí 2016

KYNNINGARBLAÐ



Kristján Helgi Carrasco dreif sig á brimbrettanámskeið í vor og skellir sér nú í sjóinn hvenær sem tækifæri gefst. MYND/ANTON BRINK

Eins og að vera inni í þvottavél

Kristján Helgi Carrasco er mikill útivistargarpur. Snjóþretti, kajaksiglingar og fjallgöngur eru meðal hans helstu áhugamála og nýlega skellti hann sér á námskeið í brimbrettabruni. Nú nýtir hann hvert tækifæri á brettinu og segir glímuna við sjóinn heillandi áskorun.

„Ég er nýbyrjaður á þessu. Ég hafði haft áhuga á að prófa þetta og skellti mér loks á námskeið í vor hjá Surf.is. Nú er ég búinn að kaupa mér bretti og búning og get farið í sjóinn þegar mér hentar,“ segir Kristján Helgi Carrasco húsasmíðanemi en hann stundar brimbrettabrun hvenær sem tækifæri gefst.

Hvar ertu að bruna? „Ég fer í sjóinn við Þorlákshöfn. Þar er mjög þægilegt að vera og góðar byrjendaöldur. Engir straumar sem draga mann út og sandfjaran þar er laus við steina sem hægt er að slasa sig á. Námskeiðið sem ég fór á var haldið þar og byrjað í sandinum í fjörunni á að fara yfir hvað ber að varast og tækniatriðin kennd, róðrar-tækni og hvernig á að standa upp

og fleira. Svo drifum við okkur bara út í sjó.“

Er þetta líkamlega erfitt? „Þetta er erfitt fyrst. Það þarf að koma sér á brettinu út fyrir, þar sem öldurnar eru ekki farnar að brotna og það er þreytandi að róa út. Öldurnar brotna yfir mann og það eru oft smá læti í þessu. En svo getur maður aðeins slakað á á brettinu meðan maður bíður eftir að aldan grípi mann,“ segir Kristján.

„Á námskeiðinu fór ég nokkrar ferðir til að byrja með liggjandi á brettinu til að læra á það hvernig aldan virkar. Svo tókst mér að standa upp á brettinu, ekki í margar sekúndur fyrst en svo kom þetta fljótt. Þetta er rosalega gaman. Ég stunda snjóþretti líka og fer oft á kajak. Það gæti hafa hjálpað mér eitthvað að fá tilfinninguna fyrir

Þetta tekur ansi vel á og maður er að glíma við sjóinn, fer oft í kaf og öldurnar kasta manni til og frá eins og maður sé inni í þvottavél. Það geta verið dálítill læti í þessu og maður verður dauðuppgjafinn.

Kristján Helgi Carrasco

þessu og ná tækninni. Annars er lyklatríði að reikna út réttu staðsetninguna og vera í öldunni áður en hún brotnar. Þær brotna ekki alltaf á sama stað.“

Er þetta sport sem allir geta stundað? „Ég myndi mæla með því að vera í sæmilegu líkamlegu formi þegar fólk prófar brimbretti. Þetta tekur ansi vel á og maður er að glíma við sjóinn, fer oft í kaf og öldurnar kasta manni til og frá eins og maður sé inni í þvottavél. Það geta verið dálítill læti í þessu og maður verður dauðuppgjafinn. En það er líka það sem mér finnst heillandi við þetta sport. Að finna kraftinn í náttúruöflunum og hvað maður er í raun lítið það í sjónum,“ segir Kristján.

„Ég hef bæði verið að fara með félögum mínum en líka bara einn. Það er mjög gaman að vera bara einn í sjónum og glíma við þennan kraft.“

Er þetta ekkert hættulegt?

„Það fer auðvitað eftir aðstæðum og veðri, en í Þorlákshöfn eru aðstæður góðar og óhætt að vera. Ég skellti mér síðast í fyrrakvöld! Það er auðveldara að drífa sig af stað þegar maður er kominn með eigin græjur. Gallinn er að öldurnar eru ekki stórar á sumrin hérna við Ísland. Brimbrettabrun er aðallega stundað á haustin og á veturna hér á landi enda spyrja mig allir hvort mér sé ekki kalt. En maður er í þykkum blautbúningi og er einangraður eins og selur í sjónum. Maður finnur ekkert fyrir kulda fyrr en maður kemur upp úr og fer úr gallanum.“

Auðvitað væri draumur að prófa þetta einhvers staðar í hlýrra veðri og geta bara verið á sundbuxum en ekki í þykkum gallanum.“ heida@365.is

Stelpuferð um svissnesku Alpána

Tólf ungar konur, flestar úr björgunarsveitum á höfuðborgarsvæðinu, héldu í vikulanga hjólaferð um svissnesku Alpána í byrjun sumars.

„Okkur langaði að byrja hjólatíma-bilið með góðri ferð til að koma okkur af stað fyrir sumarið,“ segir Heiða Jónsdóttir. Hún hélt ásamt ellefu vinkonum sínum og kunningjakonum í vikulanga hjólaferð í lok maí á þessu ári. „Við vorum tvær vinkonur sem vorum upphafsmenn ferðarinnar og fengum til liðs við okkur vinkonur okkar sem flestar tengjast björgunarsveitum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Heiða, sem sjálf er í Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur og hefur undanfarin ár verið svokallaður undanfari í björgunarsveit.

„Vinkona mín á breska vinkonu sem ásamt manni sínum tekur á móti hjólahópum á heimili þeirra í bænum Verbier í svissnesku Ölpunum. Fyrirtækið kalla þau Bike Verbier. Við gistum því hjá þeim í heimahúsi í mjög góðu yfirlæti.“

Flestar tóku stelpurnar hjólin með sér að heiman en einnig var möguleiki að leigja hjól. Heiða hefur nokkra reynslu af hjólamennsku og hefur stundað fjallahjólamennsku á fulldempuðu hjóli hér heima um nokkurra ára skeið.

„Við vorum sóttar á flugvöllinn og ekið um klukkutíma upp í fjöllin til Verbier. Við gistum allar nætur hjá þessum góðu hjónum sem hugsuðu um okkur frá a til ö. Síðan hjóluðum við út frá þessum stað. Oft var okkur skutlað eitthvað hærra upp í fjöllin og við notuðum síðan daginn til að hjóla heim í hús,“ lýsir

Heiða og segir afar fallett að hjóla í svissnesku Ölpunum.

Fyrsti dagurinn var þó óhefðbundinn en þá voru allir hjólagarparnir teknir á námskeið í grunntækni. „Við lærðum heilmikla hjólaferni, til dæmis hvernig best sé að færa þyngdarpunktinn og svo lærðum við að þrjóna,“ segir hún glettin.

Á öllum hjólaleiðunum voru með í för reyndir hjólaleiðsögumenn sem gáfu góðar leiðbeiningar. Stelpurnar voru misvanar hjólamennsku en að sögn Heiðu fengu þær allar mikið út úr ferðinni.

„Við lentum í einu og öðru. Eitt sinn duttu nokkrar á malbiki af öllum stöðum og meiddu sig, og svo vorum við sí og æ að detta og rispa okkur eitthvað,“ segir Heiða, sem telur sig hafa lært mun betur að stýra hjólinu og vera mun öruggari með sig núna.

En hvað var skemmtilegast? „Að vera í fríi með skemmtilegu fólki. Ég er mikið fyrir útveru og því var þetta fullkomið frí, að vera úti allan daginn en enda svo með góðum mat og skemmtilegu fólki.“

Hjólaferðin var þó ekki eingöngu skemmtun heldur einnig góð æfing fyrir WOW-hjólakeppnina en sjó af stelpunum tóku þátt í keppninni síðar í júní. „Svissnesku brekkurnar og hitinn fengu lærin aðeins til að svíða, það var ágætis upphitun fyrir hringferðina.“

solveig@365.is



Ferðafélagarnir bregða á leik. Á öllum hjólaleiðunum voru með í för reyndir hjólaleiðsögumenn sem gáfu góðar leiðbeiningar.



NÁTTÚRU KRAFTUR

TREK PROTEIN STYKKI, HELDUR ÞÉR GANGANDI

GLÚTENLAUST – VEGAN



Snjór var engin fyrirstaða hjá hjólakeppunum, bara haldið áfram veginn.



Dansað af gleði úti í náttúrunni.



Hjólaleiðirnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar.

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24 | s. 512 5000

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Atli Bergmann | atli.bergmann@365.is | s. 512-5439

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

TRI

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SHIMANO



HJÓLREIÐAR



HLAUP



SUND



CUBE HYBRID



CUBE RACE



CUBE 29"

Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!

WWW.TRI.IS



#cube_your_life!



Verzlunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



Keilir frá toppi Trölladyngju. Grænadyngja og Trölladyngja liggja hlið við hlið og eru vinsæl fjöll til að ganga á. MYND/OLGEIR ANDRÉSSON/VISIT REYKJANES

Perlurnar á Reykjanesi

Reykjanesið býður upp á fjölmarga skemmtilega og spennandi möguleika. Frá höfuðborgarsvæðinu er stutt í margar náttúruperlur sem hæfa fólki á öllum aldri.

Reykjanesið er vanmetið útivistarsvæði sem býður upp á fjölmörg fjöll, vötn, gönguleiðir og ýmsar náttúruperlur. Hér verða gefin nokkur dæmi sem eiga það sameiginlegt að hæfa fólki á öllum aldri, ekki síst börnum og unglimum. Nánari upplýsingar um viðkomandi staði og fleiri til má meðal annars nálgast á visitreykjanes.is. Auk þess var nýlega gefið út gönguleiðakort á vegum Reykjanes Geopark þar sem merktar eru inn meira en 25 gönguleiðir og 55 áhugaverðir staðir.

Hvaleyrarvatn

Skammt fyrir ofan Hafnarfjörð liggur Hvaleyrarvatn í lítilli kvos, í skjóli frá veginum. Skógi vaxnar hliðar Vatnshlíðar, Húshöfða og Selhöfða umkringja vatnið sem er mikil útivistarparadís fyrir fólk á öllum aldri, ekki síst börn. Göngustígur liggur umhverfis vatnið auk þess sem margar gönguleiðir eru í nágrenninu. Hér er auðvelt að eyða sólríkum degi við leik, afslöppun og göngur með gott nesti.

Helgafell og nágrenni

Helgafell og nágrenni er mjög vinsælt útivistarsvæði þar sem hægt er að ganga upp á fjöll og fell, labba, hlaupa eða hjóla á fjallahjólum. Helgafell sjálft er 338 metra hár móbergsstapi með mjög fjölbreyttum og fallegum steinamyndum sem koma sífellt á óvart. Þótt fjallið sé ekki mjög hátt er útsýnið gott af toppnum. Við hlið Helgafells eru Valahnúkar sem eru öllu lægri en líka fallegir, Músaheilir og Húsfellu er í um tveggja km fjarlægð. Búrfellsgjá er líka skammt undan og rétt hjá Helgafelli liggur skógivaxin Lönguhlíð



Kleifarvatn og Sveifluhálsinn sem eru vinsæl göngusvæði.

MYND/OLGEIR ANDRÉSSON/VISIT REYKJANES

með skemmtilegum gönguleiðum og nestisstöðum.

Kleifarvatn og nágrenni

Kleifarvatn er eitt af stærstu vötnum landsins og er í 34 km fjarlægð frá Reykjavík. Mjög auðvelt er að komast að vatninu með því að keyra Krísvíkurléið sem liggur meðfram því. Hægt er ganga kringum vatnið og sitthvorum megin við það eru Sveifluháls og Vatnshlíðar með fjölda skemmtilegra gönguleiða allt um kring. Skammt frá vatninu er Krýsuvík sem margir telja eina fegurstu náttúruperlu landsins.

Keilir og Lambafellsgjá

Keilir er áberandi fjall á miðjum Reykjaneskaganum þótt ekki sé það mjög hátt. Gangan hefst við Höskuldavelli og er vegalengdin að fjallinu um þrjár kílómetrar. Fjallið sjálf er nokkuð bratt á köflum en ekki mjög hátt en útsýnið er þó ægífagurt, sérstaklega á björtum og sólríkum degi. Skammt frá Höskuldavöllum er Vestra-Lambafell þar sem hin fal-

lega Lambafellsgjá er staðsett. Gjáin er um 150 metra löng og sannkallaður ævintýraheimur. Út frá Höskuldavöllum liggja auk þess margar fallegar gönguleiðir sem hæfa flestum aldurshópum, t.d. upp á fjöllin Grænadyngju og Trölladyngju sem eru um 370-400 metra há.

Þorbjörn

Fjallið Þorbjörn er við hlið Bláa lónsins, skammt frá Grindavík. Við norðurhlið þess er Selskógur sem er vinsælt útivistarsvæði Grindvíkinga og þar liggur ein leiðin upp á rúmlega 240 metra hátt fjallið. Vegur liggur einnig upp á topp en þar má m.a. finna leifar af bandarískri herstöð. Frá toppnum er upplagt að labba niður Þjófagjána og fara niður að sunnanverðu um Gyltustíg. Þaðan er Reykjavegi fylgt vestanmegin og endað aftur í Selskógi. Hinum megin við Þjóðveginn standa saman Sýlingafell, einnig kallað Svartsengisfjall, og Hagafell en þar má m.a. finna Gálgakletta sem er vinsæll viðkomustaður.

SÍBS VERSLUN

Hlaupa- og göngusokkar



SÍBS Verslun

Síðumúla 6

108 Reykjavík

Sími 560 4802

verslun.sibs.is

- ALLT FYRIR - ÚTIVISTINA

TNF HEYERDAHL GÖNGUTJÖLD

Létt og fljótlegt að tjalda. Stöðugt í vindi og heldur vatni vel. Fáanlegt 2 og 3 manna

Verð frá
54.990 KR



DEUTER FUTURA BAKPOKAR

Margverðlaunaður bakpoki með frábæru burðarkerfi og baki sem loftar vel. Herra- og dömuútfærslur, margar stærðir

Verð frá
22.710 KR



TNF EXPLORATION GÖNGU- OG ÚTIVISTARBUXUR

Þægilegar úr fljótþornandi teygju efni. Til með og án renniláss á skálmum

Verð frá
13.990 KR



MEINDL KANSAS GÖNGUSKÓR

Vandaðir og þægilegir Nubuk leður gönguskór. Vatnsvarðir með GTX

Verð frá
39.990 KR



Notkun á drykkjarkerfi (vatnspoki með slöngu) í bakpoka verður til þess að þú drekkur jafnar, eykur orku og minnkar hættuna á því að ofþorna

– Heilræði frá sérfræðingunum í Glæsibæ

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



Bláberjamúffur eru ljúffengar og bestar með nýttindum íslenskum bláberjum.

Berjatíðin nálgast

Miklar líkur eru á því að berjaspretta verði góð á landinu. Enn eru þó um það bil þrjár vikur þar til berin verða fullspröttin. Það eru forréttindi að geta farið út í náttúruna og fyllt krukku af dásæmdarberjum og margt má búa til úr þeim.

Bláber eru ofurfæða. Það þýðir að þau eru ákaflega holl og vítamínrík. Fólk ætti því að nýta sér íslensk kræki- og bláber á meðan þau eru fáanlega úti í náttúrunni. Bláberjasultu og -saft er gott að eiga í handað-anum fyrir veturinn. Einnig er hægt að frysta bláberin og nota þau í heilsudrykki í vetur. Þá er hægt að baka ýmislegt úr bláberjum, setja þau í ís eða aðra góða eftirrétti.

Hér er uppskrift að bláberjamúffum sem eru vinsælar hjá öllum aldurshópum. Það er auðvelt að búa þær til og þægilegt

að taka með í útilegu. Múffurnar eru góðar með kaffisopa úti í náttúrunni.

BLÁBERJAMÚFFUR

Það sem þarf í 20 múffur.

- 4 egg
- 1 vanillustöng
- 200 g smjör
- 300 g sykur
- 5 dl hveiti
- 3 tsk. lyftiduft
- 3 dl rjómi
- 2 dl bláber



Hitið ofninn í 180°C. Skerið vanillustöng eftir endilöngu og skrapið út fræin. Hrærið smjöri, sykri og vanillufræjum saman þar til blandan verður ljósgul og létt í sér. Bætið þá einu og einu eggj úti í og hrærið á milli eggja. Bætið þá inn sigtuðu hveiti og lyftidufti. Loks er rjómanum blandað rólega saman við. Bláberin eru sett síðast og hrærd saman við með sleif. Bláberin eiga ekki að kremjast.



Lóa í hugleiðslu við fossniðinn en fyrir henni er veiðin heildstæð náttúruupplifun.

Veiði er ævintýri frekar en keppni

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður FKA, er mikil veiðikona og líður best á árbakkanum að velta fyrir sér hvar sé best að kasta næst.

„Það sem mér finnst svo dásamlegt við veiðina er kyrrðin, náttúran, rólegheitin, þegar maður er á sinni stöng úti í á þá dett ég inn í hugleiðslu þar sem ekkert annað skiptir máli og þar næg ég að hvílast rosalega vel,“ segir Lóa, eins og hún er oftast kölluð, sem segist vera alin upp við veiðimennsku.

„Ég var alltaf í sveit á sumrin og fékk þar veiðibakteríu og síðan hefur hún þroskast og þróast. Ég er í netveiði, stangveiði og skotveiði þar sem ég veiði mikið gæs og hreindýr, fer ekki mikið á rjúpu vegna þess að ég er alltaf á kafi í vinnu á þeim tíma árs þegar má veiða rjúpu. Það má eiginlega segja að ég stundi allar veiðar nema helst kastveiði með stöng, það er allt of mikill æsingur fyrir mig.“

Hún segist ekkert sérstaklega upptekin af stærð, þyngd eða magni. „Mér finnst stærðin ekki skipta máli og fjöldinn ekki heldur. Ætli stærsti fiskurinn sem ég hef veitt hafi ekki verið 80 cm og ég þurfti að sleppa honum, sem mér finnst ekkert skemmtilegt. Ég vil miklu frekar veiða minni laxa sem ég má taka með mér því ég er mikið fyrir að búa til mat og nýta það sem ég veiði.“

Lóa og fjölskylda hennar eiga jörð í Þingeyjarsýslu og með henni stóran hlut í veiðivatni. „Við erum hér upp undir mánuð á hverju ári og veiðum í net sem þarf að vitja um á hverjum degi. Það er auðvitað aðeins öðru vísi veiðilag en í stangveiðinni en ekki síður skemmtilegt.“

Fjölskyldan hefur fundið upp á ýmsum vinnsluaðferðum sem er nauðsynlegt þegar mikið kemur í netin. „Við gröfum silunginn, erum með sérstaka uppskrift sem er fjölskylduleyndarmál náttúrulega,“ segir Lóa og kímir. „Svo höfum við verið að fikra okkur áfram með að heitreykja silunginn en þannig er hann einstaklega góður í salat til dæmis. Svo borðum við óhemju mikið af ferskum silungi yfir sumarið og prófum þá ýmsar uppskriftir. Fólk er alltaf svo svangt í sveitinni og nýveiddur silungur er alltaf góður. Sérstaklega fiskur sem maður veiðir sjálfur.“

Lóa veiðir með vinum og fjölskyldu. „Ég er í tíu ára gömlum



Veiðihópurinn Vöðlur á góðri stund.



„Ég vil miklu frekar veiða minni laxa sem ég má taka með mér því ég er mikið fyrir að búa til mat og nýta það sem ég veiði.“

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

veiðihópi sem heitir Vöðlur og er skipaður nokkrum kjarnakönnum. Svo veiði ég mikið með manningum mínum og öðrum vinum og svo fer ég stundum með öðrum veiðihópum. Það veltur svolítið á sumrinu hvar ég veiði og með hverjum.“

Lóa finnst of mikil áhersla lögð á veiðar sem einhvers konar keppnisþrótt. „Mér finnst alltaf svo skrítið þegar ég kem heim úr veiðiferð og fólk spyr: hvað veiddirðu marga? Mér finnst það engu máli skipta. Ég er líka skíðamanneskja og fjallgöngukona og ég er aldrei spurð: hvað fórstu margar brekkur? Ég vil auðvitað frekar veiða, finnst það skemmtilegra en hvort ég veiði risafisk eða fimm eða tíu skiptir engu máli.“

Hún segir allt skemmtilegt við veiðina. „Undirbúningurinn fyrir ferðina, gleðin í hópnum og friðurinn sem fylgir ferðunum, að búa til minningar og treysta tengslin við vini og fjölskyldu. Fyrir mér er veiðimennska heildstæð náttúruupplifun frekar en keppni um lengd eða fjölda fiska, ævintýri frekar en keppnisferð.“

Eitt kort 35 vötn 6.900 kr

Frelsi til að veiða!

www.veidikortid.is

www.veidikortid.is

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30

VIÐ FLYTJUM ÞÉR FRÉTTIRNAR

365
FRÉTTASTOFA

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.



PUDDLE JUMPER KÚTAR
3.490 KR.
 VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



ZAMBELAN BARNA GÖNGUSKÓR
9.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 16.790 KR.
 STÆRÐIR 28-41



COLEMAN DRAKE 2 FAST PTCH
19.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



SCOTT WATERBAG
7.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.



CAMPINGAZ GASGRILL CLASSIC
 L 2 BRENNARA
19.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



SCARPA MOJITO
20% AFSLÁTTUR
 MARGIR LITIR.

SUMARMARKAÐUR ELLINGSEN

20-70%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



MERIDA CYCLO CROSS 300 47
129.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 199.990 KR.



COLEMAN DARWIN 2.
 TVEGGJA MANNA TJALD
 SÉRVERÐ
15.990 KR.

**ELLINGSEN
 100 ÁRA**



DRAINMAKER
50% AFSLÁTTUR
9.450 KR.
 VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.
 STÆRÐIR 37-41



MOUNTAIN HARDWEAR
30% AFSLÁTTUR
 AF ÖLLUM VÖRUM



COLEMAN SILVERTON
 250 SVEFNPOKI
9.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.



**50%
 AFSLÁTTUR
 DRAINMAKER**



MERIDA GÖTUREIÐHJÓL
 HERRA OG DÖMU
69.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 99.990 KR.



**30%
 DIDRIKSONS
 POLLAGALLAR**



**20%
 AFSLÁTTUR
 AF DEVOLD
 VÖRUM**



COLEMAN SILVERTON
 150 SVEFNPOKI
8.990 KR.
 VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



REDMOND DÖMU TRAILSKÓR
50% AFSLÁTTUR
9.995 KR.
 VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.
 STÆRÐIR 37-41

ELLINGSEN

SÍÐAN 1916

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
 580-8550

FISKIÐ 1
REYKJAVÍK
 580-8500

ELLINGSEN.IS



Laugavegurinn genginn

Laugavegurinn nefnist gönguleið á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Leiðin er 54 km löng. Leiðin hefur verið gríðarlega vinsæl hjá landsmönnum í áratugi og sífellt fjölga erlendum ferðamönnum sem vilja ganga þennan veg. Leiðin þykir ægifygur.

Ferðafélagið Útivist býður upp á göngu um Laugavegin 27.-31. júlí. Farið er frá BSÍ. Fyrstu nóttina er gisti í Landmannalaugum þar sem landslagið er skoðað og farið í fjallabað. Næsta dag er gengið yfir Laugahraun og hjá Brennisteinsöldu við Hrafninnusker. Þaðan er haldið suður eftir sléttum vestan Reykjafjalla og um Jökultungur þar til komið er að Álftavatni þar sem gisti verður.

Frá Álftavatni liggur leiðin fram hjá Hvanngili og um sanda í Emstrum, en á þessum degi þarf að vaða ár sem þó ættu ekki að vera erfiður farartálmi. Gisti í Botnaskála í Emstrum. Frá Botnaskála liggur leiðin yfir Syðri-Emstruá á göngubrú í fallegu gili og áfram sem leið liggur um Almennunga í Þórsmörk. Í Básam á Goðalandi bíður göngumanna grillveisla í einstöku umhverfi, en þar er gisti í notalegum skála. Áður en haldið er heim á leið á sunnudegi er farið í stutta göngu um nágrenni Básu.

Ferðin er miðlungserfið. Til gamans má geta að fyrsta ferð sem skráð var um Laugavegin var farin árið 1978. Fyrsta hópferðin var farið 1979 á vegum Ferðafélags Íslands, eftir því sem segir á Wikipedia.



Árleg gönguhátíð

Gönguhátíðin í Súðavík fer fram um verslunarmannahelgina en þetta er annað árið í röð sem hún er haldin. Boðið verður upp á fjölda gönguferða við allra hæfi um vestfirskt landslag í fylgd heimamanna, sem margir láta góðar sögur fylgja með um aðstæður fólks fyrr á öldum, og segja frá huldufólki og draugum.

Dagskráin hefst föstudaginn 29. júlí og stendur til mánudagsins 1. ágúst. Boðið verður upp á morgun-, miðdegis-, síðdegis- og kvöldgöngur auk þess sem styttri göngur verða í þorpinu sjálfu og börnin geta spreytt sig á ratleik með snjallsímanum.

Utan gönguferða eru ýmsir aðrir viðburðir í boði á hátíðinni, m.a. grillveisla, tónleikar, fjölskylduball og varðeldur og söngur.

Ókeypis er inn á suma viðburði, m.a. síðdegisgöngu um Súðavík í fylgd sveitarstjórnar. Styttri göngur kosta 1.500 kr. og þær lengri eru á 3.500 kr. þar sem nota þarf rútu. Börn á grunnskólaaldri borga hálf gjald. Hægt er að kaupa göngupassa á 5.000 kr. og fylgir aðgangur að tjaldsvæði en þó þarf að greiða 2.000 kr. í lengri göngur. Sömu helgi fer einnig fram Evrópumeistaramótið í mýrabolta á Ísafirði þannig að þeir sem eru að leita sér að hressandi og skemmtilegri hreyfingu um verslunarmannahelgina ættu að kíkja á Vestfirðina.


Skipuleggjendur Gönguhátíðarinnar eru Súðavíkurhreppur, göngufélag Súðavíkur, gönguklúbburinn Vesen og vergangur og Eyvindur ehf.

Nánari upplýsingar um Gönguhátíðina má finna á www.sudavik.is.

GÓÐUR FÖRUNAUTUR Í ÚTIVISTINA

Þegar lagt er upp í langferð sem leiða á til útivistar er mikilvægt að gera sér fulla grein fyrir hvað verið er að fara út í því fátt er leiðinlegra en að þurfa að hætta við skemmtilegan leiðangur vegna veðurs, færðar eða vanbúnaðar. Veður getur sett strik í reikninginn en einnig eru vegir í misgóðu ástandi. Á vef Vegagerðarinnar má finna ýmsar upplýsingar sem

eru gagnlegar fyrir ferðalanga. Þar er til að mynda að finna kort sem gefur ítarlegar upplýsingar um færð og ástand vega og er uppfært með reglulegu millibili. Þar má til dæmis sjá þegar fjallvegir hafa verið opn- aðir og hvernig bílum er best treystandi yfir ár miðað við vatnavexti. Þetta og margt fleira má finna á vegagerd.is sem ætti að vera upphaldsvefur útivistarfólks.



ER MYNDAVÉLIN ÍÞYNGJANDI?

Lausnir frá Peak Design gera það ánægjulegt að ferðast með myndavélina, hvort sem það er innan borga eða í óbyggðum

EVERYDAY MESSENGER TÖSKUR FRÁ PEAK DESIGN



Ögurharfi 2, 203 Kópavogur, sími 577 6000, garmin.is

GARMINBÚÐIN

Stærðir
36-56

ÚTSALA
30-80%

afsláttur af öllum útsöluvörum!

Ný vara

Léttir síðir jakkar

Fánlegir í bláu, svörtu og silfur gráu í stærðunum 36-56 á 16.990kr!

ÚTSALA!

Nýjar vörur og ENN LÆGRA verð á útsöluvörum

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS



PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 1.990
St. 36-56



BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.995
St. S-XL



PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL

BUXUR
ÁÐUR 9.990
NÚ 5.990
St. 38-48



TÚNIKA
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
St. S-XXL



KJÓLL
ÁÐUR 11.990
NÚ 4.990
St. S-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 9.990
NÚ 2.990
St. S-XXL



BOLUR
ÁÐUR 8.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL



JAKKI
ÁÐUR 13.990
NÚ 5.990
St. S-XL

KVART BUXUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL

Vorum að fá sendingu af nýjum vörum!



SÍÐUR BOLUR
4.990kr
St. S-XXXL

PEYSA
6.990kr
St. S-XXXL



TÚNIKA
8.990kr
St. 42-56



JAKKI
16.990kr
St. 36-56



TÚNIKA
8.990kr
St. 42-56



KJÓLL
7.990kr
St. S-XXXL

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



AÐEINS EITT HÚS EFTIR!
Glænýtt hjólhúsi á kynningarverði aðeins 1.990þ. NIEWIADOW N126 m/ klósetti. Truma miðstöð, ísskápur o.fl. Aðeins 1 stk. eftir til sýnis og sölu hjá Bílalíf bílasölu, Kletthálsi 2, s:562-1717. Rnr.352458

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



*Vissir þú að...
börn ega rætt
að leita sér*



SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.

Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Ford Transit húsbíll árg 2007 ek, 70 þús lengd 5,9 m. Markísa, sjónvarp, sólarsetta, vel hirtur eðalbíll, skipti á ódýrari möguleg. Verð 5.8 m raðn,122330.

Ferðavagnamarkaður Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is



VW Polo trendline. Árgerð 2011, ekinn 125 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.250.000. Rnr.310095.



SUBARU Legacy LUX. Árgerð 2014, ekinn 34 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.090.000. Rnr.991899.



MERCEDES-BENZ A 200 CDI AMG style. Árgerð 2015, ekinn 5 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.270381.



Kia Sportage world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 35 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.290316. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



LAND ROVER Discovery 3 HSE. Árgerð 2005, ek. 227 P.KM, dísel, skk. Flott eintak. Verð 3.000.000. Rnr.213884. www.netbilar.is s: 588-5300



VW Passat basic line/sedan. Árg. 2000, ek. 229 P.KM. Tilboðsverð 199þús. Rnr.113759. www.netbilar.is s: 588-5300



Metan/bensín M.BENZ E 200 Kompressor. Árgerð 2009, ekinn 136 P.KM. Sjálfskiptur. Verð 2.990þús. Rnr.213997. Gott verð fyrir góðan bíl. www.netbilar.is s: 588-5300



MAZDA Speed3. Árg. 2007, ekinn 63 P.MILUR, bensín, bsk. Stgr 1.650þús. www.netbilar.is s: 588-5300

Netbilar.is
Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,
201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakahf.is>

GÓÐIR Í SUMAR



TOYOTA Auris live diesel.
Árgerð 2016, NYR BÍLL, dísel, 6 girar. Filmur og fl **Tilboðsverð 2.990.000.** Nýr kostar 3.420.000. Rnr.330608.



HYUNDAI i10 gl.
Árgerð 2012, ekinn 107 P.KM, bensín, 5 girar. **Verð 950.000.** Rnr.219996.



TOYOTA Yaris terra.
Árgerð 2012, ekinn 91 P.KM, bensín, 5 girar. **Verð 1.550.000.** Rnr.330674.



SUBARU Impreza wrx 4wd.
Árgerð 2006, ekinn 135 P.KM, bensín, 6 girar.leður og fl **Verð 1.690.000.** Rnr.330646.



SUZUKI Sx4 glx 4x4.
Árgerð 2014, ekinn 28 P.KM, bensín, 5 girar. **Verð 2.980.000.** Rnr.211542.



BMW F800gs adventure.
Árgerð 2016, ekinn 3490 KM, bensín, beinskjirtur. **Verð 2.990.000.** Eigum líka 1200 gs 2012-2013 Rnr.115279.



TOYOTA Land cruiser 100 vx.
Árgerð 2003, ekinn 230 P.KM, dísel, sjálfskiptur.leður og fl topp bíll 7 manna **Verð 3.590.000.** Rnr.211585.



MERCEDES-BENZ A 180 cdi (000).
Árgerð 2012, ekinn 57 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. **Verð 3.490.000.** Góður staðgreiðsluafsláttur. Rnr.330547.



LAND ROVER Range rover sport.
Árgerð 2009, ekinn 78 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.leður,lúga. Besta verðið í bænum **Verð 7.990.000.** Rnr.211490.



LAND ROVER Discovery 4 se.
Árgerð 2013,7 manna ekinn 50 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. leður og fl **Verð 9.980.000.** Rnr.211477.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165



AUDI Q7 quattro.S- liner
Árgerð 2008, ekinn 120 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar.leður og fl **Verð 4.890.000.** Rnr.330675.



VW Caddy sendill.
Árgerð 2011, ekinn 69 P.KM, 5 girar. **Verð 1.550.000.án vsk.** Sem nýr. Rnr.115268.



FORD F350 platinum. 37" breyttur
Árgerð 2016,NYR BÍLL dísel, sjálfskiptur. **Verð 10.400.000. án vsk** Rnr.211448.



Bílafjármögnun Landsbankans

Engin ákvörðun tekin á kjörtímabilinu

Sæstrengur milli Íslands og Bretlands gæti haft 1,2 til 1,6 prósent jákvæð áhrif á landsframleiðslu og dregið verulega úr losun Breta á gróðurhúsalofttegundum. Verkefnið er ekki fjárhagslega tækt án stuðnings frá Bretum. Áhrif Brexit-kosninga hafa ekki verið metin.

Í ljósi óvissuþátta um sæstreng frá Íslandi til Bretlands verður engin ákvörðun tekin á þessu kjörtímabili um hvort farið verði í lagningu sæstrengs. Þetta kom fram í máli Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á fundi í gær þar sem skýrsla verkefnisstjórnar var kynnt. Skýrslum verkefnisstjórnar var skilað til ráðherra áður en Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Skoða þarf því nánar áhrif þess á verkefnið.

„Ég held að menn séu sammála um að tæknilega sé þetta möguleiki. Það sést í þessum skýrslum að að gefnum ákveðnum forsendum geti þetta verið ábótasamt. Sú stærsta er að til komi fjárhagslegur stuðningur frá Bretlandi,“ sagði Ragnheiður Elín á fundinum.

Hún sagði að þrátt fyrir þetta væru gríðarlegir óvissuþættir sem fylgdu framkvæmdinni, ekki væri til dæmis hægt að gera umhverfismat á áætluninni þar sem verkefnið væri á hugmyndastigi. „Ákvörðun verður ekki tekin nema að undangengnu miklu samtali, á grundvelli þessara upplýsinga sem við höfum aflað,“ sagði Ragnheiður Elín.

Í skýrslunni kemur fram að lagning sæstrengs milli Íslands og Bretlands sé þjóðhagslega hagkvæm og viðskiptalega arðvæn, ef bresk stjórnvöld eru reidubúin að styðja við verkefnið líkt og þau styðja í dag þarlanda nýja endurnýjanlega raforkuvinnslu.

Ef gengið er út frá 1.200 km löngum sæstreng með 1.000 MW aflgetu er nettó ábatinn fyrir Ísland um 1,4 milljarðar evra, jafnvirði 190 milljarða íslenskra króna, og árleg jákvæð áhrif á landsframleiðslu á bilinu 1,2 til 1,6 prósent. Einnig eru visbendingar um að lagning sæstrengs gæti bætt nýtni núverandi íslensks raforkukerfis um sem nemur 1,5 TWst á ári, og feli í sér auknið orkuöryggi. Raforkusala um

Ég held að menn séu sammála um að tæknilega sé þetta möguleiki. Það sést í þessum skýrslum að að gefnum ákveðnum forsendum geti þetta verið ábótasamt.

Ragnheiður Elín Árnadóttir



sæstreng gæti loks dregið úr losun Breta á gróðurhúsalofttegundum sem nemur 1 til 2,9 milljónum tonna af CO2 ígildi.

Sæstrengur kallar aftur á móti á fjárfestingar í raforkuvinnslu upp á 1.459 MW af nýju uppsettu afli (samkvæmt mið-sviðsmynd). Einnig er áætlað að sæstrengur leiði til hækkunar á raforkuverði á bilinu 0,85 til 1,7 kr./kWh, sem er um fimm til tíu prósent hækkun á raforkureikningi meðalheimila. Kemur sú hækkun þyngra niður á heimilum sem notast við rafhitun. Ýmsar mótvægisáðgerðir stjórnvalda eru þó í boði til að lækka bein áhrif á neytendur, til að mynda skattabreyting.

Í heildina er fjárfestingarkostnaður sæstrengsverkefnisins, með strengjum og umbreytistöðvum, flutningi innanlands á Íslandi og þörf fyrir frekari fjárfestingu í orkuvinnslu á Íslandi, áætlaður um 800 milljarðar króna. Viðræður milli viðræðuhópa Íslands og Bretlands hafa leitt í ljós að verkefnið er ekki fjárhagslega tækt án stuðningskerfis frá Bretum. Í ljósi sérstöðu verkefnisins þarf einnig að sérniða viðskiptalíkan, regluverk og

/// Dæmi um hugsanlega leið og lendingarstaði

Misjöfn reynsla í Noregi

Tengingar í norska raforkukerfinu við önnur lönd má rekja til 1976. Þrátt fyrir auknið orkuöryggi og auknar tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa sæstrengir í Noregi verið umdeildir bæði meðal almennings og forsvarsmanna í iðnaði. Orkuverð til neytenda hefur hækkað og ekki hefur verið farið í mótvægisáðgerðir fyrir norsk heimili. Samtök iðnaðarins í Noregi haf lýst andstöðu sinni við lagningu nýrra sæstrengja.

stuðningskerfi fyrir verkefnið, og fá samþykki eftirlitsaðila. Viðræður milli viðræðuhópa Íslands og Bretlands leiddu þrátt fyrir þetta í ljós áhuga Breta til að kanna málið frekar.

Skýrslum verkefnisstjórnar var skilað til ráðherra áður en Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Á fundinum kom fram að það er breskra stjórnvalda að svara hvaða áhrif það hefur á sæstrengsverkefnið. Óljóst er hvaða áhrif útganga Breta úr ESB hefur á orkustefnu Breta og hvort það leiði til þess að Bretar dragi úr áherslum sínum og markmiðum um að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sínum orkubúskap, sem hefdi þá neikvæð áhrif á verkefnið. Einnig þarf að skoða áhrif lækkunar pundins á viðskiptalegar forsendur verkefnisins.

Ákvörðun um hvort taka eigi verkefnið yfir á næsta stig verður ekki tekin innan viðræðuhópsins. Því er ljóst að engin ákvörðun verður tekin um framtíð sæstrengs fyrr en á næsta kjörtímabili.

saeunn@rettbladid.is

Markaðsvirði Nintendo hækkaði um 1.100 milljarða króna á örfáum dögum

Viðsnúningur hefur orðið hjá japanska leikjaframleiðandanum Nintendo. Gengi hlutabréfa í fyrirtækinu hefur rokið upp síðustu sex daga um 63 prósent. Þar af hækkaði gengi hlutabréfa um 24,5 prósent í viðskiptum á mánudag og 12,8 prósent á þriðjudag.

Hlutabréfahækkunin hefur leitt til þess að markaðsvirði fyrirtækisins hefur aukist um rúmlega níu milljarða dollara, eða 1.100 milljarða íslenskra króna, og nemur nú jafnvirði 3.800 milljarða íslenskra króna.


Hlutabréfahækkunin á mánudag var sú hæsta á einum degi hjá fyrirtækinu síðan árið 1983, þegar Nintendo Entertainment System fór á markað.

Líklega má rekja hækkunina til vinsælda nýja snjallsímaleiksins Pokémon GO, sem gefinn var út þann 6. júlí síðastliðinn. Nintendo á 33 prósent eignarhlut í Pokémon-fyrirtækinu og á hlut í Niantic sem þróaði Pokémon GO.

Í frétt BBC um málið segir að leikurinn hafi verið vinsælasta smáforritið í Bandaríkjunum þegar hann var gefinn út í síðustu viku.

Í leiknum þurfa notendur að finna Pokémon-dýr eins og Pikachu á alvöru staðsetningum. Milljónir hafa nú þegar náð sér í leikinn. Fleiri Android-notendur eru með leikinn á símanum sínum en stefnumótappið Tinder, samkvæmt gögnum frá Similar Web.

Ókeyppis er að ná sér í leikinn en



Snjallsímaleikurinn Pokémon GO hefur náð gríðarlegum vinsældum á stuttum tíma. MYND/NIAN TIC

hins vegar er hægt að kaupa auka PokéBalls og aðrar vörur í appinu.

Pokémon GO hefur einungis verið gefinn út í Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi hingað til, hins vegar hafa notendur fundið aðrar leiðir til að spila hann í öðrum löndum, til dæmis á Íslandi.

Hlutabréfi Nintendo hafa verið á niðurleið frá því í október á síðasta ári en eru nú á sama stað og fyrir ári.

Business Insider greinir frá því að greiningaraðilar hjá Deutsche Bank hvetji fjárfesta til að kaupa

bréfi Nintendo og segja að næstu leikir fyrir snjallsíma úr smíðju Nintendo sem væntanlegir eru á næsta ári; Zelda, Animal Crossing og Fire Emblem, muni líklega slá met Pokémon GO í vinsældum.

Á síðustu fimmtán árum náðu hlutabréfi Nintendo mestum vexti frá 2006 til 2007 en árið 2006 kom út ein vinsælasta varan í sögu fyrirtækisins, leikjatölvan Nintendo Wii. Frá 2007 hefur gengi hlutabréfa hins vegar lækkað verulega, eða um 71 prósent. – sg



Framkvæmdastjórnir fjármálafyrirtækja í Bretlandi eru einungis að 14 prósentum setnar af konum. NORDICPHOTOS/GETTY

Bónusar tengdir við kynjajafnrétti í bönkum

Stærstu bresku bankarnir og tryggingafyrirtæki, auk nokkurra bandarískra banka og fjárfestingarfyrirtækja, hafa skrifað undir áskorun breskra stjórnvalda um að fjölga konum í stjórnendastöðum.

Stjórnendur fjármálafyrirtækjanna hafa meðal annars samþykkt að tengja bónusgreiðslur framkvæmdastjórnar við það að ráða konur í stjórnendastöður. Fjölgi konum ekki í stjórnendastöðum gætu laun hæstráðenda lækkað.

Meðal fyrirtækja sem hafa skrifað undir áskorunina eru bresku bankarnir Barclays og HSBC, auk Deutsche Bank, Morgan Stanley og BlackRock. Samtals starfa 500 þúsund manns fyrir þessi fyrirtæki innan Bretlands.

Fyrirtækin munu setja sér markmið varðandi fjölbreytni í kynjasamsetningu hæstráðandi stjórnenda, gefa út framvinduskýrslur árlega og skipa framkvæmdastjóra sem er ábyrgur fyrir kynjajafnrétti.

Mikill kynjahalli er í breska fjármálageiranum. Samkvæmt skýrslu sem Jayne-Anne Gadhia, framkvæmdastjóri Virgin Money, stóð fyrir er fjórðungur stjórnarmanna breskra fyrirtækja konur, en þær nema einungis fjórtán prósentum í framkvæmdastjórn fyrirtækja. Innan fjármálageirans eru konur líklegastar til að vera í stjórnunarstöðum innan banka, en ólíklegastar meðal vognarsjóða og einkahlutabréfasjóða. – sg



Samkeppni

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri
Félags atvinnu-
rekenda

Lægri tollar – fleiri kostir neytenda

Margir neytendur hafa undanfarna daga ákveðið að beina viðskiptum sínum til keppinauta Mjólkursamsölunnar, eftir að Samkeppniseftirlitið ákvað að sekta MS um tæplega hálfan milljarð vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni.

Keppinautar MS á innanlandsmarkaði eru fáir og smáir. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er dregin upp mynd af markaði þar sem MS og Kaupfélag Skagfirðinga eru í sameiningu í nánast algjörru einokunarstöðu og ráða því sem þeim sýnist. Margar tegundir mjólkurvöru á Íslandi eru eingöngu framleiddar af MS og tengdum fyrirtækjum og kostir neytenda eru því takmarkaðir.

Allir kaupa hrámmjól af MS

Forstjóri MS benti líka á í viðtali á Bylgjunni 11. júlí að það væri ekki stórt áhyggjuefni þótt neytendur beindu viðskiptum sínum til minni keppinauta MS í vinnslu mjólkurvöru. Þeir kaupa nefnilega allir hrámmjól af MS, sem er eini seljandi hennar á Íslandi. Keppinautarnir eiga ekki val um hvar þeir kaupa hráefnið og þótt neytendur beini viðskiptum sínum til þeirra fær MS alltaf nokkuð fyrir sinn snúð.

Þetta er óheilbriggt kerfi, sem ástæða er til að vinna ofan af. Samkeppni á að ríkja í mjólkuriðnaði eins og öðrum atvinnugreinum á Íslandi og samkeppnislög eiga að gilda fullum fetum um greinina eins og aðrar. Samkeppniseftirlitið hefur áður lagt til að MS yrði skipt upp í smærri fyrirtæki. Félag atvinnurekenda hefur tekið undir það og sagt að nú séum við að nálgast þann tímamark að ástæða sé fyrir samkeppnisyfirvöld að beita þeim lagaheimildum sem þau hafa til að brjóta upp einokunnarrisann.

Skjótvirkasta leiðin

Slíkt ferli tekur hins vegar tíma. Skjótvirkasta leiðin til að fjölga kostum neytenda er að lækka tolla á innfluttum mjólkurvörum þannig að þær verði samkeppnishæfar við innlenda framleiðslu. Þetta hafa margir lagt til; síðast Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í skýrslu sem unnin var fyrir landbúnaðar-ráðherra um mjólkuriðnaðinn. Til þessa hafa stjórnmalamennirnir ekki hlustað. Í búvörusamningum, sem Alþingi á eftir að taka afstöðu til, er þannig ákveðið um að það eigi að hækka tollana á innfluttum mjólkurvörum og styrkja þannig enn einokunarstöðu MS.

Alþingi á að sjálfsgöðu að hafna slíkum samningum og ákveða þess í stað að lækka tollana og fjölga þannig vallkostum neytenda.

Portúgölsku hetjunum fagnað



Portúgalar hylla landslið sitt við heimkomuna í Lissabon á mánudag. Landslið Portúgals varð Evrópumeistari eftir 1-0 sigur á Frökkum á sunnudag. Portúgalskir fréttamiðlar greindu frá því að verkamenn í borginni hefðu fengið frí á mánudaginn til að fagna sigrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kínverska gengissigið



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Í fyrrasumar olli það verulegum taugatitringi á mörkuðum um allan heim þegar vangaveltur um gengisfall hins kínverska renminbis fóru vaxandi. En það sem hefur vakið miklu minni athygli er að kínverski seðlabankinn – Alþjóðbanki Kína (PBoC) – virðist á síðustu tíu mánuðum eða svo hafa tekið upp þá stefnu að láta kínverskt renminbi síga hægt.

Þannig er það mjög greinilegt að PBoC bindur nú ekki gengi renminbis við bandaríska dollarann og hann heldur ekki einu sinni gjaldmiðlinum stöðugum gagnvart myntkörfu eins og sumir höfðu

getið sér til að yrði nýja stefnan fyrir ekki svo löngu.


Ef við lítum á nafnvirði vegins meðalgengis renminbis gagnvart myntkörfunni sjáum við að kínverski gjaldmiðillinn hefur veikt um 5-6% síðan í október á síðasta ári. Það virðist kannski ekki mikið en ef gengissigið heldur áfram með sama hraða jafngildir það árlegu gengissigi kínverska gjaldmiðilsins um meira en 10% og þessa stundina eru engin merki um að PBoC ætli að hægja á gengissiginu. Reyndar litur út fyrir að hraði gengissigsins hafi aukist nokkuð á síðustu vikum.

Það ætti að vegsama renminbi

Sumir kynnu að halda því fram að Kínverjar séu nú í hættulegu „gjaldmiðlastríði“ og að það séu engir sigurvegarar í keppni um að veikja gjaldmiðla. En þeir líta fram hjá mikilvægu atriði – að Kína þarf lausbeislaðri peningamálastefnu til að tryggja að niðursveiflan í kínverska hagkerfinu breytist ekki í algera efnahagslægd.

Þannig er gengislækkun renminbis aðeins afleiðing þess að kínverski seðlabankinn er að losa um peningamálastefnuna og er sem slík jákvæð fyrir öll hagkerfi heimsins, sem myndu skaðast verulega ef kín-

Nafngengisvísitala kínverska renminbisins



verska hagkerfið – það næststærsta í heimi – félli niður í efnahagslægd.

Í verðhjöðunarheimi ættum við að taka „gjaldmiðlastríðum“ fagnandi – í þeim skilningi að heimskeppni í að prenta peninga er einmitt það sem þarf til að halda aftur af verðhjöðunarþrýstingi. Heimurinn í dag líkist fjórða áratugnum meira en þeim áttunda. Vandamálið á heimsvísu er ekki of mikil verðbólga heldur of mikil verðhjöðun.

Auk þess ættu menn að athuga að PBoC er að reyna að vega upp á móti áhrifum hertari peningamarkaðsskilyrða í Bandaríkjunum

á kínverska hagkerfið. Þannig er það sennilega ekki tilviljun að eftir á að hyggja virðist PBoC hafa hafið gengissstefnu sína um sama leyti og seðlabanki Bandaríkjanna tilkynnti í október í fyrra að hann ætlaði að hækka stýrivexti nokkrum sinnum á árinu 2016.

Hnattræna hagkerfið hefur hægt verulega á sér síðasta árið og á meðan áhyggjur af hagkerfi Bretlands og evrusvæðisins fara vaxandi er það rétt af PBoC að halda áfram að leyfa renminbi að veikjast. Reyndar gæti hraðara gengisfall renminbis átt rétt á sér og það gæti komið til þess fyrir en seinna.

EM sumargleði



Hin hliðin

Halldóra
Matthíasdóttir
útibússtjóri Íslands-
banka Garðabæ,
formaður
þrjúbráutarnefndar
ÍSI og Dale
Carnegie þjálfari

Það er létt yfir landanum. Gott gengi strákanna okkar á EM hafði mjög jákvæð áhrif á andlega heilsu þjóðarinnar og við gleðjumst enn fremur yfir góðu gengi kvenna-

landsliðs Íslands í knattspyrnu. Stelpurnar okkar eru nú í 16. sæti á styrkleikalista FIFA og fóru upp um fjögur sæti eftir sigra á Skotlandi og Makedóníu í undankeppni EM en úrslitakeppnin fer fram í Hollandi á næsta ári. Landslið kvenna er í 9. sæti í röð Evrópuþjóða. Keppendur okkar á EM í frjálsum íþróttum tóku við keflinu af fótboltastrákonum. Þær Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir komust báðar í úrslit í sínum keppnisgreinum og enduðu báðar 8. sæti og Arna Stefánía Guðmundsdóttir í undanúr-

slit og endaði í 18. sæti á EM sem er frábær árangur. Enn gleðst landinn.

Samkennd þjóðarinnar og hæfileikinn til að fagna einlæglega og gleðjast hefur vakið jafnmikla ef ekki meiri athygli en árangurinn í EM-keppninni sjálfri. Erlendir fréttamiðlar og netheimar keppast um að birta samantektir af íþróttafrekinu á EM og fögnuði Íslendinga, sérstaklega vikingaklappinu. Svo merkileg er öll þessi samstaða og tjáning landans að mannfræðingar um víða veröld hafa fundið sér nýtt rannsóknarefni sem er sam-

staða og hamingja lítillar þjóðar í ljósi íþróttafreka.

Það er mikilvægt að fagna góðum árangri hvort sem er í íþróttum eða viðskiptum og það höfum við, íslenska þjóðin, klárlega gert þannig að eftir því hefur verið tekið um allan heim. Landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson fóru af stað með það markmið að komast alla leið á EM og blésu eldmóði í landsliðið. Sama hefur Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna, gert og frjálshljóð okkar setur sér stöðugt

ný markmið að stefna að með frábærum árangri.

Þessi frábæri árangur á EM bæði í knattspyrnu og frjálsum íþróttum hvetur fólk áfram, eflir nýliðun í íþróttgreinum og er mikil vítaminsprautu fyrir komandi verkefni.

Strákarnir okkar þakka áhorfendum og allri hvatningunni að heim-an. Við hjá Íslandsbanka þökkum á sama hátt viðskiptavinum okkar fyrir óskir um gott gengi. Án þeirra, án fráberrar samvinnu undanfari- ar og samstöðu, hefðum við ekki náð markmiðum okkar.

VEIÐIÞORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–16.

SAGE

Scott
HIGH PERFORMANCE
FLY RODS

Chota
Outdoor Gear

aquaz

Sinarsson
fly fishing

VAXTALAUST
LÁN TIL 12
MÁNAÐA

Poweron slöngubátar með hörðum botn



Auðvelt að setja saman. Bátarnir koma í tösku og passa í skottið á venjulegum fólkubíl.

320 cm - **199.000 kr**

360 cm - **249.000 kr**

420 cm - **UPPELDUR**

Nánar á veidiportid.is



Jaxon rafmótor 55 lbs. hjóðlátur og vistvænn

Fullt verð **59.900 kr**

30% af rafmagnsmótorum

Barnavöðlur



Barna og unglíngavöðlur í öllum stærðum. í veiðina, vaða í læknum við sumarbústaðinn eða í leikskólann 4 lítir stærðir 20-42

Verð 9.900 kr

Jaxon öndunarvöðlur



Hvergi betra verð á 4 og 5 laga öndunarvöðlum. Frábærar vöðlur sem endast. Yfir 400 vöðlur seldar

Lækkað verð 29.800 kr

Nýtt mól af Pvc vöðlum.



Betri stígvél og belti fylgir. Niðsterkar og henta vel við erfiðar aðstæður.

Verð 10.950 kr


Fin klostígvél



Fin klostígvél fyrir þá sem þurfa ekkert að vaða mikið.

Verð 8.900 kr

Chota vöðluskór úr leðri



Amerískir gæða skór sem endast og endast...

25% afsláttur af dömustræðum!

Fullt verð 32.900 kr

Tilboð

Dömustræðir 24.675 kr
Herrastræðir 29.900 kr

Jaxon vöðluskór

Léttir, þægilegir og ódýrir vöðluskór frá Jaxon

Fullt verð 15.900 kr

Tilboð 12.900 kr



Flugustangar sett



Jaxon 9 feta Monolith flugustöng linustærð 4-5-6-7 eða 8, gott diskabremsu hjól, hólkur, lína, undirlína og taumur

Fullt verð 38.000 kr

Tilboð 29.900 kr

Strandveiðisett




Okkar besta 15 feta strandveiðistöng, Jaxon Prosurf 700 8 legu strandveiðihjól, 250 m. af 70 punda ofurlínu, sökkur, slóðar, beitutegja og sigurnagglar.

Allt til að byrja

Fullt verð 47.875 kr

Tilboð 39.900 kr

Flökunarhnífar



Flökunarhnífar í úrvali

Verð frá 2.900 kr

Veiðivesti



Gott úrval af flottum veiðivestum

Verð frá 5.900 kr

Ný vefsíða komin í loftið
veidiportid.is



Frábært 7 feta byrjenda-sett fyrir silungsvæði. Stöng, lína, hjól, spúnar, önglar, krækjur og flot.

Fullt verð 14.750 kr

Tilboð 9.900 kr

Polaroid gleraugu



Mikið úrval af polaroid gleraugum.

Verð frá 3.900 kr

Rapala sætishlífar

Passar á allar gerðir framsæta. Vatnsheldar og niðsterkar 2 í pakka

Verð 7.900 kr



Neoprene sætishlífar

Neoprene sætishlífar á aftursæti. Vatnsheld og auðvelt að setja á. Passar á flestar gerðir bíla

Verð 14.900 kr



Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Birtingarmynd kerfisins

Samkeppniseftirlitið hefur eins og kunnugt er sektað Mjólkursamsöluna um 480 milljónir króna vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Með einföldun má segja að MS hafi selt keppinautum á borð við Örnú, Mjólku og Kú mjólku á uppsprengdu verði, en undirverðlagt mjólkina til eigin framleiðsludeildar og í endursölu til Kaupfélags Skagfirðinga. KS er einmitt annar tveggja eigenda MS. Hinn er Auðhumla, samvinnufélag í eigu kúabænda.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins staðfestir það sem lengi hefur verið almannarómur. Mjólkursamsalan hefur um áráraðir gert keppinautum lífið leitt og markvisst reynt að keyra þá í þrot. Sagan af Mjólku og mörgum öðrum, sem þurft hafa að leggja upp laupana meðal annars vegna háttsemi MS er staðfesting á því.

Mjólkursamsalan hefur reynt að kæfa alla samkeppni í fæðingu með tilheyrandi tilkostnaði fyrir neytendur, sem greiða eitt hæsta verð fyrir mjólkurvörur sem fyrirfinnst á byggðu bóli. Því er það sem olía á eldinn að heyra forstjórnann staðhæfa að öllum fjárhagslegum skakkaföllum sem til falla vegna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins verði velt yfir á neytendur.

Félög eins Mjólkursamsalan eiga ekki raunverulega eigendur, þau verða ríki í ríkinu og valda-stöðvar fyrir stjórnendurna. Bréf í slíkum félögum ganga almennt ekki kaupum og sölum, stjórnendurnir eiga ekki beina fjárhagslega hagsmuni undir (að öðru leyti en sinn mánaðarlega launatékka) og tilvist þeirra fer því oft að snúast um eitthvað allt annað en það sem telja má hefðbundin viðskipti. Mál Mjólkursamsölnnar er rakió dæmi um slíkt.

Augljóst er jafnframt að bændur una hag sínum ekki vel í núverandi kerfi. Fjárhagsleg kjör bænda eru almennt slæm og gríðarleg sóun innbyggð í kerfið. Þeir bænda sem hafa trú á eigin getu hljóta að fagna hugmyndum um að ríkisstyrkjum til landbúnaðar verði hætt, eða þeir til minnsta kosti skrúfaðir niður til mikilla muna. Dæmi frá öðrum löndum sýna að greinin þyrfti ekki að kvíða slíkum breytingum til lengri tíma lítið.

Núverandi fyrirkomulag á nú að festa enn frekar í sessi með búvörusamningum sem liggja fyrir Alþingi. Undarlegt er að flokkar sem kenna sig við frjáls viðskipti ihugi eina sekúndu að veita slíku helsismáli framgöngu.



55

MILLJARÐAR KRÓNA

Flugfélagið WOW air hefur fest kaup á fjórum nýjum Airbus A321 flugvélum beint frá framleiðanda Airbus. Listaverð vélanna er 55 milljarðar íslenskra króna eða 459,6 milljónir Bandaríkjadala og verða nýju flugvélnar afhentar árin 2017 og 2018. Floti WOW air nú er 11 flugvélar og fer í 17 flugvélar á næsta ári.

7%


LÆKKUN OLÍUVERÐS

Hrávöruverð á olíu hefur farið lækkandi á ný síðastliðinn mánuð. Frá 23. júní hefur Brent-hráolia farið undir 50 dollara á tunnu. Þrátt fyrir hækkunir í gær hafði verðið lækkað um tæplega sjö prósent á tímabilinu. Verð á West Texas hráolíu var 50,11 dollarar á tunnu þann 23. júní síðastliðinn en hefur síðan lækkað um tæplega níu prósent.

12.07.2016

Þannig að það er alveg ljóst að það eru engir sjóðir í félaginu sem hægt er að ganga í þannig að svona sektir, hvort sem það eru 100 milljónir, 1.000 milljónir eða 2.000 milljónir koma bara frá einum stað. Úr vösum neytenda.

Ari Edwald, forstjóri MS



NÝTT Á STÖÐ 2 MARAÐON

HORFÐU Á HEILU ÞÁTTARADIRNAR ÞEGAR ÞÉR HENTAR



365.is | Sími 1817

STÖÐ 2 MARAÐON FYLGIR VÖLDUM SJÓNVARPSPÖKKUM 365.

365

bilasala 100bilar.is



MMC Outlander Instyle, 5/2016, módelár 2015, bensín/rafmagn, plug in hybrid, nýr og óekinn bíll, ásett verð 5.650 þús, er á staðnum, raðnr 152472

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga, lokað
laugardaga
www.100bilar.is

BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



ÖRUGGI PRAKKARINN!!
'15 VOLVO S60 R-LINE. EK 33 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK 8 GÍRA...STÆRRI VÉLIN. VIRKAR ÖTRÚLEGA VEL!!! ÁSETT 5.680 PÚS. #451676. S: 580 8900



THE FLASH!!!
'02 SKOTA OCTAVIA RS TURBO 180 HÓ. EK 232 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK... HANN ER RAUÐUR, ELDSNÖGGUR OG SKEMMILEGA ÚTBÚINN!!! ÁSETT 699 PÚS. #470933. S: 580 8900



PALLBÍLA VINNUHESTUR!!
'04 SSANGYONG MUSSO SPORT. EK 181 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...ÓDYRRASTI SJÁLFSKIPTI DÍSEL PALLBÍLLINN Á MARKAÐNUM!!! TILBOÐSVERÐ 780 PÚS. #440150. S: 580 8900

Borgarbilasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

Bílar til sölu



Toyota Aygo X-Play árg. 9/2014 Ek.11 þús sparneytin (5ltr), bakkmyndavél. Verð staðgr. 1.800.000,-Uppl. í s. 8961339



SUZUKI GRAND VITARA árg. 2004, ekin 168 þús.km, sjálfsk. skoðaður 2016, leður, dráttarkrúkur,álfelgur, nýleg dekk. Verð 800 þús. Sími: 8221943



Nissan Murano 2005 ek.200þús BÍLLINN lítur vel út og er í góðu standi en er með bílaða sjálfskiptingu óska eftir tilboðum Uppl.í s. 6960080



DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !
VW Polo 1,4 comförtline. 2010, tveir eigendur, ekin 51. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.580.000,- Uppl. í s. 8223322

500-999 þús.



TILBOÐ 690 PÚS - 100% LÁN
HONDA JAZZ 1,4LS árg 2004 ek 152 þús, beinsk. ný skoðaður 17, bíll í toppstandi og lýtur mjög vel ut ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955



FLOTTUR POLO - TILBOÐ 790 PÚS

VW Polo Comförtline 1,4 árg 2007, ek.126 Þús, 5 gíra beinskíptur, 5 dyra,eyðir 5,2ltr/100, vel með farinn bíll, ásett, verð 890 Þús Tilboð 790 Þús Möguleiki á 100% láni í allt að 36 mán S.841 8955

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 PÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Lyftarar



Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.



Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

Hjólbarðar

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfríði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR
Pakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spórtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Þakpappalagnir.

Eitt besta verðið.

S. 778 8322

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

STIGA



Stiga Estate Pro 9122
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor B&S 8240 Intek mótór Sérstyrktur sláttubúnaður 360 litra grasuppsöfnunarkassi

Askallind 4. Kóp. Sími 564 1864
www.verslunarsol.is

VERSLUNARTÆKNI

Stubbahús



www.verslun.is
Þöntonarsími: 5351300

Útsala stórar plöntur. Veljum íslensk. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

VINNUPALLAR ÓSKAST !

Óska eftir að kaupa vinnupalla. Uppl. í s. 775 5511

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnskæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Barnavörur



Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Herb. eða studio íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707

markaður

Bakhúsið
Nytjamarkaður Grensásvegi 14

Inn sundið á milli húsanna. Fullt af bílastaðum bakvið.

Símar 662 7222 og 578 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is

Viltu gefa kompuddót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum. Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.

Opíð virka daga 11-18 og laugardaga 11-16

til leigu

HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

Sumarbústaðir

Glæsileg útsýnislóð 5h í nánd við Heklu. Leyfi f. 30fm aðstöðuhúsi. Verð 4míllj. Ýmiss skipti koma til greina. Uppl. í s. 865 6560

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Óska eftir málara eða manni með mikla reynslu. Uppl. í s. 660 1787 a1malun@a1malun.is

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguvíðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

VÉLAVÖRÐUR

Vantar á 70 tónna sæbjuðgnabát. Vélstærð 447 kw. Uppl. í s. 846 4889 og 483 3548 hver@simnet.is

Atvinna óskast

PROVENTUS STARFSMANNAPJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálpastarf kirkjunnar

fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÓTU 4, SÍMI 570 4500, OPID VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Fellsás 9A - Mosfellsbæ. Parhús. Tvær íbúðir

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPID
HÚS

267,7 fm. parhús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Mosfellsbæ með innbyggðum 33,3 fm. bílskúr. Búið er að loka á milli efri og neðri hæðar og er nýtt í dag sem sithvor hæðin. Auðvelt er að opna aftur á milli hæða. Auk þess er búið að útbúa 32,2 fermetra stúdíó íbúð undir bílskúr með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Aukin lofthæð er á efri hæð eignarinnar og svalir til vesturs.

Verð 64,9 millj. Eignin er í enda botnlanga með óhindruðu útsýni yfir sundin, Snæfellsjökul og Esjuna.

Til sölu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í gólfögnum fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúðarhúsnæði

- Vel rekið og arðbært fyrirtæki
- 200 milljón króna velta / EBITDA 50 milljónir
- Mikil veltuaukning milli ára
- Gott orðspor / Mikil góðvild
- Tækifæri til veltuaukningar
- Stórir viðskiptavinir
- Mörg verkefni framundan



Jón Rafn Valdimarsson
löggiltur fyrirtækja, fasteigna- og skipasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

atvinna



Starfsmaður óskast

Óskum eftir að ráða vanan mann til starfa á skotbómulyftara, gröfu og önnur tæki. Framtíðarvinna.

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000



Starfsmenn í tiltekt pantana og bílstjóra til útkeyrslu framleiðsluvara

Esja Gæðafæði og Kjötbankinn sem hafa nýlega sameinast í eitt öflugasta matvælafyrirtækið á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir starfsmönnum í tiltekt pantana og einnig eftir bílstjóra til útkeyrslu framleiðsluvara. Dagvinnu tími er frá kl. 7-15,15 alla virka daga.

Vinsamlegast sendi umsóknir á
Leif Þórsson, Bitruháls 2, 111 Reykjavík
eða á leifur@esja.is

tilkynningar



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hólaberg 86

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. júlí 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Hólahverfi, vegna Hólabergs 86. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur til vesturs frá núverandi húsi, felld er niður kvöð um göngustíg meðfram bílastæði og innkeyrsla á bílastæði frá lóð nr. 84 er felld niður og verður aðkoman beint inn frá Hólaberg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Spöngin, eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2-4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. júlí 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reitsins 2.376. Í breytingunni felst, í megin atriðum, að allur götoreiturinn er skipulagður sem ein lóð í stað þriggja lóða áður. Lagt er til breytt fyrirkomulag byggðarinnar, 1-4 hæða byggingar raðast í kringum inngarð. Heimild er fyrir allt að 120 íbúðum og verslun- og þjónustu austast næst Spönginni. Gildandi deiliskipulag reiknar með tveimur íbúðarhúsalóðum með 35 íbúðum að Móavegi 2 og 4 og skipulagi er frestað í Spönginni 3-5. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **13. júlí 2016 til og með 24. ágúst 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 24. ágúst 2016.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 13. júlí 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Endalaust 365

ENDALAUST NET



1817

365.is

365

Ertu reynslubolti með bíladellu?

Við leitum að þjónustulíprum reynslubolta, bifvélavirkja eða viðgerðarmanni á smur- og hjólbarðaverkstæði í Reykjanesbæ.

Fjölbreitt og spennandi starf í góðum félagsskap.

Helstu verkefni:

- Almennar bílaviðgerðir
- Smur- og hjólbarðapjónusta

Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.

Hæfniskröfur:

- Bifvélavirkjun, vélvirkjun eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af bílaviðgerðum
- Samskiptahæfni og vönduð vinnubrögð

Bæði kyn eru hvött til að sækja um laus störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030 eða gegnum netfangið dagur@n1.is.



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAF T



TAX FREE

VIKA

11. TIL 15. JÚLÍ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM AUKAHLUTUM TIL
FERÐALAGA T.D STÓLAR • BORD • SÓLTJÖLD • GRILL • HITARAR
FORTJALDSDÚKUR - SÓLARSELLUR • FORTJÖLD • MARKÍSUR
ELDHÚSÁHÖLD • MATARSETT • GLÖS • POTTASETT • TÖSKUR
AFRÉTTARI • TRÖPPUR • HLIÐARSPEGLAR • RUSLAFÖTUR
SJÓNVÖRP • FERÐAKLÓSETT • KLÓSETTEFNI



VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ

Auðvitað greiðum við VSK til Ríkisins en við gefum 20% afslátt af öllum ferðavörum.

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 10 TIL 18 • LAUGARDAGA 12 TIL 16

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1465** Orrustan við Monthéry: Her Loðvíks 11. Frakkakonungs biður næstum því ósigur fyrir her Karls af Búrgund.
- 1793** Charlotte Corday myrðir franska byltingarsinnann Jean-Paul Marat í baði. Hún er tekin af lífi með fallöxi fjórum dögum seinna.
- 1832** Henry Rowe Schoolcraft kemur að upptökum Mississippifljóts.
- 1837** Viktoría Bretadrottning flytur inn í Buckinghamhöll, fyrst enskra þjóðhöfðingja.
- 1878** Serbía fær sjálfstæði frá Tyrkjaveldi með Berlínarsáttmál-anum.



- 1985** LiveAid tónleikarnir fara fram á nokkrum stöðum um heiminn. Þeir áttu að vera mikilvægur liður í að styrkja stöðu bágstaddir í Afríku.
- 2005** Fyrirverandi forstjóri WorldCom, Bernard Ebbers, er dæmdur í 25 ára fangelsi fyrir þátt sinn í einu stærsta fjárvikamáli í sögu Bandaríkjanna.



Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari hefur gefið út tvær plötur, verið valin bæjarlistamaður Akureyrar og er konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Vettvangur fyrir ungt tónlistarfólk á Húsavík

Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari heldur tónleikaröð á Húsavík í júlí og ágúst. Þar koma að mestu fram húsviskir tónlistarmenn. Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld og eru það Lára og breskur píanisti sem ríða á vaðið með íslenska og breska tónlist í bland.

„Ég er sem sagt frá Húsavík, þó ég búi ekki lengur þar – ég ákvað því að setja af stað tónleikaröð í samstarfi við Menningarmiðstöð Þingeyinga og hlaut styrki frá bæði Uppbyggingarsjóði og Norðurþingi. Mig langaði til að auka frambóðið af klassískum tónleikum um sumartímamann, það er náttúrulega mikið af ferðamönnum á Húsavík á þessum tíma og svo líka bara fyrir íbúana,“ segir Lára Sóley Jóhannsdóttir sem í kvöld heldur fyrstu tónleikana af þremur í tónleikaröðinni Sumarklassík í Safnahúsinu á Húsavík ásamt breska píanistanum Dawn Hardwick.

Lára er fiðluleikari og ólst upp á Húsavík þar sem hún hóf tónlistarnám. Hún útskrifaðist úr Royal Welsh College of Music and Drama árið 2006 og hefur síðan þá starfað sem fiðluleikari og söngkona og einnig sinnt kennslu hér á landi. Lára hefur gefið út tvær plötur – Hjalta og Lára árið 2013 og síðan Draumahöll sem kom út árið 2015. Hún hlaut listamannalaun til þriggja mánaða árið 2015 auk þess sem hún var útnefnd sem bæjarlistamaður Akureyrar 2015-2016 og starfar sem

Allir sem koma fram tengjast Húsavík á einhvern hátt... nema auðvitað breski píanistinn. Svo er þetta bara í rauninni heimafólk eða fólk sem tengist Húsavík að einhverju leyti.

konsertmeistari hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

„Markmiðið mitt er að búa til vettvangur fyrir ungt fólk. Þriðju tónleikarnir eru t.d. með nemendum í listaháskólum, annar er í Listaháskóla Íslands og hinn í tónlistarháskólanum í Ósló. Síðan eru tónleikarnir sem eru aðrir í röðinni – þá eru það kennarar við tónlistarskólann á Húsavík og starfandi tónlistarmenn sem búa á Húsavík sem verða að spila.“

Verður sem sagt Húsavíkur-þema í vali á þeim tónlistarmönnum sem koma þarna fram?

„Já, það má segja það. Allir sem koma fram tengjast Húsavík á einhvern hátt...“

nema auðvitað breski píanistinn. Svo er þetta bara í rauninni heimafólk eða fólk sem tengist Húsavík að einhverju leyti.“

Breski píanistinn Dawn Hardwick kemur fram með Lára á þessum fyrstu tónleikum í röðinni en hún er líkt og Lára útskrifuð úr Royal Welsh College of Music and Drama sem og Royal College of Music í London. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir píanóleik og spilað reglulega með London Philharmonic Orchestra, Ulster Orchestra og Royal Philharmonic Orchestra. Dawn leikur einnig með Piano Circus, tónlistarhópi skipuðum sex píanóleikurum sem flytja gjarnan nýja, klassíska tónlist.

Í kvöld ætla þær Lára Sóley og Dawn að spila íslenska og breska tónlist í bland. Þær munu spila verk eftir Jón Nordal, Edward Elgar og Graham Fitkin. Einnig munu þær flytja útsetningu Lára Sóleyjar á Vornæturljóði Elisabetar Geirmundsdóttur og nýtt verk fyrir fiðlu og píanó. Næsta vetur munu þær svo flytja þessa sömu dagskrá í Bretlandi. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í Safnahúsinu Húsavík og miðaverð er 2.000 krónur. stefanthor@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Þorbergur Sveinsson
húsasmiðameistari og sjómaður frá Barðsnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Hamri Mosfellsbæ 8. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 18. júlí kl. 13.00.

Ingibjörg Símonardóttir

Berglind Þorbergsdóttir
Sigurður Sveinn Þorbergs.
Sigrún Þorbergsdóttir
Simon Hrafn Vilbergsson
Tómas Lárus Vilbergsson
Jón Valgeir Jónsson
Linda Sólveig Birgisdóttir
Ástþór Vilmar Jóhannsson
Inga Arna Heimisdóttir
Hafdis Þorvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Kristján Hörður Ingólfsson
tannlæknir,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 7. júlí. Útförin fer fram föstudaginn 15. júlí kl. 13 frá Bústaðakirkju í Reykjavík. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Þórey S. Guðmundsdóttir

Ingólfur Kristjánsson
Jón Egill Kristjánsson
Sigurður Kristjánsson
Ólafía Einarsdóttir
Ríta Moi
Ingibjörg Birna Ólafsdóttir
og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Pétur Pétursson
múrari,

lést á dvalarheimilinu Kumbaravogi, Stokkseyri, laugardaginn 9. júlí. Útför hans fer fram frá Stokkseyrarkirkju föstudaginn 15. júlí kl. 15.00.

Birkir Pétursson
Agnar Pétursson
Gylfi Pétursson
og fjölskyldur.

Ragneiður Hallgrímsdóttir
Hjórdís Þorfinnsdóttir
Hafdis Sigurðardóttir

ÞETTA GERÐIST 13. JÚLÍ 1973

Eldfjalli Heimaeyjargossins gefið nafn

Eldfjalli sem myndaðist í Heimaeyjargossinu, sem stóð frá 23. janúar 1973 til 3. júlí sama ár, var gefið nafnið Eldfell, að tillögu örnefnanevndar, 13. júlí árið 1973. Fjallið, sem er rétt rúmlega 200 metra hátt, er á Heimaey í Vestmannaeyjum.

Gosið er hið fyrsta sem hefst í þorpi á Íslandi og var sprungan gríðarstór í upphafi og stóðu eldtungurnar marga metra upp í loftið.

Það voru loftskeytamaðurinn Hjálmar Guðnason og vinur hans Ólafur Ganz sem börðu náttúruhamfarirnar fyrstir augum og tilkynntu til lögreglu sem trúði tíðindunum ekki í fyrstu. Eftir nánari athugun voru bæjarbúar vaktir með brunalúðrum og streymdu þeir niður að bryggju. Flestir sem upplifðu gosið telja að klukkan hafi verið fimm mínútur yfir tvö þegar jörðin opnaðist og gosið hófst.



17
2017

Örugg bifreiðaskoðun er besti ferðafélaginn

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM



A.T.H

FRÍTT WI-FI OG LJÚFFENG
GÆÐAKAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Mundu að aftasti stafurinn í
bílnum þínu táknar þann mánuð
sem mæta á með bílinn í skoðun.

JU 17 567



Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tþjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.

Starfsemi er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi.

Ökuþrófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is




Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Viða hæg breytileg átt í dag. Skýjað og litilsháttar væta norðan- og austanlands. Skýjað með köflum og skúrir á víð og dreif í öðrum landshlutum, en þurrst að mestu á Vestfjörðum. Hiti allt að 18 stigum, hlýjast suðvestanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík 11° ↖ 10	Ísafjörður 12° ↖ 4	Akureyri 15° ← 3
Egilsstaðir 15° ↖ 2	Kirkjubæjarkl. 10° ↖ 4	Hveravellir 10° ↑ 9

Föstudagur

Reykjavík 12° ↖ 9	Ísafjörður 12° ↖ 5	Akureyri 14° ↖ 10
Egilsstaðir 9° ← 11	Kirkjubæjarkl. 10° ← 7	Hveravellir 11° ↑ 10

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- hróss
 - tveir eins
 - þvottur
 - hyggja
 - tveir eins
 - goðmöggn
 - nafnbætur
 - stefna
 - oflitið
 - fálm
 - tveir eins
 - fimur
- LÓÐRÉTT**
- ungt
 - pot
 - knús
 - kvabb
 - dröfnóttur
 - á sjó
 - skst.
 - ilmur
 - upphrópun
 - eyðileggja

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lófs, 6. vgg, 8. tan, 9. trú, 11. óð, 12. tötem, 14. vtel, 16. úr, 17. van, 18. fum, 20. gg.
LÓÐRÉTT: 1. nít, 3. or, 4. fadmleg, 5. suð, 7. yróttur, 10. útt, 13. etv, 15. angí, 16. uff, 19. má.

Skák Gunnar Björnsson

Gallagher átti leik gegn Brunner í Bern árið 1993.

1...Bxb5! 2. Dxb5 Bxh2! 3. Hxh2 er svarað með 3...Dxf3+. Hvítur á ekkert gott svar gegn 3...Bg1+ og gafst því upp. Hjörvar og Guðmundur báðir að gera mjög góða hluti á alþjóðlegum mótum.
www.skak.is: Sumarmót í Vin í dag.

Svartur á leik



Sudoku

LÉTT

		8		5				7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9			7			
4	3	9	6	1				
1			7	9	6			
9			2	5	8			4
			8	3		2		
8	6		4		1	3		

MIDLUNGS

		5		2	6			7
	9			7		6	1	
		8			9			
4				9			2	
	8	9	1				6	
1	3	5						
					2			
						1	8	
5	4	2	8	1				

ÞUNG

							7	2	4
4		6				3		5	
				5					
	5	8	2						6
	4		6						
2				4					
							6		
	2	1	7				9	8	
6		9	5	8					7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

3	7	9	6	1	2	5	8	4	4	1	9	2	8	5	3	6	7	4	6	2	9	5	7	3	1	8
8	1	4	3	7	5	6	9	2	8	6	3	9	1	7	5	2	4	7	8	3	6	1	2	5	9	4
2	5	6	8	9	4	1	3	7	2	5	7	3	4	6	9	8	1	5	9	1	8	4	3	7	2	6
6	9	3	4	2	8	7	1	5	9	7	8	6	5	3	4	1	2	9	1	4	7	2	5	6	8	3
4	8	1	7	5	3	2	6	9	1	2	6	7	9	4	8	5	3	6	3	7	1	8	4	9	5	2
5	2	7	9	6	1	3	4	8	3	4	5	8	2	1	6	7	9	8	2	5	3	6	9	1	4	7
9	6	8	5	3	7	4	2	1	5	8	4	1	7	9	2	3	6	1	4	9	2	7	6	8	3	5
7	3	2	1	4	9	8	5	6	6	9	1	5	3	2	7	4	8	2	7	8	5	3	1	4	6	9
1	4	5	2	8	6	9	7	3	7	3	2	4	6	8	1	9	5	3	5	6	4	9	8	2	7	1

Myndasögur

PONDUS

Það er ekki sjón að sjá þig! Þú vaknar eins og venjulega, van-sæll, sitjandi í stól og þráast við að opna augun. Skiljanlega!

Það eina sem þú manst eftir frá gærkvöldinu er ókunnug kana og kebab. Það eina sem fór samt með þér heim var kebabinn. Og hann var meira að segja orðinn kaldur!

Nú liggur þú og veltir því fyrir þér af hverju þú komir svona fram við þig. Helgi eftir helgi, viku eftir viku!

Verður þetta svona alltaf? Munt þú alltaf vera...

HALTU KJAFTI!

Nei góðan daginn vinur minn, hvernig svafstu?

GELGJAN

... að snappa öllu sem elskan þín gerir.

BARNALÁN

Okei, það er komið að þér!

Ég þarf að gubba.

TÍSKUSÝNING

Í alvöru?

Ekki taka þessu of bókstaflega!

Farið frá öll... nú sýni ég þeim alvöru gasbrunn.

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísí og í Fréttablaðs-appinu

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbi eða beint í gegnum



DACIA DUSTER

Fjór hjóladrífinn, dísil

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

Nú með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá



Verð kr.

3.990.000

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkskyngjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass“ tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða akstursthöfva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

www.dacia.is



BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516



Sigrún Harðardóttir myndlistarkona segist fyrst hafa heillast af hverum í skoðunarferðum æskunnar. Hér stendur hún inni í gagnvirka verkinu Hrynjandi hvera. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fólk þarf nú að fá að leika sér pínulítið að listinni

Í Vasulka-stofu LÍ er að finna gagnvirka verkið Hrynjandi hvera eftir Sigrúnu Harðardóttur. Verkið fæst einkum við þá tónlist sem er að finna í mismunandi hverum og býður áhorfendum að taka þátt.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það getur vissulega boðið upp á athyglisverðar sýningar þegar listasöfn leitast við að vera í náinni samræðu við gesti sína og áhugasvið þeirra hverju sinni. Skemmtilegt dæmi um slíkt er að finna um þessar mundir í Vasulka-stofu Listasafns Íslands þar sem verkið Hrynjandi hvera eftir Sigrúnu Harðardóttur er til sýningar. Sigrún segir að verkið sé upprunalega frá 2004 en hafi svo verið sýnt árið 2006 í Hafnarborg. „Síðan dettur Kristín Scheving um þetta verk einhverjum

árum seinna og sýndi það síðan á Hreindýralandi á Egilsstöðum 2011 og það er í raun hún sem stendur fyrir því að sýna það í Vasulka-stofnunni núna. Hana langaði til þess að það vera með þetta verk um hverina og hljóminn þeirra og taktinn því henni fannst það tala inn í allan þann túrisma sem er inni í safninu þessa dagana.“

Verkið fjallar um mismunandi birtingarmyndir á jarðhitasvæðum og Sigrún segir að það sé í sjálfu sér ekki flókið hvað hafi dregið hana að því að fást við hverina. „Ég er náttúrulega bara alin upp við það að fara og skoða hverina um helgar, ekki ósvipað því og börn sem búa erlendis fara í dýragarðinn. En þar

sem við áttum engan dýragarð hér þá fór fjölskyldan um helgar að skoða annaðhvort fossa eða hver. Ég hugsa að það geti nú margir Íslendingar tekið undir þetta með mér og kannist við þessa bíltúra og ég hef einhvern veginn alltaf verið rosalega heilluð af hverum. Sérstaklega hvað það er mikil tónlist í þessu og maður gerir sér kannski ekki grein fyrir því fyrir en maður prófar að setja mismunandi hveru saman eins og ég gerði í þessu verki. Þá gerir maður sér grein fyrir því hvað það er mismunandi hljómur, hljómfall, tíðni og tónhæð þannig að þetta verður eins og heil hljómsveit þegar þetta er sett saman og það er gaman að leika sér með það.

Ég er alltaf eitthvað að vinna með þetta þema og geri ráð fyrir að gera það áfram þó svo að ég sé ekki með hveraverk í vinnslu akkúrat núna. Síðasta verk með hver sem ég gerði er orðið þriggja ára gamalt en ég er búin að vera að vinna með þetta frá 1995 bæði málverk og vídeó. Þannig að þetta er það stór þáttur af því sem ég fæst við að hverirnir eru komnir til að vera.“

Hrynjandi hvera er gagnvirkt verk og Sigrún segir að gagnvirknin sé vissulega mikilvægur hluti af verkinu. „Ég er með níu þrýstiskynjara og með því að ganga á þeim þá er fólk að breyta upplifun sinni af verkinu. Það er að virkja ákveðnar rásir eða öllu heldur nýtt vídeó í hvert eitt sinn.

Verkið samanstendur af þrjátíu og sjö vídeóum og þar af er eitt sem gengur alltaf á tveimur skjáum. Verkið er keyrt á tveimur skjáum og er í raun stækkanlegt með því að fjölga tölunum en út frá þessum tveimur tölum eru 36 möguleikar á vali eða upplifun. Svona upplifir fólk verkið eftir því hvernig það hreyfir sig í rýminu. Eins getur það sett upp sína upplifun saman af því að það eru þrjár saman um hverja tölvu og því sex manns sem geta í mesta lagi verið að skoða og skapa verkið. Það er svona verið að hugsa um það að fólk fái nú að leika sér pínulítið. Við erum hætt að segja má ekki snerta heldur biðjum fólk um að snerta verkið og taka þátt í að skapa útkomuna hverju sinni.“

Þotan í Hallgrímskirkju

TÓNLIST

Orgeltónleikar

★★★★★

Kári Þormar lék verk eftir Boëllmann, Alain, Hakim, Franck, Langlais og Widor.

Hallgrímskirkja
Sunnudaginn 10. júlí

Einu sinni lék Jerry Seinfeld flugmann risabotu sem var nýsestur í flugstjórnarklefanum. Hann var að fara að fljúga með þrjú hundruð manns. Þá kom í ljós að hann hafði gleymt lyklinum að þotunni heima og gat ekki sett hana í gang. Slíkt gæti auðvitað ekki gerst í raunveruleikanum! Þó hélt ég að ég væri að upplifa einmitt þannig augnablik á tónleikum Kára Þormars organista í Hallgrímskirkju á sunnudaginn. Hann og flettarinn, Björn Steinar Sólbergsson organisti, komu ekki tryllitækinu í gang. Þeir notuðu

einhvern lykil, en hann virkaði ekki. Hljómborð orgelsins var steindautt, það heyrðist ekkert í því. Hafði Kári gleymt rétta lyklinum heima?

Það endaði á því að Björn Steinar hljóp út og gerði eitthvað sem ekki sást; þá kviknaði á orgelinu. Þotan fór í gang!

Fyrst á dagskránni var Suite Gothique op. 25 eftir franska tónskáldið Léon Boëllmann sem var uppi á síðari hluta níttjándu aldarinnar. Þetta er svita í fjórum köflum sem spanna vítt svið tjáningarinnar. Þar er allt frá ofurveikri en innilegri bænastund upp í yfirgengilegar hljómasprengjur. Leikur Kára var frábær. Allt fingra- og fótaspil var hárnákvæmt, skiptingar á milli radda pottþéttar og styrkleikabrigðin markviss. Tólkunin var full af trúarhita, það var í henni ótrúlega smitandi ákefð. Maður fékk gæsa-húð í öflugustu köflunum.


Eitt af því sem er svo áhugavert á orgeltónleikum í Hallgrímskirkju, er að þar heyrir maður tónlist eftir allt önnur tónskáld en venjulega. Oft eru þetta tónsmiðir sem hafa sérhæft sig í orgeltónlist, hafa gjarnan verið organistar sjálfir. Naji Hakim er eitt af þessum tónskáldum. Hann var organisti við Sacré Coeur kirkjuna í París, en varð svo eftirmaður sjálfs Messiaens við Trinité-kirkjuna í sömu borg.

Kári spilaði eftir hann Pange Lingua sem er í sex samhangandi köflum. Það er hugleiðing um sálm eftir Tómas Aquinas. Tónlistin hafði á sér talsvert nýstárlegra yfirbragð en fyrrgreinda verkið, en lét samt vel í eyru. Það var skemmtilegur ferskleiki í henni, hún sýndi þrýðilega margar mismunandi hliðar orgelsins. Tónmálið var leitandi, hljómararnir notalega framandi. Einnig hér var leikur Kára vandaður og hnit-

miðaður, líflægur og þrunginn tilfinningum.

Tilbrigði eftir Jehan Alain við stef eftir Jannequin og Chant de Paix eftir Jehan Langlais voru innhverfari tónsmíðar, sem Kári flutti af smekkvísi og innileika. Prelúdíá, fúga og tilbrigði í h-moll eftir Cesar Franck voru líka ljúf áheyrnar. En Toccata úr Orgelsinfóníu op. 42 nr. 1 eftir Widor var mögnuð. Þar var hraðinn mikill; síendurtekna nótur leiddu upp í brjálæðislegan hápunkt. Leikur Kára var fumlaus, fjórlegur og akkúrat, krafturinn í orgelinu var svo ægilegur að það jafnaðist á við þotu í flugtaki. Í rauninni vantaði bara flugfreyju til að segja manni að spenna beltin og hafa sætisbökina í uppréttri stellingu! **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Griðarlega kraftmiklir tónleikar sem einkendust af fagmennsku og smekkvísi.



Kári Þormar spilaði listavel á þotuna eða öllu heldur orgelið í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/TINNA

ÚTSALA



Fífa 140x200
Nú 6.071 kr. Áður 13.490 kr.

YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



SENDUM FRÍTT ÚR VEFVERSLUN



25-60% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

Bílateppi sem auðvelt er að taka í ferðalagið
Nú 1.134 kr. Áður 1.890 kr.



40% AF ÖLLUM PÚÐUM

Fyrirmynd púði
Nú 2.994 kr. Áður 4.990 kr.

30% AF ÖLLUM LÖKUM



Hvítt lak - 270 þræðir - stærð 90x200
Nú 2.968 kr. Áður 4.240 kr.



25-60% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

Parið hvít m. mosagrænum 140x200
Nú 7.788 kr. Áður 12.980 kr.




Bleikt snyrtiveski 17x26x6cm
Nú 1.194 kr. Áður 1.990 kr.



Refur - hettuhandklæði
Nú 2.594 kr. Áður 3.990 kr.

OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI

 Rauði kross Íslands

Á undanförunum 3 árum höfum við unnið með Rauða krossinum við að safna notuðum flíkum. Þegar barnið þitt er vaxið upp úr sinni stærð hefur þú kost á að koma með flíkina og fá aðra með 20% afslætti.

 Lin
DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

SMÁRA BIÓ HÁSKÓLA BIÓ

ÍSÖLD FVINTÝRIS MIKLA
PAU KOMA MED HVELLI
L

MIKE & DAVE NEED WEDDING DATES
12

FORELDRABIÓ
ANNAN HVERN FÖSTUDAG
KL. 12 Í SMÁRABIÓ

Í beinni
ANDRÉ RIEU
23. júlí í Háskólabíói

INDEPENDENCE DAY
L

CENTRAL INTELLIGENCE
12

GOOD NIGHT MOMMY
16

Sýnd í 3-D og 2-D með íslensku og ensku tali

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BIÓ

miði.is
Miðsala og nánni upplýsingur

ÍSÖLD FVINTÝRIS MIKLA
L

THE INFILTRATOR
16

MIKE & DAVE
12

INDEPENDENCE DAY
L

DÓRU
L

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

THE INFILTRATOR	5, 8, 10:35
ÍSÖLD ISL.TAL	3:50, 5:50
MIKE AND DAVE	8, 10:10
INDEPENDENCE DAY 2	8
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL	3:50, 5:50
WARCRAFT 2D	10:30

SAMBIÓIN SAMBIO.IS

Frá leikstjóranum Steven Spielberg
Stórkostleg ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna
Mark Rylance
Ruby Barnhill
Ólafur Darri

"E.T. fyrir nýja kynslóð"
★★★★★ THE TELEGRAPH
★★★★★ VARIETY
IMDb 7.2 71%

★★★★★ E.M.
★★★★★ VARIETY

Sýnd með íslensku og ensku tali

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
ÍSÖLD 5 ISL.TAL 3D	KL. 5:30
ÍSÖLD 5 ISL.TAL 2D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
THE BFG	KL. 8
THE LEGEND OF TARZAN 3D	KL. 5:30 - 10:20
THE LEGEND OF TARZAN 2D	KL. 5:30
THE LEGEND OF TARZAN 2D VIP	KL. 8 - 10:30
ME BEFORE YOU	KL. 8 - 10:30
FINDING DORY ESKITAL 2D	KL. 8 - 10:20
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 3:10 - 5:40 - 10:20
THE CONJURING 2	KL. 8:10 - 10:40
TMNT 2 2D	KL. 12:30 - 3
THE BFG	KL. 5:40 - 8
THE LEGEND OF TARZAN 3D	KL. 8 - 10:30
ME BEFORE YOU	KL. 10:30
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 5:40
ÍSÖLD 5 ISL.TAL 2D	KL. 8
THE BFG	KL. 10:10
THE LEGEND OF TARZAN 3D	KL. 8 - 10:30

AKUREYRI

THE BFG	KL. 5:30 - 8
THE LEGEND OF TARZAN 3D	KL. 8 - 10:30
ME BEFORE YOU	KL. 10:30
LEITIN AD DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 5:40

KEFLAVÍK

ÍSÖLD 5 ISL.TAL 2D	KL. 8
THE BFG	KL. 10:10
THE LEGEND OF TARZAN 3D	KL. 8 - 10:30

SPARBIÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EDA APPELSINUGULU KR. 950 Á APPELSINUGULTU OG KR. 1250 Á GRÆNT

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?**
Miðvikudagur

hvar@frettablaðið.is

13. JÚLÍ 2016

Uppistand

Hvað? The Minority Report
Hvenær? 21.00

Hvar? Gaukurinn, Tryggvagata 22
Uppistandssýning á ensku. Fram koma Jonathan Duffy og Bylgja Babylons. Miðaverð er 2.000 krónur.

Tónlist

Hvað? Sumarklassík í Safnahúsinu
Hvenær? 20.00

Hvar? Safnahúsið, Húsavík
Sumarklassík í Safnahúsinu er ný tónleikaröð sem tónlistarkonan Lára Sóley Jóhannsdóttir stendur fyrir í samstarfi við Menningar- miðstöð Þingeyinga og verða þrennir tónleikar á dagskrá í júlí og ágúst. Í kvöld koma fram Lára Sóley Jóhannsdóttir á fíflu og píanóleikarinn Dawn Hardwick. Þær flytja breska og íslenska tónlist en á efnisskránni eru verk eftir Graham Fitkin, Edward Elgar, Jón Nordal og útsetningar Atla Heimis Sveinssonar. Miðaverð er 2.000 krónur.

Hvað? R&B í Reykjavík – Auður / Aron Hannes
Hvenær? 20.00

Hvar? Húrra, Tryggvagata 22
Tónlistarmennirnir Auður og Aron Hannes koma fram á Húrra í kvöld. Tónlistarmaðurinn Auður heitir réttu nafni Auðunn Lúthersson og steig fram á sjónarsviðið á síðasta ári og vakti tónlistarmyndband hans við lagið South America athygli á samfélagsmiðlum. Aron Hannes byrjaði að syngja fimm ára og hóf í kjölfar þátttöku í Söngvakeppni framhaldsskólanna að vinna með tónlistarmanninum Loga Pedro. Aron kemur fram með bandi sem er skipað þeim Bergi Einari á trommur, Magnúsi Jóhanni á píanó, Reyni Snæ á gítar og Baldri Kristjáns á bassa. Miðaverð er 1.000 krónur.



Tónlistarmaðurinn Auður kemur fram ásamt Aroni Hannesi á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það verður húllastuð á Eiðistorgi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað? Múlin Jazzklúbbur - Skuggatríó Sigurðar Flosasonar
Hvenær? 21.00

Hvar? Björtuloft, Harpa
Trío saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar leikur tónlist í Björtuloftum í Hörpu. Tónlistin verður á mörkum djass og blús af fyrri plötum Sigurðar í þeim stíl, Blátt ljós og Blátt líf. Einnig verða flutt ný lög og með Sigurði koma fram þeir Þórir Baldursson á Hammond-orgel og Einar Scheving á trommur. Miðaverð er 2.000 krónur.

Hvað? Ewok
Hvenær? 22.00

Hvar? Kaffibarinn
Plötusnúðurinn Ewok þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

Hvað? Houskell
Hvenær? 22.00
Hvar? Prikid
Houskell þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

Sýningar

Hvað? Íslenska teiknibókin
Hvenær? 10.00

Hvar? Flói, Harpa
Íslenska teiknibókin er unnin af fjórum óþekktum listamönnum á tímabilinu 1350-1500 og er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu. Sýning er á öllum fyrirmyndum bókarinnar með útskýringum auk eftirgerða á skinn af nokkrum blöðum handritsins. Sýningarstjóri er Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur en hún hefur rannsakað verkið um áratugaskeið. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Icelandic Sagas: The Greatest Hits
Hvenær? 20.00

Hvar? Norðurljós, Harpa
Íslendingasögurnar eru reifaðar fyrir áheyrendur á ensku. Sýningin stendur yfir í 75 mínútur og eru áhorfendur leiddir í sannleikann um hvernig maður fær konu sína til að hætta að drepa þræla nágrannanna, hvernig skuli bregðast við þegar manni er sagt að stanga rassgarnarenda merarinnar úr tönnum og margt fleira. Miðaverð er 4.900 krónur.

Ljósmyndun

Hvað? Bowie – The Session
Hvenær? 11.00

Hvar? Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Bowie – The Session eftir ljósmyndarann Gavin Evans stendur nú yfir á 4. hæð Esju í Hörpu. Gavin hefur myndað fjölda þekktra andlita á ferlinum. Sýningin var opnuð fyrst í febrúar í Berlín og mun ferðast vítt og breitt um heiminn á árinu. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Þögl leiftur – Ljósmyndasýning Vesturfarasetursins
Hvenær? 11.00
Hvar? Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Þögl leiftur stendur nú yfir á þriðju hæð



Sigurður Flosason tónlistarmaður.

Esju í Hörpu. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum eftir Nelson Gerrard. Flestar myndirnar eru teknar af Íslendingum eða afkomendum þeirra og sýna ljósmyndirnar vel verklag við ljósmyndun á þessum tíma og ýmsa áhuga-verða hluti og muni sem fólk átti til. Miðaverð er 1.500 krónur.

Gjörningar

Hvað? Gjörningar í Tvisöng
Hvenær? 21.30

Hvar? Skaftfell, myndlistarmiðstöð Austurlands
Gjörningarnir Spring's Call of Nature og Ymur þula eftir Styrmi Örn Guðmundsson og Ástu Fanneyju Sigurðardóttur verða fluttir í Skaftfelli í dag. Styrmir stundaði listnám í Amsterdam og hefur í kjölfarið unnið á alþjóðlegum vettvangi bæði í gallerjum og leikhúsi. Hann er maður frásagna og gjörninga auk þess að syngja, búa til hluti og teikna. Hann laðast að hinu fjarstæðukennda. Ymur þula er gjörningur og tónverk þar sem meðal annars er leitast við að hljóðgera mynstur sem notað var við að muna þulur og kvæði. Efniviður verksins er meðal annars raulandi þuluskáld. Viðburðurinn er hluti af Samkomu handan Norðanvindsins og Lunga.

Uppákomur

Hvað? Húllafjör á Eiðistorgi!
Hvenær? 16.30

Hvar? Eiðistorg
Húllafjör á Eiðistorgi í dag. Á staðnum verða hringir fyrir börn og fullorðna. Húlladúllan verður á svæðinu og gefur góð ráð og kennir skemmtileg trix. Kennslan er ókeypis en þeir sem vilja eru hvattir til að setja nokkra aura í söfnunarbauk. Peningarnir fara í áframhaldandi framleiðslu Húlladúllunar á húllahringjum.

Hvað? Mahjong kennslukvöld
Hvenær? 18.00

Hvar? Spilavinir, Suðurlandsbraut 48
Mahjong er eitt af vinsælustu spilum í heimi og er ekkert svipað tölvuleiknum sem margir spiluðu í tölvunni hér á árum áður. Mahjong svipar til rommis og hefur hvert land mismunandi útgáfu af leiknum. Japanska útgáfan nefnist Mahjong Riichi og mun Sigursteinn J. Gunnarsson, áhugamaður um Mahjong Riichi, koma með nokkur sett af spilinu og kenna áhugasömum hvernig bera skuli sig að.

THE OPEN™

14. - 17. JÚLÍ



Golfstöðin



BORGUN



The Open er á Golfstöðinni!

Fylgstu með öllum bestu kylfingum heims á Opna meistaramótinu sem fer fram á The Royal Troon vellinum í Skotlandi.

Hver hreppir einn eftirsóttasta bikar í heimi í einu elsta og virtasta móti heims? The Open - 14. til 17. júlí á Golfstöðinni.

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **365.IS** EÐA Í SÍMA **1817**

365

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Teen Titans Go Bráðskemmtilegir þættir um skrautlegan hóp ofurhetja sem lenda í alls konar sniðugum og spennandi ævintýrum þegar þær eru ekki uppteknar við að bjarga heiminum.
07.50 The Middle
08.15 Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Logi í beinni
11.05 Anger Management
11.30 Dallas
12.10 Catastrophe
12.35 Nágrannar

13.00 Matargleði Evu Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni.
13.25 Hart of Dixie
14.10 Mayday. Disasters
15.00 Hollywood Hillbillies
15.25 Baby Daddy
15.50 Ground Floor
16.20 Jonah. From Tonga
16.45 Teen Titans Go
17.16 Simpson-fjölskyldan
17.39 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Íþróttir
19.10 Vikingalottó
19.15 Friends
19.35 Mom Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
19.55 Besti vinur mannsins Önnur syrpa þessara frábæru þátta þar sem við höldum áfram að kynnst þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til. Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.

20.20 Mistresses
21.05 Bones
21.50 Orange is the New Black Fjórða sýrpan af þessum verðlaunþáttum um Piper Chapman sem lendar í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunþættir.
22.50 You're The Worst
23.20 Person of Interest
00.05 Containmentwv
00.45 Lucifer
01.30 Rita
02.10 Nurse 3D
03.30 Gone in 60 Seconds
05.05 The Middle
05.30 Friends

20.20 Mistresses
21.05 Bones
21.50 Orange is the New Black Fjórða sýrpan af þessum verðlaunþáttum um Piper Chapman sem lendar í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
22.50 You're The Worst
23.20 Person of Interest
00.05 Containmentwv
00.45 Lucifer
01.30 Rita
02.10 Nurse 3D
03.30 Gone in 60 Seconds
05.05 The Middle
05.30 Friends

SPORT

07.30 Leiknir R. - Leiknir F.
10.05 FH - Víkingur Reykjavík
12.00 KR - Víkingur Ólafsvík
13.50 Pepsimörkin
15.25 NBA Roundtable. Stars of the '90s
15.50 Leiknir R. - Leiknir F.
17.30 Markaðþáttur Pepsi deildar kvenna
18.15 Sumarmótin
18.50 Valur - Selfoss
21.00 Goðsagnir - Ingi Björn
21.30 Formúla 1 2016 - Keppni
23.35 Valur - Selfoss

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



BESTI VINUR MANNSINS

Stórskemmtilegir þættir þar sem við fáum að kynnst þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til. Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.

FRÁBÆR
MIÐVIKUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



MISTRESSES

Fjórða þáttaserían af þessum stórskemmtilegu bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við hitt kynið.



BONES

Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknuðu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.

ORANGE IS
THE NEW BLACK

Fjórða serían um Piper Chapman sem lendar í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunþættir.



ÖLL ÞÁTTARÖÐIN ER Á STÖÐ 2 FRELSI!



YOU'RE THE WORST

Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem virðast hafa hitt sálufélaga sína en tíminn leiðir í ljós hvort samband þeirra gengur upp.



LOKAÞÁTTUR



FALLING DOWN

Mögnuð mynd, með Michael Douglas í aðalhlutverki, um Bandaríkjamann sem hefur fengið sig fullsaddan af streitu stórborgarlífsins og gengur af göflunum.



3

NEYÐARLÍNAN

Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögu fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

BÍÓSTÖÐIN


10.00 Vaski grisinn Baddi
11.35 Inside Llewyn Davis
13.20 Avatar
16.00 Vaski grisinn Baddi
17.35 Inside Llewyn Davis
19.20 Avatar Stórbrotin timamótamynd sem gerist í framtíðinni og segir frá Jake Sully, fyrrverandi hermanni sem lamaðist í bardaga á jörðinni og er bundinn við hjólastól og verður sendur til Pandoru, fjarlægs tungls sem er undurfagurt og með stórkostlegt umhverfi sem býr yfir miklum verðmætum í sjaldgæfum málum. Ætlun jarðarbúa er að nýta þessar auðlindir og græða á þeim.
22.00 Falling Down Mögnuð mynd með Michael Douglas í aðalhlutverki um ósköp venjulegan Bandaríkjamann sem hefur fengið sig fullsaddan á streitu stórborgarlífsins og gengur af göflunum. Hann hefur fengið nóg af vinnunni, konunni, dótturinni og umferðarhnútum.
23.55 Two Faces of January
01.35 The Vatican Tapes
03.05 Falling Down

RÚV

17.20 Landinn
17.50 Táknálmáfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Finni kostur
18.22 Sigildar teiknimyndir
18.29 Gló magnaða
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Íslendingar
20.30 Veröld Ginu
21.00 Lukka
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Popp- og rokksaga Íslands
23.20 Doll og Em
23.45 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rules of Engagement
08.20 Dr. Phil
09.00 America's Next Top Model
09.45 Hotel Hell
10.30 Pepsi MAX tónlist
12.05 The Biggest Loser - Ísland
13.10 Dr. Phil
13.50 Black-ish
14.15 Crazy Ex-Girlfriend
15.00 90210
15.45 Grandfathered
16.10 The Grinder
16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Telenovela
20.15 Survivor
21.00 Chicago Med
21.45 Satisfaction
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Blood & Oil
00.35 The Catch
01.20 How To Get Away With Murder
02.05 Chicago Med
02.50 Satisfaction
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.15 The Late Late Show with James Corden
04.55 Pepsi MAX tónlist



Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

GOLFSTÖÐIN

11.35 Inside The PGA Tour
12.00 Golfing World
12.50 Scottish Open
17.00 The Open Championship
22.05 Golfing World
22.55 Champions Tour Highlights

Ertu klár í fríið?

Tékklisti fyrir ferðalagið fæst í næstu verslun Lyfju



Livostin augndropar og Livostin nefúði

- Innihalda levocabastin sem er öflugur og sértækur histamín H1-blokki með langvarandi verkun. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum að verkun Livostin hefst innan 15 mínútna.

Livostin® (levocabastin); nefúði, dreifa 50 mikróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefþólgu og ofnæmistáru-bólgu. **Skömmtun: Nefúði:** 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Augndropar:** 1 dropi í hvort auga tvisvar á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levocabastíni eða einhverju hjálparefnum. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar við notkun Livostin nefúða hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin nefúðinn inniheldur rotvarnarefnið benzalkóníumklóríð og própýlenglykól sem geta valdið ertingu í húð. Benzalkóníumklóríð í augndropunum getur valdið ertingu, blettaglærkuvilla og/eða eitrunarglærkuvilla með sárum auk þess getur það mislitað mjúkar augnlinsur svo varast skal að augndroparnir komist í snertingu við þær. Fjartægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. **Meðganga og brjóstgjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstgjöf. **Áhrif á akstur og notkunar véla:** Gæta skal varúðar við akstur og notkunar véla eftir notkun Livostin augndropa. Aukaverkanir geta haft áhrif á sjón, s.s. augnerting, verkur, bólgja, kláði, roði eða sviði í augum, tárarensli og þokusýn. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega** áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfshafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.



Nicorette lyfjatyggingúmmí

Fæst í fjórum bragðtegundum

- Nicorette Fruitmint
- Nicorette Whitemint
- Nicorette Freshmint
- Nicorette Classic



Pevaryl

Verð frá: 2.122 kr.



PreCold

- Dregur úr líkum á kvefi og styttir tíma kvefeinkenna

Verð: 3.969 kr.



Imodium

Verð: 1.499 kr.

Vertu vel undirbúinn!

Hvort sem þú ætlar að ferðast innanlands eða utan þá er snjallt að byrja fríið í Lyfju. Kiktu við, náðu þér í ferðalista Lyfju og hakaðu í boxin.





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Aðeins
í 10 daga**

Gildir til 23. júlí



Húsasmiðjan fagnar
60 ára afmæli



ÚTSALA Á PALLA

% - 30% - 40% - 50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%

Útsala á pallaefni

- Gæði á betra verði

Húsasmiðjan selur fyrsta flokks AB gagnvarið timbur frá framleiðendum sem nota viðurkennd efni gagnvart umhverfi og heilsu fólks.



Verð frá
271 kr/lm*
~~295 kr/lm~~
45x95 mm.
645600



Verð frá
629 kr/lm*
~~715 kr/lm~~
95x95 mm.
695600



Verð frá
166 kr/lm*
~~185 kr/lm~~
21x95 mm.
621600



Verð frá
189 kr/lm*
~~215 kr/lm~~
28x95 mm.
628600

*Öll tilboð miðast við 4,5 m og styttra

**25%
afsláttur**

1.059 kr/lm
~~1.412 kr/lm~~

Komposit pallaefni 25x150 mm
- nýtt á Íslandi

Umhverfisvænt pallaefni, unnið úr 60% endurunnu timbri og 40% endurunnum plasttrefjum. Sérstaklega slitsterkt. Fáðu tilboð og nánari upplýsingar í Húsasmiðjunni.
601900



Lerki pallaefni
535 kr/lm
~~595 kr/lm~~
27x117

Lerki, harðviður náttúrulega fúavarið. Vinsælt er að láta efnið grána og hafa ómeðhöndlað.
728800



ALLT efni fyrir pallinn á betra verði í Húsasmiðjunni

Undirstöður og steypustöplar fyrir sólpalla og minni garðhús



Verð frá
1.795 kr

Undirstaða fyrir staura
95x95 mm.
5085646



Verð frá
4.401 kr
~~4.890 kr~~

Tilbúnir steypustöplar með járnnum til festingar við tréverk auðveldla uppsetningu á sólpöllum, skjólveggjum og minni garðhúsum.

**10%
afsláttur**

Verð frá
3.143 kr
~~4.490 kr~~

Pappahólkar 3,7 m á lengd
20/25/30 cm í þvermál.
226920/25/30



**30%
afsláttur**

**15%
afsláttur**

Verð frá
1.037 kr
~~1.219 kr~~

Blikkhólkar
20/25/31 cm í þvermál, lengd 75 cm.
227128/29/31



Byggjum á betra verði



Fáðu tilboð!

Við hjálpum þér að efnistaka og gefum þér frábært tilboð í sólpallinn.

Öll viðarvörn og pallaolía
20% AFSLÁTTUR



1.908 kr **3 ltr**

~~2.385~~ kr

Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27

ALLA EFNI

0% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50%

Staurahattar
30% AFSLÁTTUR



Allar skjólgirðingar
30% AFSLÁTTUR

3.423 kr

~~4.890~~ kr

Vilnius skjólgirðing
180x80 cm.
603300

Mikið úrval
Vatnsklæðningar
30% AFSLÁTTUR



Garðborð
30% AFSLÁTTUR

10.493 kr

~~14.990~~ kr

Garðborð
600242




Mikið úrval
Panill
30% AFSLÁTTUR



Allir blómakassar
30% AFSLÁTTUR

Allir Tröppukjálkar
30% AFSLÁTTUR



Rafmagnsnuddpottur
• Sæti: 5-6 manna
• Stærð: 203 x 203 x 91 cm
• Vatnsmagn: 1080 lítrar
• Þyngd tómur: 198 kg
• Nuddstútar: 30 stykki hreyfanlegir
• Hitari: 3 kW
• Dæla: 3 HPR (2070W) tveggja hraða
• Ozone búnaður: innifalinn
Vnr. 8089151/8189150

Amerískir nuddpottar á betra verði

Pottarnir eru til sýnis í Skútuvogi, Grafarholti, Akureyri og Selfossi

835.800 kr

Crossover
730L



Crossover 730L
Sterling White
Espresso panels.



Byggjum á betra verði

www.husa.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Sumar
ÚTSALA

25% AFSLÁTTUR

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

NEPTUN

Borðstofustóll. Eik og krómlappir.

26% AFSLÁTTUR

10.990 kr. ~~14.990 kr.~~

**SALLY**

Hægindastóll PU-leður. Litir: Brandy, brúnn og svartur.

25% AFSLÁTTUR

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~



ÖLL SMÁVARA FRÁ IVV

30% AFSLÁTTUR



Þú finnur útsölubæklinginn á www.husgagnahollin.is



HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
558 1100

Endalaust 365

ENDALOUS GSM

1817 | 365.is

365



Helga Vala var við tókur á Borgarstjóranum síðastliðinn mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Segir ekki nei við Jón

Lögfræðingurinn **Helga Vala Helgadóttir** er einnig menntuð leikkona. Hún hefur ekki mikið leikið á síðustu árum en fer með hlutverk í grínþáttaröðinni Borgarstjóranum. Tökum lýkur í dag.

Jón bað mig um þetta og maður segir ekki nei við Jón," segir leikkonan og lögmaðurinn Helga Vala Helgadóttir en Jóninn sem um er rætt er Jón Gnarr og já-ið vilryði fyrir því að taka að sér hlutverk í grínþáttaröðinni Borgarstjóranum.

Helgu Völu kannast flestir við sem lögmann enda hefur það verið hennar aðalstarf undanfarnin ár. Hún er hins vegar líka menntuð leikkona og lauk prófi frá Leiklistarskólanum vorið 1998 og lék hér á landi og í Bretlandi í tvö ár. Eftir það lá leið hennar í lögfræðina en þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún hefur tekið upp þráðinn fyrir framan tökuvélarnar en hún lék einnig lítið hlutverk í kvikmyndinni Eiðnum eftir Baltasar Kormák, sem skartar þeim Heru Hilmarsdóttur, Gísla Erni Garðarssyni og Baltasar sjálfum í aðalhlutverki.

Helga Vala segir leiklistina blandast vel við lögfræðina og koma að góðum notum. „Þetta er nátegt, ég held að ég græði mjög mikið á leiklistarmenntuninni í lögmenntunni. Bæði það að koma fram en svo líka það að geta sett sig í spor fólks og skoðað hlutina út frá fleiri en einu sjónarhorni," segir hún og bætir við: „Svo fæ ég að fara í búning öðru hvoru og standa fyrir frama áhorfendur í dómsal. Þeir eru tveir eða þrjú eftir því hve dómurinn er fjölskipaður.“

Helga Vala segir það gaman að hafa tók á því að stíga út úr hinum daglega amstri en hún leikur fréttastjóra í þáttaröðinni. Hún er ekki alls kostar ókunn störfum fjölmiðla þar sem hún starfaði á fjölmiðlavettvangi áður en hún hóf nám í lögfræði. „Ég leik fréttastjóra sem

Í AÐALHLUTVERKUM Í BORGARSTJÓRANUM ERU ÞAU JÓN GNARR, HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR OG PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON



ÉG LEIK FRÉTTASTJÓRA SEM SAUMAR ADEINS AÐ BORGARSTJÓRANUM. HANN VIRDIST EKKI ALVEG VERA MED ALLA HLUTI Á HREINU, BLESSAÐUR KÚTURINN.

saumar aðeins að borgarstjóranum. Hann virðist ekki alveg vera með alla hluti á hreinu, blessaður kúturinn," segir Helga Vala og heldur áfram að lýsa karakter sínum: „Ætli hún sé ekki bara nokkuð beinskýtt, eins og fréttastjórar eru.“

Helga Vala segir það gaman að

eiga kost á að taka að sér hlutverk sem þetta, það auðgi lífið og geri það enn skemmtilegra. „Það er svo gaman að smakka fleiri rétti en bara einn og fá að gera alls konar óvænt.“

Í hlutverki borgarstjórans er Jón Gnarr, en líkt og flestir ættu að vita er Jón fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur. Hann var borgarstjóri fyrir hönd Besta flokksins á árunum 2010-2014.

Tökum á þáttaröðinni lýkur í dag en þær hafa meðal annars farið að miklu leyti fram í Ráðhúsinu.

Í öðrum aðalhlutverkum eru Pétur Jóhann Sigfússon og Helga Braga Jónsdóttir. Borgarstjórin er tíu þátta þátta röð sem sýnd verður á Stöð 2 nú í haust.

gydaloa@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördís Zoëga Hjördis hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

MERRILD FJÖLSKYLDAN STÆKKAR

Rauður Merrild 103 er mest selda kaffi á Íslandi, það er miðlungsbrennt úr 100% Arabica baunum.

Merrild Mörk er dökkbrennt malað kaffi og hentar sérstaklega vel ef þú vilt mjólk út í kaffið.

Grænn Merrild er ljósmiðlungsbrennt malað kaffi, úr 100% lífrænum baunum.

Blár Merrild er sérstaklega malað kaffi fyrir pressukönnur, úr lífrænum baunum.

Nú fást Rauður Merrild 103 og lífrænn Grænn Merrild sem kaffibaunir.

Sumarleikur Merrild Vinningar að verðmæti 500.000 kr.

Safnaðu fimm toppum af Merrild kaffipökkum og sendu okkur á „Merrild Sumarleikur 2016“ í pósthólf 10044.

Þú gætir unnið gjafabréf frá Epal að verðmæti 100.000 kr. Einnig verða dregin út 20 gjafabréf frá Epal að verðmæti 20.000 kr. hvert.



Taktu þátt fyrir 25. ágúst.

klippið



Bakþankar

Bjarna
Karlssonar



Var amma glæpon?

Á kreppuárunum flúði ung móðir fátæktarbaslið hér heima og hélt til Kaupmannahafnar. Tveimur drengjum sem hún átti utan hjónabanda kom hún fyrir hjá fólki og hugðist sækja þá þegar hún hefði komið undir sig fótunum. Svo skall á stríð og enginn komst eitt né neitt. Hún kynntist þýskum hermanni sem undirbjó flotta sinn úr her Hitlers og þau urðu par. Eftir mikinn hildarleik fékk hann að stríði loknu vafasóm vegabréf í gegnum dönsku andspyrnuhreyfinguna og saman flúðu þau frá meginlandinu siglandi á skútu suður eftir álfa allt til Norður-Afríku þar sem þýskur liðhlaupi taldi sig hólpinn. Nokkrum árum síðar héldu þau til Bandaríkjanna sem þá var land tækifæranna og bjuggu þar til æviloka. Hún var húsmóðir en hann var rafeindavirki og eftir dauða hans kom í ljós að hann hafði á langri starfsævi gegnt trúnaðarstörfum í þágu bandarískra varnarmála. Þessi kona hét Aðalheiður Stefánsdóttir og var föðuramma mín, hann hét Carl Buthe. Ef þessum flóttamönnum hefði skolað í hendur Útlendingastofnunar hefðu þau verið handtekin, send til baka og aldrei litið á þeirra mál með tilvísun til Dyflinnarsamkomulagsins.

Um og eftir seinna stríð var griðarlegur flóttamannastraumur í álfunni. Í dag minnir ástandið um margt á þá tíma.

Kjarni kristinnar breytni er miskunn og samstaða. Kristnir söfnuðir í landinu hafa ætíð verið miðstöðvar þeirrar viðleitni þótt mörgum hafi þótt yfirstjórn þjóðkirkjunnar misskilja hlutverk sitt á köflum og jafnvel skapa ranglætinu skjól. Nú gengur biskup Íslands fram og vill að kirkjan fari að eðli sínu og reynist skjól hinum skjóllausu. Mikið er það gleðilegt og hressandi. Takk, frú Agnes.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Endalaust 365



NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

*Fylgir með viðdum tilboðsþökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



NEW YORK

STÓRIR DRAUMAR ÞURFA STÓRAR VÉLAR

VERÐ FRÁ
14.999 kr.*

Frá nóvember 2016

NEW YORK — NÝR ÁFANGASTAÐUR Í NÓVEMBER

Tryggðu þér sæti til New York strax í dag og upplifðu gleðina og kraftinn sem einkennir borgina sem aldrei sefur. Í þessari stærstu borg Bandaríkjanna er lífleg listasena, fjölbreytt mannlíf, iðandi næturlíf og auðvitað besta pizzan. Stóra eplið hefur eitthvað fyrir alla. Við elskum New York!



*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgír.

KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS